

skoðun 16

3 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Fólk
Lífið
Endurmenntun






VILTU VERÐA STÍLISTI?
Fatastíll - Litgreining -
Förðun - Fatasamsetning
www.utlit.is



# FRÉTTABLAÐIÐ

Föstudagur
7. september 2012
210. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012




**Heimsækir fagurkera**
*Fréttamaðurinn Sindri Sindrason fer af stað með nýjan lífsstílsþátt.*
**fólk** 34

**Vill verða ráðherra**
*Ragnheiður Elín Árnadóttir ætlar að vinna að sigri Sjálfstæðisflokksins.*
**föstudagsviðtalið** 14



**Nýr kafli hefst í kvöld**
*Ísland mætir Noregi í fyrsta mótsleiknum undir stjórn Lars Lagerbäck.*
**sport** 28 & 30

**veðrið í dag**




**RIGNING** eða slydda norðanlands og sums staðar strekkingsvindur en bjart víða sunnanlands og hægari vindur. Heldur kólnandi.
VEÐUR 4

# Rukkað í öll bílastæði við HÍ og Landspítala

**Varaformaður skipulagsráðs segir gert ráð fyrir gjaldtöku í öll bílastæði við HÍ og Landspítala til að draga úr umferðarþunga við nýjan Landspítala. Byggð í Vatnsmýri minnki umferðarþörf og ein flugbraut hverfi eftir rúm þrjú ár.**

**SKIPULAGSMÁL** Bílanotkun nemenda Háskóla Íslands (HÍ) og starfsfólks Landspítalans þarf að dragast saman sem mótvægisaðgerð við aukinni umferð við nýjan Landspítala. Gert er ráð fyrir gjaldtöku við öll bílastæði í háskólanum, við spítalann og á milli gömlu og nýju Hringbrautar. Þetta segir Hjálmar Sveinsson, varaformaður skipulagsráðs Reykjavíkurbogar.

„Við höfum átt í samræðum við þessa aðila, höfum sett þeim ströng skilyrði og teljum engan vafa á að þetta muni takast,“ segir Hjálmar. Hann segir forsvarsmenn háskólans ekki hafa tekið illa í þessar hugmyndir.

Fréttablaðið greindi í gær frá athugasemdum íbúasamtaka vegna aukinnar umferðar við fyrirhugaðan spítala. Hjálmar segist skilja þær áhyggjur, en hann sé sannfærður um að það takist að stjórna umferð. Miklabrautin beri aðeins ákveðið mikla umferð og hún geti ekki orðið mikið meiri en í dag.

> Þetta er sterk yfirlýsing um að við lítum svo á að flugvöllurinn sé að fara í áföngum
>
> HJÁLMAR SVEINSSON, VARAFORMAÐUR SKIPULAGSRÁÐS

Gísli Marteinn Baldursson, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, segir brýna þörf á að byggja við Landspítalann við Hringbraut. Sú tillaga sem liggi fyrir sé hins vegar fráleit, enda allt of mikið byggingarmagn. „Þetta er rétt staðsetning en röng tillaga.“

Þá sé ekki lengur um viðbyggingu við byggingar að ræða, heldur alveg nýjan spítala.

Hjálmar segir að til lengri tíma litið sé rétt að benda á uppbyggingu í Vatnsmýrinni, en aðeins séu rúm þrjú ár í að hluti flugvallarins fari.

„Það stendur ekkert til annað en það að í endurskoðuðu Aðalskipulagi verði staðið við tímasetningar og norður/suðurbrautin fari árið 2016. Það eru rétt rúm þrjú ár í það. Þetta er sterk yfirlýsing um að við lítum svo á að flugvöllurinn sé að fara í áföngum sem geri það kleift að að byggja í Vatnsmýrinni á næstu tuttugu árum. Það mun minnka umferðarþörf og gefa fleirum kost á að búa miðsvæðis, til dæmis nálægt nýjum spítala.“

Skipulagsráð hefur samþykkt að framlengja frest til athugasemda við tillöguna til 20. september.

**- kóp** **/ sjá síðu 6**



**ÞÚSUND Á BIÐLISTA** Hátt í þrjú þúsund börn sóttu um hjá fimleikadeild Gerplu í Kópavogi í haust en aðeins 1.400 fengu inn. Sum börn hafa þurft að bíða í þrjú ár eftir að komast að. „Það er rosalega jákvætt fyrir greinina hvað margir vilja vera með en það er ekki skemmtilegt þegar sex ára barn kemst ekki að fyrr en það er orðið níu ára,“ segir Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri fimleikadeildar Gerplu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Formaður félags hjúkrunarfræðinga ósáttur við ákvörðun velferðarráðherra:

## Misbýður launahækkun forstjórans

**STJÓRNSÝSLA** Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra hækkaði í síðasta mánuði laun Björns Zoëga, forstjóra Landspítalans, um ríflega fimmtung. Ákvörðunin var tekin í kjölfar þess að Birni barst álitlegt starfstilboð sem hann íhugaði alvarlega að taka.

Greint var frá ákvörðun Guðbjarts í hádegisfréttum Ríkisútvarpsins í gær og vakti hún hörð viðbrögð hjá talsmönnum opinberra launamanna. Elsa B. Friðfinnsdóttir, formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, segir í aðsendri grein í Fréttablaðinu í dag að hjúkrunarfræðingum sé misboðið.

Í sama streng tekur Elín Björg Jónsdóttir, formaður BSRB, sem segist gáttuð á þessum gjörningi. „Við erum með kjararáð þar sem launakjör forstöðumanna ríkisstofnana eru ákvörðuð. Í ljósi þess er dálítið ótrúlegt að ráðherra skuli taka einhliða ákvörðun um breytingar á launakjörum í þessu tilfelli,“ segir Elín Björg.

Þá bendir Elín Björg á að laun flestra opinberra starfsmanna hafi verið lækkuð eftir bankahrun. Sú launalækkun hafi ekki enn verið leiðrétt hjá þorra ríkisstarfsmanna en kjararáð hafi hins vegar ákveðið að draga launalækkanir þingmanna, ráðherra og forstöðumanna ríkisstofnana til baka. Þess vegna komi ákvörðunin nú á óvart.

**- mþl** **/ sjá síður 8 og 16**

Bresku glæpasagnasamtökin:

## Stofna sérstaka Íslandsdeild

**BÆKUR** „Þetta sýnir í raun áhugann á íslenskum glæpasögum,“ segir rithöfundurinn Ragnar Jónasson. Stjórn bresku glæpasagnasamtakanna, Crime Writers Association (CWA), hefur samþykkt stofnun sérstakrar Íslandsdeildar innan samtakanna.



RAGNAR JÓNASSON

Aðeins níu deildir eru innan samtakanna og er Íslandsdeildin sú fyrsta utan Bretlands. Ragnar hefur sjálfur verið meðlimur í CWA í tvö ár og hitti formann samtakanna, höfundinn Peter James, á glæpasagnaráðstefnu í Bristol í vor. „Hann vildi stofna Íslandsdeild, en skandinavískar og íslenskar glæpasögur vekja alltaf meiri og meiri athygli,“ segir Ragnar.

**- fb** **/ Sjá síðu 34**

Vargur á friðuðu fuglasvæði:

## Hundi sigað á mink í Fossvogi

**UMHVERFISMÁL „Notast verður við hunda til að elta minkinn uppi eða reyna að ná honum í gildru,“ segir Arna Schram, upplýsingafulltrúi Kópavogsbæjar. Umhverfisnefnd bæjarins ákvað að láta eyða minki sem ábendingar höfðu borist um að hefðist við í grjótgarði við Fossvoginn.**

**„Á Íslandi er litið á mink sem meindýr og kerfisbundið reynt að halda honum í skefjum. Minkur lifir aðallega á fiski og fuglum en með tilliti til þess að Fossvogurinn er friðlýstur sem mikilvægt búsvæði fugla, er lagt til að honum verði eytt af svæðinu,“ segir umhverfisfulltrúi bæjarins. Meindýraeyðir hefur tekið verkið að sér.**



**- gar**







**SPURNING DAGSINS**



*Eiður, er líf þitt í molum?*

„Nei, líf mitt er heildstætt, svo maður noti stofnanamál, en molakaffi með góðum vinum kórónaði daginn.“

Eiður Svanberg Guðnason, fyrrverandi ráðherra og sendiherra, málfarsrýnir og molaskrifari, birti í gær þúsundasta molann um málfar og miðla á vef sínum.

Nýr veitingasalur á Hrafnistu vígður við hátíðlega athöfn og hlaut nafnið Skálafell:

# Borgarstjórinn skálaði í bjór

**FÓLK** Jón Gnarr borgarstjóri skálaði í bjór við Guðmund Hallvarðsson, stjórnarformann Hrafnistu, þegar nýr veitingasalur dvalarheimilisins var vígður í gær. Salurinn hlaut nafnið Skálafell.

Styr stóð um það í sumar hvort eðlilegt væri að salurinn fengi vínveitingaleyfi. Þó varð úr að lokum að leyfið fékkst og borgarstjórinn baðst afsökunar á seinaganginum við vígsluna í gær.

Fjölmenni var viðstatt athöfnina og þótt boðið hefði verið upp á bjór þá héldu flestir sig við kaffið.

**- hh, sh**



**SKÁL!** Jón Gnarr og Guðmundur Hallvarðsson fengu sér bjór á Hrafnistu. MYND/HUGRÚN HALLDÓRSDÓTTIR

Fasteignir í Reykjanesbæ:

# Tvöfalt meiri sala í ágúst

**FASTEIGNAMARKAÐUR Alls var 21 kaupsamningi þinglýst í Reykjanesbæ í ágústmánuði að því er fram kemur í tölum Þjóðskrár. Heildarvelta var 289 milljónir.**

**Þetta er talsverð aukning frá ágúst í fyrra þegar þrettán kaupsamningum var þinglýst og veltan var 198 milljónir, nær helmingi minni en í ár.**

**Markaðurinn þar í bæ hefur verið að taka við sér að undanförnu, en fyrstu átta mánuði ársins hefur 165 kaupsamningum verið þinglýst fyrir 3.400 milljónir. - þj**

Þyrlan til Evrópu með Norrænu:

# Mistókst að selja þyrluna

**FÓLK Liechtensteinska ævintýramanninum Matthiasi Vogt mistókst að selja þyrluna sem hann hefur auglýst til sölu hér á landi á ferðalagi um Ísland síðustu vikur.**

**Fréttablaðið greindi frá því á laugardag að Vogt hygðist selja þyrluna hér á landi en hann kom til Íslands í lok júlí. Hefur hann ferðast um landið síðan ásamt félaga sínum og vakti meðal annars athygli í Hveragerði þar sem hann tók eldsneyti á þyrluna á bensínstöð Atlantsolíu í bænum.**

**Uppsett verð þyrlunnar er rúmar tuttugu milljónir króna en hún verður nú flutt með Norrænu aftur til Evrópu. - mþl**



**PÚTÍN OG TRÖNURNAR** Einungis fáar trönur fengust til að elta foringjann. NORDICPHOTOS/AFP

Nýjasta uppátæki forseta:

# Pútín hjálpar fuglum að rata

**RÚSSLAND, AP** Vladimír Pútín Rússlandsforseti settist í gær upp í vélknúna svifflugu klæddur hvítum búningi og gerði nokkrar tilraunir til að fá hvítar trönur til að elta sig.

Tilgangurinn er sá að fylgja trönunum, sem hafa ekki alist upp við frelsi, til suðrænni slóða í Mið-Asíu þar sem aðrar trönur eru vanar að dveljast yfir veturinn.

Árangurinn var takmarkaður og loks þurfti Pútín að sinna öðrum erindum. Einhverjir Rússar gerðu grín að þessu og spurðu hvort Pútín væri þá væntanlegur aftur í vor með farfuglunum. **- gb**



**SEKIR** Daniel Arciszewski og Snorri Sturluson ræða hér við verjendur sína, þá Jón Egilsson og Guðmund St. Ragnarsson. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Ofbeldismennirnir duglegir í meðferð

**Tveir menn dæmdir í þriggja og tveggja ára fangelsi fyrir hrottalega innrás og rán á heimili manns í Breiðholti. Bundu hann og kefluðu ofan í baðkari. Játuðu sök að mestu og eru í meðferð í fangelsi. Þolandinn varð fyrir miklu áfalli.**

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi í gær tvo menn, Daniel Arciszewski og Snorra Sturluson, í þriggja og tveggja ára fangelsi fyrir margvísleg afbrot. Þeirra alvarlegast var hrottafengið rán á heimili í Breiðholti fyrir tveimur mánuðum.

Mennirnir voru fundnir sekir um að hafa ruðst inn til rúmlega sextugs manns um miðja nótt og haldið honum þar nauðugum til klukkan ellefu um morgun.

Mennirnir beittu húsráðandann ofbeldi, ýttu honum niður í stól, bundu hann fastan með límbandi og höfðu í hótunum við hann. Þá létu þeir hann skrifa undir skjal þess efnis að hann skuldaði tvímenningunum peninga.

Þeir skipuðu honum að millifæra á sig fé í gegnum heimabanka en þegar honum tókst ekki að tengjast netinu þá ýttu þeir honum ofan í baðkar, bundu hann þar á höndum og fótum með rafmagnssnúru sem þeir festu við blöndunartæki, tróðu upp í hann tusku og límdu fyrir.

Nokkru síðar neyddu þeir manninn til að gefa sér upp leyninúmer á debetkorti hans og tóku tuttugu þúsund krónur út af reikningi hans í hraðbanka. Þá neyddu þeir hann til að millifæra 453 þúsund krónur inn á reikning Daniels og rændu af honum tölvuskjá, kassettutæki, ullarteppi og seðlaveski.

Húsráðandinn hlaut líkamlega áverka og varð fyrir miklu andlegu áfalli, að því er segir í dómnum. Hann gerði kröfu um 3,2 milljónir í bætur frá mönnunum en honum voru hins vegar dæmdar 1.265 þúsund krónur.

Daniel er dæmdur fyrir töluvert fleiri brot, einkum umferðarlagabrot, fíkniefnabrot og þjófnaði.

Mennirnir gengust að langmestu leyti við brotum sínum og taldi dómarinn þá ekki eiga sér neitt annað til málsbóta.

Báðir eiga mennirnir sér brotasögu. Daniel hefur fimm sinnum sætt viðurlögum fyrir umferðarlaga- og fíkniefnabrot. Í janúar var hann sviptur ökurétti í fimm ár en núna er hann sviptur ævilangt.

Snorri hefur hlotið tólf refsidóma frá árinu 1988 og ber sakavottorð hans vímuefnafíkn vitni, eins og segir í dómnum.

Tvímenningarnir hafa sætt gæsluvarðhaldi síðan málið kom upp og hafa verið virkir í meðferðarstarfi á þar til gerðum gangi á Litla-Hrauni. **stigur@frettabladid.is**

Borgarstjórn fundaði á ný:

# Vilja setja á fót öldungaráð

**REYKJAVÍK** Sérstakt öldungaráð, sem fjalla á um málefni eldri borgara í Reykjavík, verður stofnað á næstunni. Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkti þetta á fundi sínum á þriðjudag.

Ráðið á að funda reglulega og vera borgarstjórn til ráðgjafar um málefni eldri borgara. Það verður skipað eldri borgurum og hefur víðtækt samráð við félög og samtök eldri borgara í Reykjavík og aðra þá, sem láta málefni þeirra til sín taka. **- sv**



**AÐALMENNIRNIR** Annþór og Börkur eru ákærðir í málinu ásamt hópi annarra.

Jón Steinar skilar sératkvæði:

# Upptökurnar ekki afhentar

**DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur komist að þeirri niðurstöðu að verjendur sakborninga í líkamsárásarmáli Annþórs Karlssonar og Barkar Birgissonar eigi ekki rétt á að fá afhenta geisladiska með skýrslutökum af sakborningum og vitnum í málinu. Verjanda Barkar voru afhentir diskarnir fyrir misgáning og fóru þá verjendur annarra sakborninga fram á afrit af þeim líka. Því hafnaði héraðsdómur með þeim rökum að slíkar upptökur væru ekki málsskjöl og Hæstiréttur er sammála.**

**Jón Steinar Gunnlaugsson skilar sératkvæði og telur að afhenda beri öll gögn, þar á meðal diskana. - sh**




Yfirvöld gruna Save the Children um aðild að leitinni að Osama bin Laden:

# Hjálparsamtök rekin frá Pakistan

**PAKISTAN** Öllu erlendu starfsfólki hjálparsamtakanna Save the Children hefur verið gert að yfirgefa Pakistan innan tveggja vikna. Engin skýring var gefin á fyrirskipuninni, en fréttaritarar á staðnum telja fullvíst að ástæðuna megi rekja til aðgerðarinnar sem leiddi til dauða Osama bin Laden.



**OSAMA BIN LADEN**

Pakistanskur læknir var handtekinn í kjölfar aðgerðarinnar og sakaður um landráð af þarlendum yfirvöldum. Bandarísk yfirvöld staðfestu í kjölfarið að læknirinn hefði veitt mikilvægar upplýsingar sem leiddu til þess að Osama bin Laden fannst og kröfðust þess að honum yrði sleppt úr haldi.

Nú hefur komið í ljós að læknirinn átti í samskiptum við hjálparsamtökin, og það er talið meginástæða þess að þeim hefur nú verið gert að pakka saman og fara.

Talsmaður Save the Children fullyrðir að læknirinn hafi aldrei þegið laun fyrir störf á vegum samtakanna þótt hann hafi sótt ráðstefnu þeirra skömmu fyrir handtökuna.



**GERT AÐ FARA** Höfuðstöðvar Save the Children í Pakistan kunna að verða mannlausar á næstunni. NORDICPHOTOS/AFP

Fulltrúi Save the Children í London segir að óskað hafi verið eftir formlegum skýringum á brottrekstrinum. Enn væri ekki ljóst hvort þeim yrði leyft að senda annað starfsfólk til Pakistan í stað þess sem þyrfti að fara. **- sh**

# Töfrandi Toyota

## Opnunarhátíð á morgun






7 sæta Prius+ Hybrid



Prius Hybrid



Auris Hybrid



Yaris Hybrid

Á morgun, laugardag, klukkan 12:00 til 16:00 heldur Toyota sína stærstu sýningu til þessa í nýjum og glæsilegum höfuðstöðvum í Kauptúni 6, Garðabæ, þar sem öll þjónusta Toyota er undir sama þaki.

Nýr Prius Plug-in verður frumsýndur auk þess sem Prius+, Auris Hybrid , Yaris Hybrid, Land Cruiser 150 og GT86 verða í aðalhlutverki. Töframaðurinn Einar Mikael heldur svo glæsilega sýningu kl. 15:00, þar með talið magnað atriði sem aldrei hefur sést á Íslandi.

Taktu fjölskylduna með og njóttu dagsins með Toyota. Við tökum vel á móti þér.

Nánari upplýsingar á www.toyota.is
Erum á Facebook - Toyota á Íslandi

5 ÁRA ÁBYRGÐ

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

## GENGIÐ 06.09.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 122,85 | 123,43 |
| Sterlingspund | 195,4 | 196,36 |
| Evra | 154,93 | 155,79 |
| Dönsk króna | 20,792 | 20,914 |
| Norsk króna | 21,054 | 21,178 |
| Sænsk króna | 18,26 | 18,366 |
| Japanskt jen | 1,5649 | 1,5741 |
| SDR | 187,16 | 188,28 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 215,9237

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Könnun ASÍ á þróun raforkukostnaðar landsmanna milli ára:

# Raforkukostnaður hækkar alls staðar

**NEYTENDUR** Raforkukostnaður heimila landsins hefur hækkað nokkuð frá ágústmánuði 2011, að því er fram kemur í könnun sem Alþýðusamband Íslands (ASÍ) lét gera, en þó er nokkur munur milli orku- og dreififyrirtækja.

Miðað við ársneyslu upp á 4.000 kílóvattstundir hefur samanlagt verð á orku, flutningi og dreifingu hækkað mest hjá Rarik dreifbýli/Orkusölunni, um 8,6%, en minnst hjá Norðurorku/Fallorku, um 2,7%.

Á ársgrundvelli er samanlagður kostnaður hæstur hjá Rarik dreifbýli/Orkusölunni, rúmar 90 þúsund krónur, en lægstur hjá Norðurorku/Fallorku, rúmar 60 þúsund krónur.

Sé einungis horft til orkusölunnar kemur í ljós að afar lítill munur er á verði. Orkubú Vestfjarða er ódýrast með rúm 23 þúsund og hæst hjá Orkuveitu Reykjavíkur, um 25.500 krónur.

Í tilkynningu ASÍ með könnuninni er vakin athygli á því að ákveði heimili að skipta um orkufyrirtæki sé líklegt að reikningar berist í tveimur seðlum með tilheyrandi seðilgjaldi. - þj



**RAFORKA** Samkvæmt könnun ASÍ hefur raforkukostnaður landsmanna hækkað nokkuð frá síðasta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Nýjar ásakanir gegn Bush:

# CIA pyntaði óvini Gaddafís

**EGYPTALAND, AP** Bandarískir leyniþjónustumenn létu sér ekki nægja að afhenda Múammar Gaddafí Líbíuleiðtoga andstæðinga hans, sem þeir tóku höndum, heldur pyntuðu þeir suma þeirra.

Þetta kemur fram í skýrslu mannréttindasamtakanna Human Rights Watch með viðtölum við 14 fyrrverandi líbíska andófsmenn.

„Svo virðist sem misþyrmingar á vegum Bush-stjórnarinnar hafi verið miklu víðtækari en áður hefur verið viðurkennt,“ segir talsmaður samtakanna. - gb

# Ríkið í samstarf við nýtt félag um Geysi

**Þótt ríkið standi fyrir utan nýtt félag meðeigenda sinna að Geysisvæðinu fagnar fjármálaráðuneytið félaginu og hyggst gera við það samstarfssamning um uppbyggingu á svæðinu. Sveitarstjóri segir mikilvægt að stefna að sama marki.**

**SKIPULAGSMÁL** „Ein mjóróma rödd gat sagt nei en nú er orðinn til sameiginlegur félagsskapur sem stefnir að sama marki. Ég er mjög ánægð með þetta,“ segir Drífa Kristjánsdóttir, oddviti Bláskógabyggðar, um stofnun sameiginlegs félags eigenda 65 prósenta Geysissvæðisins.

Ríkið á 35 prósent Geysissvæðisins og um árabil voru umleitanir um kaup ríkisins á því öllu. Þær runnu í sandinn eftir hrunið að sögn Drífu og ríkið stendur utan félagsins.

„Reyndar langaði okkur að ríkið tæki þátt og yrði með en það ákvað að sitja hjá. En í fyrradag [á þriðjudag] var mér lofað að gerður yrði samstarfssamningur við þennan félagsskap og ég er auðvitað mjög ánægð með það,“ segir Drífa.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær hyggst hið nýja félag leggja í kostnaðarsama uppbyggingu sem sögð er afar brýn til að bæta aðstöðu til ferðaþjónustu við Geysi. Drífa segir þetta gríðarmikilvægt fyrir Bláskógabyggð og undirstrikar að mjög mikilvægt sé að nú sé kominn farvegur fyrir nauðsynlegar umbætur. „Þetta er algert lykilsvæði fyrir ferðaþjónustu í landinu og okkur er mjög í mun að það sé borin virðing fyrir því og það meðhöndlað á þann hátt sem því ber,“ segir hún.

Elva Björk Sverrisdóttir, upplýsingafulltrúi efnahags- og fjármálaráðuneytisins, segir ráðuneytið fagna því að með nýju félagi meðeigenda ríkisins að svæðinu innan girðingar Geysis verði til vettvangur sem komi sameiginlega fram af þeirra hálfu.

„Ráðuneytið telur mikilvægt að til staðar sé formlegur vettvangur eigenda á svæðinu til að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum ríkis og annarra landeigenda um að bæta ásýnd svæðisins og stuðla að bættu öryggi þeirra sem sækja það heim. Stefnt er að því að setjast fljótlega niður með meðeigendum ríkisins að svæðinu og ræða samstarfið um uppbygginguna þess,“ segir Elva.

Drífa rifjar upp að efnt verði til samkeppni um útlit og hönnun Geysissvæðisins. Vegna þess hversu viðkvæmt það sé megi áætla að skipulagsvinnan taki meira en tvö ár. „Allir þurfa að fá að segja sitt álit og það tekur tíma,“ segir oddvitinn.

gar@frettabladid.is



**Á GEYSISSVÆÐINU** Talið er að allt að 75 prósent erlendra ferðamanna hérlendis heimsæki Geysisvæðið. Fjölmargir eigendur eru að svæðinu og hafa þeir allir nema ríkið stofnað sameiginlegt félag um uppbygginguna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> Reyndar langaði okkur að ríkið tæki þátt og yrði með en það ákvað að sitja hjá.



**DRÍFA KRISTJÁNSDÓTTIR**
ODDVITI BLÁSKÓGABYGGÐAR

Ritstýrir áfram Dagskránni:

# Magnús Hlynur ráðinn á Stöð 2

**FÓLK** Magnús Hlynur Hreiðarsson fréttamaður hefur verið ráðinn til starfa fyrir fréttastofu Stöðvar 2, Vísis og Bylgjunnar. Sem kunnugt er var Magnúsi Hlyni sagt upp sem fréttaritara Ríkisútvarpsins á Suðurlandi á dögunum. Vakti uppsögnin nokkra athygli og var henni meðal annars mótmælt af öllum tíu þingmönnum Suðurkjördæmis í yfirlýsingu og af bæjarráði Hveragerðis.

Magnús Hlynur mun áfram ritstýra Dagskránni, fréttablaði Suðurlands á Selfossi, og fréttavefnum Dfs.is. - mþl



**MAGNÚS HLYNUR HREIÐARSSON**

Ferðamenn í ágúst:

# Flestir komu frá Þýskalandi

**IÐNAÐUR** Fjölgun ferðamanna hér á landi var svipuð í ágúst og hina sumarmánuðina, eða 13,2 prósent.

Um 115 þúsund erlendir ferðamenn fóru frá landinu í ágúst eða um 13.400 fleiri en í sama mánuði í fyrra. Ferðamönnum hefur að jafnaði fjölgað um 8,8 prósent á milli ára frá árinu 2002.

Flestir ferðamannanna voru frá Þýskalandi eða 14,4 prósent. - þeb

## ÁRÉTTING

Við samanburð á fargjöldum með rútu, strætó og flugi, í blaðinu í gær, vantaði þá grundvallarforsendu að verið væri að bera saman ferðalög á milli Reykjavíkur og Akureyrar.



**CLINTON OG OBAMA** Vel fór á með þeim félögum á miðvikudagskvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Obama býr sig undir slaginn:

# Fékk stuðning frá Bill Clinton

**BANDARÍKIN, AP** Bill Clinton, fyrrverandi forseti Bandaríkjanna, hneigði sig fyrir Barack Obama á landsþingi Demókrataflokksins á miðvikudagskvöld.

**„Enginn forseti – ekki ég og enginn forvera minna – hefði getað lagfært að fullu allt það tjón sem hann tók við á aðeins fjórum árum,“ sagði Clinton í mikilli ræðu sinni, þar sem hann bar óspart lof á Obama. Í gær tók Obama svo formlega við útnefningu flokksins sem forsetaefni hans í kosningunum, sem haldnar verða þriðjudaginn 6. nóvember.** - gb

Samningar í Suður-Afríku:

# Samið án aðildar námumanna

**SUÐUR-AFRÍKA, AP** Stjórnendur Lonmin-platínunámunnar í Suður-Afríku hafa gert samning við helstu verkalýðsfélög landsins.

Hvorki verkamennirnir sem starfa í námunni og hafa verið í verkfalli né verkalýðsfélag þeirra eru þó aðili að samningnum. Þeir vilja fá helmingi hærri laun og semja ekki um neitt annað.

Það var við þessa námu sem lögreglumenn urðu 34 verkamönnum að bana seint í ágúst. - gb


## Meðgöngulausnir

Hentar öllum barnshafandi konum og einkum þeim sem glíma við stoðkerfiseinkenni, offitu eða sykursýki.

- Þjálfun: Þri og fim kl. 16:15
- Hefst 24. september – 8 vikur
- Verð kr. 33.800 (eða kr. 16.900 pr. mán.)
- Þjálfari: Linda Gunnarsdóttir sjúkraþjálfari
- Umsjónaraðili: Guðrún Eggertsdóttir ljósmóðir
- Næringarfræðingur: Fjóla Dröfn Guðmundsdóttir



HEILSUBORG
Faxafeni 14 • Sími 560 1010
www.heilsuborg.is


## VEÐURSPÁ



**Ingibjörg Karlsdóttir**
veðurfréttamaður

**HAUSTLEGT**
Veður verður nokkuð haustlegt næstu dagana. Fyrst kólnar heldur í dag og svo gengur lægð yfir landið frá sunnudegi til mánudags með talsverðum vindi og vætu. Í dag verður þó bjart sunnanlands og líklega einnig á morgun.



**Á MORGUN**
Strekkingur með S-ströndinni þegar líður á daginn annars hægari.

**SUNNUDAGUR**
Vaxandi vindur og úrkoma.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 27° |
| Basel | 29° |
| Berlín | 21° |
| Billund | 19° |
| Frankfurt | 24° |
| Friedrichshafen | 24° |
| Gautaborg | 18° |
| Kaupmannahöfn | 18° |
| Las Palmas | 26° |
| London | 26° |
| Mallorca | 30° |
| New York | 28° |
| Orlando | 31° |
| Ósló | 17° |
| París | 27° |
| San Francisco | 21° |
| Stokkhólmur | 16° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Einar Davíðsson einar.davidsson@365.is, Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402: Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is, Elsa Jensdóttir elsaj@365.is, Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is



# FERSKT SUSHI

**BAKKAR**

**Sushi bakki 8 bitar** þessi klassíski
**Soya maki BBQ kjúklingur** - Kjúklingur, kóríander, steiktur hvítlaukur, BBQ sósa
**Soya maki tropical lax** - Lax, mandarínur, kókosflögur, japanskt mæjó

**MEÐLÆTI**

**Ferskt wakame salat**
**Misó súpa**
**Spicy mæjó**

SUSHIGRYFJAN

SUSHI BAKKAR
VERÐ FRÁ
**1.099**

# TILBÚIÐ SUSHI GERÐU ÞAÐ SJÁLFUR



**Kolkrabbi**
Eldaður kolkrabbi til að leggja ofan á nigiri bitana.



**Sushi Ebi**
Elduð rækja til að leggja ofan á nigiri bitana.



**Wakame salat**
Stökkt, bragðgott & hollt salat sem er ómissandi í misó súpuna og með sushi réttunum.



**Sushi sett**
Allt í einum pakka fyrir sushigerðina fiskur, soya og wasabi.




**Edamame**
Soya baunir í belg. Hitið í vatni, látið drjúpa af. Stráið sjávarsalti yfir, berið fram og njótið.




## BLUE DRAGOON KYNNING

í Garðabæ laugardag og sunnudag frá kl. 14 til 18 báða dagana.

DVD KAUPAUKI




KEYPTU 3 VÖRUR FRÁ BLUE DRAGOON OG FÁÐU DVD DISK MEÐ SÝNIKENNSLU UM HVERNIG Á AÐ BÚA TIL SUSHI MEÐ Í KAUPBÆTI*.

*TAKMARKAÐ MAGN, GILDIR Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

## KJÖRKASSINN



*Hefur þú nokkurn tímann unnið í Lottói eða Víkingalottói?*

| | |
|---|---|
| Já | 46,1% |
| Nei | 53,9% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Líst þér vel á að rukkað verði inn á Geysissvæðið í Haukadal til að fjármagna uppbyggingu á svæðinu?*

Segðu þína skoðun á Vísi.is

vísir

Seðlabanki Evrópusambandsins kynnir nýja áætlun sína gegn evrukreppunni:

# Boðar ótakmörkuð skuldakaup

**ÞÝSKALAND** Seðlabanki Evrópusambandsins ætlar að kaupa skuldabréf verst settu evruríkjanna til að knýja fram lækkun á vaxtakostnaði ríkjanna, þannig að þau eigi þá auðveldara með að ráða við afborganir af skuldum sínum.

Á blaðamannafundi í gær sagði Mario Draghi, seðlabankastjóri ESB, að með þessu væri bankinn að standa við fyrri yfirlýsingar um að allt verði gert til að styðja við bakið á evrunni.

„Óttinn við að evran hrynji er ástæðulaus,“ sagði hann.

Christine Lagarde, yfirmaður Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, fagnaði þessum áformum og sagði sjóðinn ætla að leggja fé til verkefnisins, eins og Draghi óskaði eftir.

Draghi sagði að ákvörðun um þetta hefði verið tekin næstum því samhljóða á fundi bankaráðs. Aðeins einn ráðsmanna hefði verið á móti, en hann vildi ekki upplýsa hver það hefði verið.

Þýski seðlabankinn hefur hins vegar ítrekað lýst andstöðu sinni við þessi áform, sem nú hafa verið samþykkt. **- gb**



**MARIO DRAGHI** Seðlabankastjóri Evrópusambandsins á blaðamannafundi í Frankfurt. NORDICPHOTOS/AFP

Hafði 24.500 upp úr krafsinu:

# Ákærður fyrir að ræna 10-11

**DÓMSMÁL Ríkissaksóknari hefur höfðað mál á hendur 27 ára manni sem er gefið að sök að hafa ráðist inn í verslun 10-11 í Grímsbæ í mars síðastliðnum vopnaður skrúfjárni og rænt 24.500 krónum úr sjóðsvélinni.**

**Að því er segir í ákærunni hafði maðurinn hulið andlit sitt og ógnaði starfsstúlku með skrúfjárninu, sem hann lét standa fram úr peysuerminni.**

**Gerð er krafa um að maðurinn endurgreiði 10-11 féð sem hann rændi. - sh**


Má bjóða þér upp í dans?

Nýtt og spennandi námskeið í Heilsuborg fyrir 60 ára og eldri

- Hefst 11. sept. – 4 vikur
- Þri og fim kl. 11:00-12:00
- Verð kr. 12.900




Ef þú ert hress 60 ára eða eldri og finnst gaman að hreyfa þig í takt við tónlist komdu þá og prófaðu **ZUMBA Gold.**

HEILSUBORG
Faxafeni 14 • Sími 560 1010
www.heilsuborg.is


# Erlendir sælkerar vilja íslenska lambið

**Stefnt er á að flytja íslenskt lambakjöt til dýrari erlendra markaða í Sádi-Arabíu, Singapúr, Frakklandi og Sviss. Mikil eftirspurn eftir íslensku gæðakjöti erlendis. Nýsjálenskt lambakjöt flutt til landsins í fyrsta sinn til að mæta skorti.**

**NEYTENDUR** „Við erum að horfa á útflutning til dýrari markaða í Evrópu og Asíu. Svo á íslenska lambakjötið að sjálfsögðu heima í Kanada og við erum að skoða þann möguleika mikið,“ segir Helgi Einarsson, framkvæmdastjóri Íslenskra matvara og ritari Alheimssamtaka matreiðslumanna (WAX).

Helgi segir samtökin farin að starfa með öllum helstu matreiðsluskólum í heiminum og ef íslenskir framleiðendur vilji nálgast erlenda markaði, sé tækifærið núna. Fyrirspurnir vegna íslenskra lambakjöts berist reglulega, meðal annars frá Singapúr, Frakklandi, Sádi-Arabíu og Sviss.

„Erlendir markaðir eru svo stórir og því þarf að einbeita sér að minni og dýrari sælkeramörkuðum,“ segir Helgi.

Íslenskar matvörur ehf. er fyrsta fyrirtækið til að flytja inn erlent lambakjöt til landsins, en sending af nýsjálensku lambakjöti er komin til landsins, að því er fram kom í Bændablaðinu í gær. Helgi segir innflutninginn bæði vera til að bregðast við þeim kjötskorti sem orðið hefur hér undanfarin ár, en einnig til að skoða markaðinn.

„Við ætlum að byrja með dýrari vöðva. Ég finn fyrir áhuga víða á markaðnum á innfluttu kjöti, en það verður að hafa í huga að lambakjötið okkar er þjóðarstoltið, svo það er svolítið öðruvísi farið með það,“ segir hann. „En þjóðernistilfinningin gerir það að verkum að þegar erlent kjöt er á markaðnum ýtir það undir bæði gæði og verð á innlendu hráefni og það er jákvætt.“



**EFTIRSÓTT FJALLALAMB** Íslenskir lambakjötsframleiðendur fá ítrekað fyrirspurnir frá erlendum sælkeramörkuðum vegna íslensks lambakjöts. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> Erlendir markaðir eru svo stórir og því þarf að einbeita sér að minni og dýrari sælkeramörkuðum.
>
> **HELGI EINARSSON**
> FRAMKVÆMDASTJÓRI WAX

Magnús Freyr Jónsson, framkvæmdastjóri Sláturhúss KVH á Hvammstanga, tekur undir orð Helga og segir fyrirspurnir tíðar um betra íslenskt lambakjöt erlendis frá. Mest sé þó verið að flytja út aukaafurðir sem ekki er hægt að koma í verð hérlendis.

„Það koma fyrirspurnir og hafa gert lengi, það vantar alltaf alls staðar sömu bitana,“ segir hann. „Við erum ítrekað beðnir um þá. En staðan á evrópskum mörkuðum er slæm, svo útflutningur er erfiður.“

Sláturhús KVH hefur flutt gæðakjöt til sælkerakeðjunnar Whole Foods í Bandaríkjunum og eftir helgi fer fyrsta sendingin til Kanada. „Þar er varan seld sem íslenskt gæðakjöt,“ segir Helgi. „Við gætum flutt miklu meira til Ameríku, það er endalaus eftirspurn. En okkar aðalmarkaður er samt sem áður sá íslenski. Hann er enn þá verðmætastur.“

**sunna@frettabladid.is**


GILDIR FÖSTU- & LAUGARDAG
48 TÍMA OFURTILBOÐ

HLAÐANLEG
KRAFTMIKIL



Electrolux
ZB-2806 UniRapido léttryksuga
Kraftmikil léttryksuga, hlaðanleg og án snúru. Mótordrifið munnstykki með bursta sem snýst tryggir frábæran árangur, jafnvel á teppum, parketi eða flísum. Hleðsla endist í 20 mínútur. Frábær heimilishjálp á áður óséðu verði!
Fullt verð 18.990

14.790
SPARAÐU 4.200

Rafha
Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
Sími 5880500 www.rafha.is





DVD VERÐ AÐEINS 1.998 KR

nettó
Kræsingar & kostakjör

KOMINN Í NETTÓ!


Samgöngustjóri segir of mikið ónæði af leigubílamiðstöð við Mæðragarðinn:

# Leigubílaskýli ekki aftur í Lækjargötu

**SAMGÖNGUR** „Það hefur ekki staðið til boða hjá borginni að setja þetta skýli niður við Mæðragarðinn aftur,“ segir Ólafur Bjarnason, samgöngustjóri í Reykjavík.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær eru leigubílstjórar ósáttir við að biðskýli fyrir leigubílafarþega sem lengi stóð neðan við Mæðragarðinn í Lækjargötu var flutt á mót Hafnarstrætis og Tryggvagötu fyrir um þremur árum. Ólafur segir það rétt hjá leigubílstjórum að nýja staðsetningin hafi ekki verið góð. „Skýlið virkaði aldrei þar sem það var sett niður,“ játar Ólafur. „Það var aldrei mikill áhugi hjá taxa að það virkaði, svo ég segi það hreint út.“

Að sögn Ólafs er umrætt skýli ekki lengur í notkun sem slíkt þótt það standi enn á sama stað. Nú hafi leigubílar hins vegar tækifæri til að taka upp farþega á nóttunni þar sem strætisvagnar stöðva við Lækjartorg á daginn. „Ég veit ekki betur en það gangi en þar er ekki skýli, það er kannski vandinn, en ég hef ekki fundið fyrir kvörtunum frá öðrum en leigubílstjórunum,“ lýsir Ólafur stöðunni.



## Vilja fá leigubílaskýli í Lækjargötuna aftur

**Leigubílstjórar segja veifandi farþega um allar götur skapa hættu sem minnka mætti með því að setja að nýju upp biðskýli í Lækjargötu. Borgarfulltrúar eru sagðir hafa takmarkaðan skilning á málinu og útskýringar þeirra furðulegar.**

**SAMGÖNGUR** „Fólk getur beðið í þessu skýli í marga sólarhringa án þess að fá leigubíl,“ segir Jóhann Sigfússon, formaður Bifreiðastjórafélagsins Átaks, um safnskýli fyrir leigubílafarþega í Hafnarstræti.

Haustið 2009 var safnskýlið, sem þá hafði um langt árabil staðið í Lækjargötu, flutt á núverandi stað. Þar á fólk að safnast í röð til að fá leigubíl á nóttunni um helgar. Á árinu 2010 gekk Jóhann ásamt leigubílstjóranum Árna Arnari Óskarssyni á fund fulltrúa borgarinnar til að ræða þessa breytingu sem þeir töldu afar misráðna.

„Þeir sögðust vera búnir að átta sig á að þetta væru mistök en báru við peningaskorti þegar við báðum um að skýlið yrði flutt aftur í Lækjargötu. Borgin virðist enn ekki telja sig hafa efni á að færa skýlið en hefur á sama tíma peninga til að hefja strætisvagnaferðir til Akureyrar,“ segir Jóhann.

Núverandi staðsetningu skýlisins segja þeir Jóhann og Árni, sem báðir aka hjá BSR, óhentuga vegna aðkomunnar að því. „Við náum aldrei að keyra alla leið um miðbæinn að þessu skýli án þess að taka upp farþega,“ segir Jóhann og útskýrir þannig hvers

**FARÞEGARÖÐIN Í LÆKJARGÖTU** Leigubílstjórar segja það bæði tímafrekara og hættumeira að koma næturgestum miðborgarinnar til síns heima eftir að þetta skýli var flutt úr Lækjargötu í Hafnarstræti. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

> Fólk getur beðið í þessu skýli í marga sólarhringa án þess að fá leigubíl.
>
> JÓHANN SIGFÚSSON

„Þegar skýlið var við Lækjargötu höfðum við þá reglu að aka ekki um Sóleyjargötu og Fríkirkjuveg með laus-skiltið uppi á nóttunni til þess að fólk væri ekki að reyna að ná bílum þar. Við vorum búnir að ...

Ólafur segir að þótt það hafi hentað umferð leigubíla vel að hafa biðskýlið við Mæðragarðinn eigi skýlið ekki afturkvæmt þangað. „Þar voru bílarnir mjög fljótir að komast út úr bænum aftur en ónæðið var mikið og margar kvartanir úr í nágrenninu. Niðurstaðan varð að borgaryfirvöld vildu ekki hafa þetta þar,“ segir samgöngustjórinn. **- gar**

**FRÉTTABLAÐIÐ Í GÆR**
Leigubílstjórar segja að fljótlegra og öruggara hafi verið að flytja næturgesti úr miðbænum þegar biðskýli var í Lækjargötu.

# Ekki missa af þessu!

## Einstakt tækifæri til að eignast nýlegan bíl á frábæru verði!

## Seljum nýlega lítið ekna bíla á frábæru verði.

**Erum í samningsstuði alla helgina!**

### Eftirtaldir bílar verða seldir:

Suzuki Swift
Toyota Corolla Verso
Suzuki Grand Vitara
Skoda Octavia
VW-Golf
VW-Polo
Nissan Qashqai
Nissan X-Trail

ofl. ofl.

**Einnig úrval uppítökubíla af ýmsum gerðum**

**Allir bílarnir eru ástandskoðaðir**

Frumherji

Kynntu þér bílafjármögnun Landsbankans.
landsbankinn.is 410 4800

Verðdæmi:

**Nissan Qashqai+2**
árgerð 2012
**Nývirði kr. 5.990.000**



**Okkar verð kr. 5.190.000**

**Nissan Qashqai**
árgerð 2011



**Viðmiðunarverð kr. 4.590.000**
**Okkar verð kr. 3.950.000**

**Landrover Defender**
árgerð 2012
**Nývirði kr. 10.200.000**



**Okkar verð kr. 8.490.000**

**Hundai IX-35**
árgerð 2011



**Viðmiðunarverð kr. 4.690.000**
**Okkar verð kr. 3.990.000**

**Toyota Corolla Verso**
árgerð 2008



**Viðmiðunarverð kr. 2.190.000**
**Okkar verð kr. 1.690.000**

**Nissan XTrail**
árgerð 2011



**Viðmiðunarverð kr. 5.490.000**
**Okkar verð kr. 4.900.000**

ÁTAK
CAR RENTAL
Síðan 1979

Bílarnir verða til sýnis og sölu í höfuðstöðvum okkar að Smiðjuvegi 1, Kópavogi, sem hér segir:

| | | |
|---|---|---|
| föstudaginn | 7. september, | kl. 13.00–19.00 |
| laugardaginn | 8. september, | kl. 10.00–17.00 |
| sunnudaginn | 9. september, | kl. 12.00–17.00 |

Átak bílaleiga - Smiðuvegi 1 - Kópavogi - Sími 554 6040 - www.atak.is

## VEISTU SVARIÐ?



1. Um hversu mörg prósent jókst sala á íslensku smjöri í ágúst sé miðað við sama tíma í fyrra?
2. Hvað heitir forseti Egyptalands?
3. Hver leikstýrir kvikmyndinni Ávaxtakörfunni?

**SVÖR:**

1. Um 20% 2. Mohammed Morsi 3. Sævar Guðmundsson

Norðmenn flykkjast sem aldrei fyrr til Svíþjóðar til að gera ódýrari innkaup:

# Kaupa fyrir milljarða í Svíþjóð

**NOREGUR** Metfjöldi Norðmanna ferðast nú yfir til Svíþjóðar til að kaupa inn á lægra verði. Þetta sýna nýjar tölur norsku hagstofunnar.

Norðmenn hafa undanfarið ár eytt tæpum tólf milljörðum sænskra króna, eða 216 milljörðum íslenskra króna, í sænskum verslunum og er nú svo komið að fimm prósent allra innkaupa Norðmanna eru gerð í Svíþjóð. Dagsferðum frá Noregi til Svíþjóðar fjölgaði um fjögur prósent undanfarið ár.

„Verðmunurinn milli Noregs og Svíþjóðar á vinsælum vörum eins og áfengi, tóbaki, súkkulaði og öðru sælgæti er hættulega mikill,“ segir Thomas Angell hjá samtökum verslunar og þjónustu í Noregi. Hann hvatti stjórnvöld til þess að hækka ekki skatta á þessum vörum í næstu fjárlögum.

Þá segir hann viðskipti yfir landamærin hafa slæm áhrif í landinu. „Þetta leiðir til uppsagna í verslunargeiranum. Því miður bendir allt til þess að viðskipti yfir landamærin muni halda áfram að blómstra á meðan fólk getur sparað mikið á því að versla í Svíþjóð. Stjórnmálamenn þurfa að taka þessi viðskipti alvarlega.“ **- þeb**



**ÓSLÓ** Norðmenn fara í auknum mæli yfir til Svíþjóðar til að sinna innkaupum.

Aukning í sölu þorsks og ýsu:

# Frakkar kaupa meira af fiski

**VIÐSKIPTI** Um 127 prósentum meira seldist af ferskri ýsu frá Íslandi til Frakklands fyrstu sjö mánuði ársins en á sama tímabili í fyrra. Tæpum 50 prósentum meira seldist nú af þorski en í fyrra.

Frakkar kaupa sem fyrr mest af ferskum þorski, um helmingi meira en Bretar, sem kaupa næstmest. Bretar kaupa þó mest af ferskri ýsu.

Útflutningsverðmæti á þorskinum nam 12,4 milljörðum króna á fyrstu sjö mánuðum ársins og 3,4 milljörðum á ýsu. **- þeb**



**PAULINE MAROIS** Leidd af sviði í lögreglufylgd. NORDICPHOTOS/AFP

Aðskilnaðarsinnar unnu sigur:

# Skugga varpað á sigurfagnað

**KANADA, AP** Byssumaður klæddur bláum slopp varpaði skugga á sigurfagnað aðskilnaðarsinna í Quebec í fyrrakvöld. Hann tók upp byssu sína, myrti einn og særði annan þegar Pauline Marois, nýkjörinn forsætisráðherra í Quebec, var að halda sigurræðu sína á kosningavöku Flokks Quebec-búa.

Flokkurinn hlaut tæplega 31 prósent atkvæða í þingkosningum á þriðjudag, sem tryggði honum 54 þingsæti. Frjálslyndi flokkurinn, sem farið hefur með stjórn í fylkinu, hlaut einnig um það bil 31 prósent en aðeins fimmtíu þingsæti.

Ólíklegt þykir að sigurvegararnir muni fylgja eftir því kosningaloforði sínu að stofnað verði sjálfstætt ríki í Quebec, enda hafa þeir ekki til þess þingmeirihluta. **- gb**

**AKUREYRI**

### Hamingjuóskir frá bæjarráði

Bæjarráð Akureyrar hefur óskað kvennaliði Þórs/KA í knattspyrnu innilega til hamingju með Íslandsmeistaratitil. „Titillinn er sá fyrsti sem félagið vinnur í kvennaknattspyrnu í meistaraflokki og kemur hann á sjálfu 150. afmælisári Akureyrarkaupstaðar.“

# Launahækkun forstjóra LSH vekur hörð viðbrögð

**Velferðarráðherra ákvað nýverið að hækka laun forstjóra Landspítalans um ríflega fimmtung án samráðs við kjararáð. Þannig var brugðist við álitlegu starfstilboði sem forstjórinn hafði til alvarlegrar íhugunar.**

**STJÓRNSÝSLA** Sú ákvörðun Guðbjarts Hannessonar, velferðarráðherra, að hækka laun Björns Zoëga, forstjóra Landspítalans, hefur vakið hörð viðbrögð meðal fulltrúa opinberra launamanna. Formaður BSRB segist gáttaður á ákvörðuninni og formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga segir að sér sé misboðið.

Greint var frá því í hádegisfréttum Ríkisútvarpsins í gær að Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra hefði í síðasta mánuði hækkað mánaðarlaun Björns um 450 þúsund krónur í 2,3 milljónir á mánuði.

Þá var haft eftir Guðbjarti í fréttinni að Birni hefði á dögunum verið boðin staða forstjóra stórs spítala í Svíþjóð og að í því tilboði hefði falist veruleg launahækkun. Mun Björn hafa látið yfirmenn sína vita af tilboðinu sem hann íhugaði alvarlega. Brást þá ráðherra við á fyrrgreindan hátt; hækkaði laun Björns. Loks sagði Guðbjartur að hann hefði tekið ákvörðunina einn og bæri á henni pólitíska ábyrgð.

„Ég er alveg gáttuð á þessum gjörningi. Við erum með kjararáð þar sem launakjör forstöðumanna ríkisstofnana eru ákvörðuð. Í ljósi þess er dálítið ótrúlegt að ráðherra skuli taka einhliða ákvörðun um breytingu á launakjörum í þessu tilfelli. Ekki síst þar sem inni á Landspítala eru flestir starfsmenn mjög hæfir í starfi og nánast ómissandi,“ segir Elín Björg Jónsdóttir, formaður BSRB, um ákvörðun Guðbjarts.

Elín Björg bendir þar að auki á að starfshlutfall flestra opinberra starfsmanna hafi verið skert og laun þeirra lækkuð á síðustu árum. Þær breytingar hafi ekki verið leiðréttar hjá flestum ríkisstarfsmönnum þrátt fyrir að kjararáð hafi ákveðið að sambærilegar skerðingar skyldu ganga til baka hjá þingmönnum, ráðherrum og forstöðumönnum ríkisstofnana. Í ljósi þessa komi ákvörðun ráðherra nú aftan að sér.

Elsa B. Friðfinnsdóttir, formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, segir í aðsendri grein í Fréttablaðinu í dag að hjúkrunarfræðingum sé misboðið vegna ákvörðunarinnar sem sé tekin á sama tíma og skorið sé gegndarlaust niður í þjónustu við sjúklinga.

Þá segir hún enn fremur í greininni að svo mikil eftirspurn sé eftir hjúkrunarfræðingum í Noregi að allir íslenskir hjúkrunarfræðingar gætu fengið þar starf á betri launum en bjóðast á Íslandi. **magnusl@frettabladid.is**



**LANDSPÍTALINN** Björn Zoëga var ráðinn forstjóri Landspítalans í september 2010. Hann hafði þá gegnt starfinu í forföllum Huldu Gunnlaugsdóttur, forvera hans, í tæpt eitt ár. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> Ég er alveg gáttuð á þessum gjörningi. Við erum með kjararáð þar sem launakjör forstöðumanna ríkisstofnana eru ákvörðuð.
>
> **ELÍN BJÖRG JÓNSDÓTTIR** FORMAÐUR BSRB



**ELÍN BJÖRG JÓNSDÓTTIR**



**GUÐBJARTUR HANNESSON**



**BJÖRN ZOËGA**



**ELSA B. FRIÐFINNSDÓTTIR**

Föndurlist











**Höfum opnað glæsilega Föndurverslun í Holtagörðum**

**Opið virka daga 11-18 og laugardaga 11-15 • sími 553-1800 • www.fondurlist.is**

markhonnun.is

# nettó
Kræsingar & kostakjör

Tilboðin gilda **6 - 9.** sept.

## GRÍSABÓGUR
FERSKUR



32% AFSLÁTTUR

**598**

ÁÐUR 879 KR/KG

# BESTU TILBOÐIN **Í NETTÓ**

## GRÍSAHAKK
GOÐI



**958**

ÁÐUR 1.198 KR/KG

## GRÍSASNITSEL
BAUTA BÚRIÐ



**1.198**

ÁÐUR 1.498 KR/KG

## GRÍSAGÚLLAS



**1.198**

ÁÐUR 1.498 KR/KG

BAUTA BÚRIÐ

GRÆNMETI VIKUNNAR

50% AFSLÁTTUR



**230**

## BLÓMKÁL
ÍSLENSKT

ÁÐUR 459 KR/KG

## GRÍSAHNAKKI
BEINLAUS

BAUTA BÚRIÐ



**1.294**

ÁÐUR 1.598 KR/KG

## NAUTAÞYNNUR
FERSKAR




**1.792**

ÁÐUR 2.298 KR/KG

**www.netto.is** | Mjódd · Salavegur · Hverafold · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |
Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

# Óttast mengun á framkvæmdatíma

**Borgarfulltrúi segir ekkert hugað að þeim miklu jarðvegsflutningum sem framkvæmdir við nýjan Landspítala útheimta. Deilir áhyggju íbúa af varanlegri umferðaraukningu. Skipulagstillaga gangi gegn forsögn skipulagsráðs.**

**SKIPULAGSMÁL** Gísli Marteinn Baldursson, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, segir áhyggjur íbúa vegna aukinnar umferðar við nýjan Landspítala réttmætar. Furðulítil grein hafi verið gerð fyrir umferðaraukningunni og ráðstafanir til að reyna að takmarka þær séu ekki nógu sannfærandi.

„Þetta rosalega byggingarmagn dregur náttúrulega til sín mun meiri umferð en ef við myndum byggja hóflega við spítalann eins og ég hef lagt til.“ Gísli bendir á að bílastæðahúsin, sem tillagan gerir ráð fyrir, séu ein og sér á stærð við tæplega tvo Borgarspítala. Hann telur hins vegar að byggja eigi við spítalann á Hringbraut, en hugmyndin geri ráð fyrir allt of miklu byggingarmagni.

Hjálmar Sveinsson, varaformaður skipulagsráðs, segir að aukinni umferð við spítalann verði mætt með því að draga úr umferð við Háskóla Íslands (HÍ) og hjá starfsmönnum Landspítalans. Gert sé ráð fyrir að gjaldskylda verði í öll bílastæði við þessar stofnanir, sem og bílastæði á milli gömlu og nýju Hringbrautar.



GÍSLI MARTEINN BALDURSSON



HJÁLMAR SVEINSSON

Hjálmar bendir á að um sextíu prósent nemenda við HÍ komi á einkabílum og ef takist að minnka það í fimmtíu prósent, sem væri engu að síður mjög mikið, mundi draga verulega úr umferð um Miklubraut. En hvað með aðra háskóla, svo sem Háskólann í Reykjavík (HR)?

„Við viljum líka vinna að því að þar verði gjaldskylda. Við teljum það ófært og tímaskekkju að hafa þetta gríðarlega flæmi ókeypis bílastæði við HR.“

Gísli segir einnig að engar aðgerðir hafi verið kynntar til mótvægis við þá miklu umferð sem verði á framkvæmdatímanum, en hann geti staðið í mörg ár.

„Þetta eru náttúrulega svakalegar framkvæmdir og ég veit ekki hversu mörgum tonnum af rúmmetrum verður mokað upp og ekið burt, eða hvaða leið á að fara með þá. Það þarf að koma í veg fyrir að ryk fjúki við flutninga og úr grunninum yfir íbúa Hlíðahverfis, nóg er nú samt um svifrykið þar.“

kolbeinn@frettabladid.is

## Gegn forskrift skipulagsráðs

Gísli Marteinn segir að í forskrift skipulagsráðs hafi verið lögð áhersla á að ásýnd gamla Landspítalans, sem Guðjón Samúelsson teiknaði, héldist óbreytt. Þá hafi verið gert ráð fyrir óbreyttri ásýnd að HÍ frá gömlu Hringbraut, enda séu menningarverðmæti fólgin í henni og ásýndin dæmi um borgarskipulagshugmyndir í kringum 1930.

Tillagan geri hins vegar ráð fyrir því að byggingu verði komið fyrir ofan á götunni sem gangi þvert gegn forskrift ráðsins. „Setja á meðferðarhús beint ofan á Gömlu-Hringbraut, en það er alveg óljóst hvers vegna. Það fer fyrir framan gömlu byggingu Guðjóns Samúelssonar svo hún hverfur alveg.“



**LANDSPÍTALINN** Gísli Marteinn Baldursson segir að í forsögn skipulagsráðs hafi verið gengið út frá því að ásýnd gamla Landspítalans héldist óbreytt. Freklega væri gengið gegn því í tillögunum.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM





WOW ferðir bjóða upp á einstaka ferð til Berlínar á WOW verði. Borgin verður sífellt meira spennandi með öllum sínum veitingastöðum, bjórkjöllurum, tónleikum og hámenningu.

Innifalið er flug með sköttum, hótel með morgunverði í 4 nætur og einstaklega áhugaverð gönguferð.

Verð á mann í tvíbýli: **59.500 kr.**

Nánari upplýsingar á wowferdir.is og í síma 590 3000

wowferdir.is WOW FERÐIR



## Hlustaðu á Dísu ljósálf og Alfinn álfakóng á Vísi

Á Vísi er hægt að horfa á myndskreyttan upplestur úr þessum sígildu ævintýrum.




Ævintýrið um Dísu ljósálf kom fyrst út á íslensku árið 1928 í þýðingu Árna Óla og hefur margsinnis verið endurprentað. Dísa ljósálfur er ein klassískra sagna hollenska meistarans G.T. Rotman, sem fylgt hafa íslenskum börnum í tugi ára.

vísir



www.volkswagen.is




Volkswagen Passat EcoFuel

## Ratvís og víðsýnn

Til viðbótar við ríkulegan staðalbúnað í Volkswagen Passat Comfortline Plus er nú fullkomið leiðsögukerfi með Íslandskorti ásamt bakkmyndavél.

Nú á enn betra verði

Das Auto.

Komdu og reynsluaktu Volkswagen Passat

Reynslan er góð!

Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt

HEKLA






DIDRIKSONS REVERT JR HÚFA

3.590 KR.



DIDRIKSONS TIGRIS REGNGALLI
Stærðir 120–170

9.490 KR.



DIDRIKSONS TIGRIS REGNGALLI
Stærðir 120–170

9.490 KR.



DIDRIKSONS VONZO PEYSA
Stærðir 130–170

4.990 KR.

PIPAR\TBWA • SÍA • 122282



DIDRIKSONS MICHI ÚLPA
Stærðir 130–170

17.990 KR.



DIDRIKSONS ALPI FLÍSBUXUR
Stærðir 130–170

3.990 KR.



DIDRIKSONS JUSTIN ÚLPA
Stærðir 130–170

17.990 KR.



DIDRIKSONS VEGA HÚFA

3.590 KR.



VIKING BILLY GÚMMÍSTÍGVÉL
Stærðir 29–47

Verð frá 6.990 KR.



VIKING KUNTO GÚMMÍSTÍGVÉL
Stærðir 24–47

Verð frá 9.990 KR.

**Leitaðu ráða hjá okkur.** Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.–föstud. 8–18 • laugard. 10–16 • **ellingsen.is**

**Ellingsen**
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA




Innovit semur við Samtök atvinnulífsins og Marel:

# Keppt í snilldarlausnum

**VIÐSKIPTI** Nýsköpunar- og frumkvöðlasetrið Innovit hefur endurnýjað samstarf sitt við Samtök atvinnulífsins og Marel. Munu aðilarnir áfram standa að hugmyndasamkeppninni Snilldarlausnum sem haldin hefur verið síðustu þrjú ár. Þátttakendur í keppninni fá það verkefni að búa til sem mest virði úr einföldum hlut en keppnin er ætluð fyrir framhaldsskólanema.

Árið 2009 þurftu þátttakendur að búa til verðmæta hluti úr herðatrjám, árið eftir úr pappakassa og í fyrra úr dósum. **- mþl**



**VERÐLAUNUÐ FYRIR SNILLD** Katrín Jakobsdóttir, menntamálaráðherra, afhenti þátttakendum í Snilldarlausnum verðlaun árið 2009.



**TJALDSTÆÐIÐ ÞAR SEM FJÖLSKYLDAN HAFÐI GIST** Franska lögreglan hafði í nógu að snúast en hafði engar vísbendingar um ástæðu morðanna. NORDICPHOTOS/AFP

# Faldi sig undir líki mömmu sinnar í 8 tíma

**Bresk fjölskylda fannst myrt í bifreið í frönsku Ölpunum, þar sem hún var á ferðalagi. Fjögurra ára stúlka lá í átta tíma hreyfingarlaus í felum undir líki móður sinnar. Systir hennar fannst illa særð.**

**FRAKKLAND, AP** Átta klukkustundir liðu áður en franska lögreglan áttaði sig á því að fjögurra ára stúlka væri á lífi í bifreið, sem fannst í frönsku Ölpunum síðdegis á miðvikudagskvöld, skammt frá þorpinu Chevaline.

Í bifreiðinni voru þrjár látnar manneskjur, einn karlmaður og tveir kvenmenn, að öllum líkindum foreldrar hennar og amma, en fyrir utan var sjö ára systir stúlkunnar, illa særð en á lífi. Fyrir utan bifreiðina fannst einnig látinn hjólreiðamaður, sem virtist hafa átt leið hjá fyrir tilviljun þegar árásarmaður eða árásarmenn drápu fólkið.

Franska lögreglan vissi ekkert um árásarmennina eða ástæður morðanna.

„Stúlkan fannst gersamlega hreyfingarlaus á gólfi bifreiðarinnar, bak við framsætið farþegamegin, undir fótum – undir pilsi – annarrar myrtu konunnar, þar sem hún lá við stóra ferðatösku, algerlega ósjáanleg og þögul, sem útskýrir af hverju enginn sá hana fyrr,“ sagði Eric Milhaud saksóknari.

Hann sagði hana hafa verið skelfingu lostna og engan greinarmun hafa gert á illmennunum og öðru fólki: „Hún er ekki nema fjögurra ára.“

Hún var þó ómeidd og brosti þegar lögreglumenn opnuðu dyr bifreiðarinnar. Hún talaði ensku og sagðist hafa heyrt óp, en gat ekki lýst atvikum nánar.

> Stúlkan fannst gersamlega hreyfingarlaus á gólfi bifreiðarinnar, bak við framsætið farþegamegin, undir fótum – undir pilsi – annarrar myrtu konunnar.
>
> **ERIC MILHAUD**
> SAKSÓKNARI

Systirin hafði verið illa barin, með skotsár á öxl og var flutt á sjúkrahús, en var úr lífshættu. Þrjú hinna látnu höfðu verið skotin beint í höfuðið, en lögreglan vildi ekki strax upplýsa hvernig fjórða manneskjan hafði verið myrt.

Önnur látna konan er sænsk. Faðirinn er ættaður frá Írak en er breskur ríkisborgari eins og dætur hans og móðir þeirra. Hann var sagður heita Saad al Hilli, búsettur í einu úthverfa London þar sem hann starfaði hjá ljósmyndafyrirtæki.

Fjölskyldan var á ferðalagi í frönsku Ölpunum, þar sem hún hafði gist á tjaldsvæði skammt frá morðstaðnum. Ábending barst lögreglu frá íbúa skammt frá tjaldsvæðinu, sem hafði kynnst fjölskyldunni og skildi ekkert í því að hún væri ekki komin aftur.

Lögreglan segir að stúlknanna sé vel gætt en þær verði yfirheyrðar síðar.

gudsteinn@frettabladid.is



# FORD **KUGA** Titanium S AWD beinskiptur **frá 5.390.000 kr.**
# FORD **KUGA** Titanium S AWD sjálfskiptur **frá 6.290.000 kr.**

Kynntu þér nýjan Ford Kuga frá 5.390.000 kr. Kauptu nýjan og ríkulega búinn Ford Kuga sportjeppa. Ford Kuga fæst 140 hestafla dísil beinskiptur og 163 hestafla dísil sjálfskiptur. Sparneytinn og hagkvæmur í rekstri. Frábær endursala. Fallegar línur og grípandi hönnun. Framúrskarandi aksturseiginleikar. Allt þetta sameinar Ford Kuga. Gerðu góð kaup. Vertu í hópi þeirra bestu. Spyrðu um verksmiðjuábyrgð í allt að 5 ár. Veldu Ford, nýtt tákn um gæði.

ford.is




FORD **KUGA** TITANIUM S AWD

FRÁ

**39.477 kr./mán.***

* Ford Kuga Titanium S AWD 5 dyra 2,0TDCi dísil, 140 hö, beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 6,0 l/100 km. Losun koltvísýrings $CO_2$ 159 g/km. Miðað er við óverðtryggðan bílasamning til 7 ára og uppítökubíl / útborgun að verðmæti 3.100.000 kr. Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Hlutfallstala kostnaðar 11,70%. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð getur verið frábrugðin mynd í auglýsingu.

***Öruggur staður til að vera á***

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | ford.is

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Aukin þjónusta Bíldshöfða 6: Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16

föstudagur Föstudagsviðtalið

Ragnheiður Elín Árnadóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokksins

# Auðvitað er ég ráðherraefni

**Ragnheiður Elín Árnadóttir** hætti sem þingflokksformaður í vikunni en reiknaði með að gegna stöðunni út kjörtímabilið. Hún segir *Kolbeini Óttarssyni Proppé* að hún vilja leiða Sjálfstæðisflokkinn til sigurs í Suðurkjördæmi. Hún brýnir konur til dáða.

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, tilkynnti Ragnheiði Elínu Árnadóttur í síðustu viku að hann myndi leggja til að Illugi Gunnarsson tæki við af henni sem formaður þingflokksins. Þetta kom henni á óvart, þar sem hún hafði gert ráð fyrir að gegna því embætti út kjörtímabilið, en hún tók við þegar Illugi tók sér hlé frá þingstörfum á meðan rannsókn á Sjóði 9 fór fram.

„Það var ekkert rætt um það þegar Illugi fór að þetta væri tímabundið, alls ekki. Ég var kjörin til þessa embættis af þingflokki Sjálfstæðisflokksins.“

Ragnheiður segir að með breytingunni hafi staða kvenna í flokknum síst batnað, en vill ekki horfa á málið út frá kynjasjónarmiðum.

„Ég hef, í minni pólitík, ekki orðið vör við það að mér hafi verið hampað eða hafnað vegna þess að ég er kona. Ég er á móti kynjakvótum og slíkri aðferðafræði, en vil sjá fleiri konur í stjórnmálum. Þannig held ég að við getum lagað ástandið.

Við erum að fara inn í kosningavetur og það eru spennandi tímar fram undan hjá öllum flokkum. Ég vonast svo sannarlega til þess að það verði prófkjör hjá okkur í öllum kjördæmum og ég vil sérstaklega hvetja konur til að gefa kost á sér til þess að tryggja að við höfum val. Þannig getum við fjölgað konum.“

### Stefnir á ráðherrastól

Ragnheiður Elín segir að fátt sé svo með öllu illt að ekki boði nokkuð gott. Nú hafi hún tök á því að einbeita sér að starfinu í Suðurkjördæmi.

„Gallinn við þingflokksformannsstarfið er að þú ert með utanumhaldið og ábyrgðina á öllu og öllum. Ég var þannig þingflokksformaður að ég kom fyrst og fór síðust. Nú er sú ábyrgð farin á annarra hendur og ég hef miklu meiri tíma til að sinna kjósendum mínum og kjördæminu.“

En lítur hún á sig sem ráðherraefni?

„Auðvitað geri ég það. Ég ætla að tryggja það, fái ég til þess umboð, að ekki verði hægt að ganga fram hjá Suðurkjördæmi eftir kosningar, þegar og ef við verðum í þeirri aðstöðu að skipa til verka.“

Ragnheiður er bjartsýn á árangur í kosningunum og telur að stjórnarflokkarnir muni eiga erfitt uppdráttar í kjördæminu.

„Ef við skoðum bara atvinnumálin – hverjir eru undirstöðuatvinnuvegirnir í okkar kjördæmi og hver hefur stefna ríkisstjórnarinnar verið? Þar er í fyrsta lagi sjávarútvegurinn, sem sætt hefur stöðugum árásum frá því að þessi ríkisstjórn tók við, býr við óvissu og fær ekki vinnufrið.



**STEFNIR Á STÓRSIGUR** Ragnheiður Elín Árnadóttir vill leiða Sjálfstæðisflokkinn til sigurs í Suðurkjördæmi. Hún hvetur konur til þess að taka þátt í prófkjörum flokksins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Orkunýting er gríðarlega mikilvægt hagsmunamál ekki bara fyrir Suðurkjördæmi heldur landsmenn alla. Staðan er þannig að það þarf nánast bara að stinga í samband við Suðurlandið til að hefja atvinnuuppbyggingu. Ekkert hefur bólað á því hjá stjórnarflokkunum og innbyrðis ágreiningur, til dæmis varðandi virkjanir í neðrihluta Þjórsár, hefur tafið uppbyggingu.

Ég nefni landbúnaðinn sem eina undirstöðuna enn, og stefna stjórnarflokkanna gagnvart honum endurspeglast í umsókninni að Evrópusambandinu.

Og nú síðast er það ferðaþjónustan, sem er fjórða stoðin í atvinnuuppbygginu í okkar kjördæmi. Í stað þess að ríkisstjórnin styðji við bakið á ferðaþjónustunni, stingur hún hana hreinlega beint í bakið með áformum sínum um hækkun skatta á greinina.“

### Eitrað andrúmsloft á þingi

Alþingi hefst á þriðjudag, en þingstörf hafa einkennst af miklum átökum á þessu kjörtímabili. Ragnheiður Elín segir að andrúmsloftið á Alþingi hafi gjörbreyst við síðustu kosningar. Hún vill ekki kenna ákveðnum einstaklingum þar um, en stemningin í samfélaginu og á Alþingi hafi breyst gríðarlega mikið.

„Það er mun meiri heift og lengra á milli manna í skoðunum um ákveðin mál. Andrúmsloftið hefur verið mjög eitrað allt þetta kjörtímabil.

Ríkistjórnin vill umbylta stjórnarskránni, svo dæmi sé tekið, en við viljum gera íhaldssamar breytingar í takt við þá venju sem verið hefur varðandi stjórnarskrárbreytingar. Það er ekki reynt að finna milliveginn, heldur ákveðið að keyra málið í gegn.

Vandinn hefur einnig verið sá að stjórnarflokkarnir eru lengi að ná saman innbyrðis og þegar mál koma í þingið, seint og um síðir, er hvorki svigrúm né tími til að vinna með málin.“

> Það er einfaldlega ekki í boði á Íslandi að horfa upp á kynslóðir atvinnulausra verða til.

### Vopn sem virkar

Sérnefnd er að störfum um endurskoðun á þingsköpum og Ragnheiður Elín segir alla sammála um að breyta þurfi ýmsu. Færa þurfi verklag og vinnubrögð á þinginu til betri vegar. Sátt sé um að breytingarnar taki ekki gildi fyrr en eftir kosningar, þá sé óvíst hvaða flokkar verða í stjórn og hverjir í andstöðu.

„Verkefnið sem við stöndum frammi fyrir er að tryggja stjórnarandstöðu á hverjum tíma vopn sem eru það beitt að þau komi í veg fyrir að ríkjandi meirihluti á hverjum tíma geti valtað yfir stjórnarandstöðuna, á sama tíma og lýðræðislega kjörinn meirihluti á að geta komið á sínum áherslumálum sem hann var kjörinn til að framkvæma.“

Hún segir að þegar litið sé til annarra þjóðþinga séu átökin til staðar, þó þau séu kannski ekki eins sýnileg í þingsalnum sjálfum. Þau eigi sér stað annars staðar, t.d. í nefndum þinganna.

„Málið er að þetta virkar. Tökum t.d. Icesave sem dæmi. Þar sameinaðist stjórnarandstaðan og tókst að afstýra stórslysi.

Þetta vopn virkar, en það hefur ekki sérlega skemmtilegt yfirbragð, ég skal vera fyrsta manneskjan til að viðurkenna það.“

### Atvinnumálin ber hæst

Fyrir síðustu kosningar birtu frambjóðendur og stuðningsmenn Sjálfstæðisflokksins í Reykjanesbæ mynd af sér fyrir framan grindina að álveri í Helguvík til að leggja áherslu á mikilvægi þess. Ragnheiður segir sorglega staðreynd að það sé næstum því hægt að endurbirta myndina nú fjórum árum síðar. Þó gefa nýjar fréttir af viðræðum Norðuráls og HS Orku vonandi tilefni til bjartsýni. „Þetta verkefni er gríðarlega mikilvægt, sem dæmi má nefna að skatttekjur ríkisins eru áætlaðar um milljarður á mánuði, tólf milljarðar á ári, fyrir utan allt hitt.“

„Við viljum öll hafa atvinnu og geta séð fjölskyldu okkar farborða. Það er einfaldlega ekki í boði á Íslandi að horfa upp á kynslóðir atvinnulausra verða til. Við verðum að nýta þau tækifæri sem blasa við. Við erum með tóman, skuldugan ríkissjóð og þurfum að forgangsraða takmörkuðu skattfé í þau verkefni sem eru brýnust. Menntun, heilbrigðismál, löggæsla – förum í gegnum listann og forgangsröðum. Ríkisstjórnin hefur forgangsraðað í þágu einhvers gælumáladútls allt kjörtímabilið, eins og ESB-umsókn og stjórnlagaráðið. Það var og er nauðsynlegt að ganga beint í það sem þarf að gera og láta hitt bíða.“

### Hlakka til átaka um hugmyndafræði

„Stjórnmál snúast um hugmyndafræði, við höfum öll það markmið að bæta samfélagið, en höfum mismunandi skoðanir á hvaða leið er best að markmiðinu. Við vorum orðin áhugalaus um hugmyndafræðina fyrir hrun, hlutirnir gengu vel og mönnum fannst engu skipta hverjir væru við völd. Þessi ríkisstjórn, fyrsta tæra vinstristjórnin, hefur dregið fram hugmyndafræðilega ágreininginn og ég fagna því. Ég er í grundvallaratriðum ósammála aðferðafræði þessa fólks. Ég vil berjast fyrir frelsi einstaklingsins, gefa honum rými til þess taka ákvarðanir fyrir sjálfan sig og bera ábyrgð á þeim ákvörðunum. Vinstrimenn eru hallari undir það að taka ákvarðanir fyrir fólk og hafa vit fyrir fjöldanum.

Við höfum séð fjölmörg dæmi á síðustu árum þar sem þessi hugmyndafræðilegi munur hefur birst. Ég hlakka til að taka slaginn um hugmyndafræðina.“



FRÍTT INN FRÍTT INN

# STÓRSÝNING Í PERLUNNI

# HEILSA HÚÐ OG HÁR 2012

**OPIÐ LAUGARDAG OG SUNNUDAG 8.-9. SEPTEMBER**

**12.00 – 18.30**

## FRÁBÆR TILBOÐ

---

heilsa –hafðu það gott

MJÓLKURSAMSALAN

LIFANDI MARKAÐUR

icepharma

Dr. Volare

Apótek -fyrir alla!

GRÆNN KOSTUR

SAGA MEDICA

Lambhagi

DECUBAL

AVON the company for women

LOGY.IS

FM GROUP

Bio-Kult Candéa

femin.is | Fyrir allar konur

Neutral

---

## ALLT ÞAÐ NÝJASTA FYRIR HEILSU, HÚÐ OG HÁR



# skoðun

greinar@frettabladid.is

Stofnun félags um uppbygginu við Geysi í Haukadal er framfaraspor:

## Gaufið við Geysi á enda?

Alltof lengi hafa mál hins heimsfræga hverasvæðis í Haukadal verið í ólestri. Átroðningur ferðamanna eykst þar stöðugt og nú er talið að um hálf milljón manna heimsæki svæðið árlega. Ekki hafa verið til peningar til að bæta aðgang, merkingar og þjónustu við ferðamenn og þess vegna liggur þessi náttúruperla undir skemmdum eins og svo margar aðrar víða um land. Skorti á skiltum, merktum stígum og landvörzlu fylgir aukinheldur slysahætta.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Flókið eignarhald á svæðinu hefur ekki hjálpað til. Ríkið á þar rúman þriðjung á móti öðrum landeigendum. Ríkisstofnanir og pólitíkusar hafa um árabil staðið gapandi ráðþrota frammi fyrir ófremdarástandinu á Geysi, rétt eins og við Gullfoss, í Dimmuborgum eða við Dettifoss, svo fáein dæmi séu nefnd. Þrátt fyrir einfalda lausn sem er notuð víða um heim, að rukka gesti þessara staða um aðgangseyri og nota tekjurnar til að byggja upp þjónustu við þá, hafa okkar ástkæru stjórnvöld gaufað fram og til baka í málinu án þess að taka nokkurn tímann af skarið.

Þess vegna er fagnaðarefni að einkaaðilarnir sem eiga Geysi á móti ríkinu, landeigendur í Haukadal, hafi tekið á sig rögg og stofnað félag um uppbygginu svæðisins. „Skipuleg uppbygging getur ekki beðið lengur,“ segja Geysisbændur og hafa þar alveg rétt fyrir sér.

Þegar gengið var á forsvarsmenn félagsins í Fréttablaðinu í gær um það hvort til stæði að hefja gjaldtöku á svæðinu svöruðu þeir ofurvarlega að það yrði verkefni stjórnar félagsins að taka ákvörðun um það. Garðar Eiríksson, talsmaður félagsins, vísar hins vegar til kannana sem gerðar hafa verið hjá gestum við Geysi, þar sem fram kemur að þeir eru ekki fráhverfir gjaldtöku og raunar hissa á að ekki skuli yfirleitt vera gjaldtaka á ferðamannasvæðum á Íslandi. Það er ekkert skrýtið, því að í löndunum sem þetta fólk kemur frá er slík gjaldtaka regla fremur en undantekning.

Segja má að landeigendafélagið byrji á öfugum enda á viðskiptaáætluninni þegar það áformar miklar fjárfestingar og uppbyggingu á svæðinu án þess að tekjustofnarnir séu ljósir. Það liggur þó í raun í augum uppi að aðgangseyrir er lausnin á málinu. Ferðamenn væru jafnvel reiðubúnir að borga fyrir aðgang að Geysissvæðinu eins og það er í dag. Kannanir hafa sýnt að sé góð þjónusta í boði, er greiðsluviljinn enn ríkari.

Ríkið vildi ekki vera með í félagi landeigenda, sem er í fullu samræmi við einbeitt stefnuleysi þess í málinu árum saman. Fyrir nokkrum dögum lýsti það sig þó reiðubúið til að gera samstarfssamning við landeigendafélagið og í Fréttablaðinu í dag stynur talsmaður fjármálaráðuneytisins upp fallegum orðum um að „sameiginlegur vettvangur“ til að ræða málin sé nauðsynlegur.

Vonandi stendur ríkisvaldið að minnsta kosti ekki í vegi fyrir því að heimamenn geri það sem gera þarf til að bjarga þessari náttúruperlu og bæta aðgengið fyrir þann gríðarlega fjölda, sem langar til að njóta hennar.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

*Áhrifamikil og eftirminnileg*

*„Hugvitsöm, gagntekur lesandann ... ein besta bók Picoult!“*

USA TODAY




*www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu*

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Greiðsluaðlögun og frysting

Framsóknarflokkurinn talar til kjósenda. Hann vill víðtækar skuldbreytingar „þannig að afborganabyrði sé létt og skuld lækkuð eða fryst um tíma á meðan fólk leitar lausnar á tímabundnum erfiðleikum“. Þá vill hann setja lög um greiðsluaðlögun „sem gefi einstaklingum í langvarandi greiðsluerfiðleikum möguleika á því að ná stjórn á fjármálum sínum á ný“. Þetta vill hann gera þar sem skuldir íslenskra heimila hafa aukist um einn milljarð á mánuði í stjórnartíð núverandi ríkisstjórnar. „Þetta er ógnvænleg þróun og fjölmörg heimili eru komin í þrot!“ Allt þetta má lesa í kosningaauglýsingu flokksins.

### Endurtekning sögunnar

Sú auglýsing birtist í dagblöðum þann 3. apríl 1995. Þá hafði ríkisstjórn Sjálfstæðis- og Alþýðuflokks setið í fjögur ár og allt tal um hrun og brimskaflana var víðs fjarri. Flokkurinn gæti hins vegar endurbirt auglýsingarnar nú og sparað sér ófáar krónurnar í endurvinnslu.



### Spámaður í föðurlandi

Lofsyrðin að utan hrúgast yfir ríkisstjórnina fyrir árangur í efnahagsmálum. Hingað til hefur stjórnarandstaðan ekki átt í vandræðum með að skýra hrós Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, matsfyrirtækja og erlendra hagfræðinga, svo dæmi séu tekin, með því að um einhvers konar áróður ríkisstjórnarinnar sé að ræða. Nú hefur Jón Steinsson, fyrrum efnahagsráðgjafi Geirs H. Haarde, hrósað stjórninni. Er það partur af áróðri vinstriflokkanna?

**kolbeinn@frettabladid.is**

## HALLDÓR




## Mér er misboðið

Kjaramál



Elsa B. Friðfinnsdóttir
formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga

„Mér er misboðið“ var yfirskrift tölvupósts sem hjúkrunarfræðingur sendi Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga þegar greint var frá því í fréttum að velferðarráðherra hefði ákveðið að hækka laun forstjóra Landspítala (LSH) um 450 þúsund krónur. Ákvörðunina tók ráðherra án vitundar formanns kjararáðs sem þó á samkvæmt lögum að ákvarða laun forstjórans. Hjúkrunarfræðingum misbýður að hægt sé að hækka laun forstjórans um rúm 20% á sama tíma og skorið er gegndarlaust niður í þjónustunni við sjúklinga. Útköll vegna veikinda starfsmanna eru fátíð, yfirvinna bönnuð þó hún sé sannarlega oft nauðsynleg til að tryggja örugga og góða þjónustu, vinnustundum hjúkrunarfræðinga hefur fækkað um 6% frá 2007 á sama tíma og 4% fjölgun hefur orðið á komum á LSH. Færri hjúkrunarfræðingar eiga því að sinna fleiri sjúklingum, án hærri launa.

Til að setja þessa hækkun í samhengi við þær breytingar sem orðið hafa í þjónustu á LSH má benda á að í byrjun sumars var göngudeild fyrir kransæðasjúklinga lokað til að spara sem nam rúmlega einu stöðugildi hjúkrunarfræðings. Sú launahækkun sem ráðherra ákvarðaði forstjóra LSH nú, er ekki fjarri þeirri fjárhæð sem sparaðist við lokun göngudeildarinnar!

Ráðherra réttlætti ákvörðunina með því að forstjórinn væri ómissandi í þeim verkefnum sem nú væri unnið að á LSH. Forstjóranum hafði verið boðið betur launað starf erlendis. Rétt er að benda ráðherra á að svo mikil eftirspurn er eftir hjúkrunarfræðingum í Noregi að allir íslenskir hjúkrunarfræðingar gætu fengið starf þar. Öllum hjúkrunarfræðingum á LSH (og annars staðar á landinu) bjóðast því betur launuð störf erlendis. Og allir eru þeir ómissandi. Heilbrigðiskerfið verður ekki rekið án hjúkrunarfræðinga.

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga undirritaði kjarasamning við fjármálaráðherra í júní 2011. Í rúmt ár hefur félagið reynt að klára síðari hluta samningagerðarinnar við LSH og aðrar heilbrigðisstofnanir, svokallaða stofnanasamninga. Ætlar velferðarráðherra að ákvarða hjúkrunarfræðingum rúmlega 20% launahækkun í stofnanasamningum?

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Gráðuga dagmamman

Í DAG



**Pawel Bartoszek**
Stærðfræðingur

Í fréttum vikunnar var þetta helst: Til eru foreldrar sem vilja borga mikið fyrir að vera með barnið hjá dagmömmu. Fyrir vikið fá sumar dagmömmur mikið borgað. Hjá Kópavogsbæ er leitað leiða til tækla þetta vandamál.

Því er stundum fleygt fram að þeir sem vinni við menntun og gæslu barna hafi of lág laun. Auðveldlega má taka undir það að til eru menn og konur í uppeldisgeiranum sem eiga skilið að vera hátekjufólk. En ef einhver á að fá meira borgað þá þarf einhver að borga honum meira.

Ólíklegt er að besta leiðin að þykkara launaumslagi liggi í gegnum tíðari og lengri verkföll þar sem hringrás samúðar og pirrings kjósenda þvingar stjórnmálamenn til að hækka laun kennara og dagforeldra meira en laun annarra. Fljótlegast væri einfaldlega að þeir kennarar og dagforeldrar sem það gætu innheimtu sanngjarnt gjald fyrir vinnu sína. Ræðum „sanngirni“ betur í lokin en kannski þarf fólk bara að venjast því að eyða meira í menntun og minna í aðra hluti.

### Lágtekjufólk skuluð þið vera

Fjallað var um mál dagforeldra í Kópavogi í fréttum Stöðvar 2 á miðvikudag. Sagan er þessi: Kópavogsbær vill hækka greiðslur sínar til dagforeldra úr 35 þúsundum í 45 þúsund á mánuði með hverju barni en um leið setja hámark á það gjald sem dagforeldrar innheimta af foreldrum.

Foreldrar munu sjálfir því ekki geta borgað meira en 45 þúsund á mánuði fyrir dagmömmu. Kópavogur vill sem sagt banna foreldrum að borga meira en heilar 263 krónur á tímann fyrir að láta passa barnið sitt.

Fram kom í fréttinni að í dag væri algengt gjald foreldranna á bilinu 45 upp í 65 þúsund krónur. Þó væru dæmi um að gjaldið væri 90 þúsund krónur (heilar 500 kr. á tímann), sérstaklega í hverfum þar sem mörg börn væru en fáir dagforeldrar. Ef þessar tölur eru réttar þá þýðir það að tekjur einhvers dagforeldris muni lækka um dagmömmur í eitthvert hverfi þá verður dýrara að vera með barn hjá dagmömmu í því hverfi. Þá mun borga sig að gæta barna í því hverfi. Þar með mun dagmömmum í því hverfi fjölga. Þá eykst samkeppnin og verðið lækkar hugsanlega á ný.

Frjáls markaður fær fólk til að forgangsraða. Menn þurfa kannski dagmömmu mismikið, sumir vilja borga meira fyrir að hafa hana nær, öðrum er alveg sama. Ef við skyldum alla dagforeldra til að rukka sama verð þá þarf aðrar leiðir en verðsamkeppni til að leysa skort. Fólk mun bíða á biðlistum. Fólk mun keyra langar leiðir. Ætla menn að banna fólki

> Kópavogur vill sem sagt banna foreldrum að borga meira en heilar 263 krónur á tímann fyrir að láta passa barnið sitt.

meira en 150 þúsund.

Einhverjar líkur eru þá á því að þessari manneskju þyki slík tekjulækkun það mikil að hún hætti bara störfum. Þar með mun dagforeldrum fækka. Mest verða áhrifin þar sem tekjurnar voru hæstar, það er að segja í þeim hverfum þar sem börnin eru mörg en dagforeldrarnir fáir. Vandi þeirra hverfa eykst þá enn frekar en menn finna örugglega upp á einhverri „aðgerðaráætlun“ til að reyna að bregðast við þessu sjálfskapaða rugli.

### Allir jafnir að ofan

Þótt í tísku sé að tala illa um frjálsan markað þá gerir hann marga hluti alveg ágætlega. Hann er fáum öðrum kerfum betri þegar kemur að því að hindra skort á vörum og þjónustu. Ef það vantar að keyra frá Kópavoginum upp í Grafarvog til að fara með barnið í daggæslu? Og ef ekki, af hverju má þá banna fólki að borga meira fyrir dagmömmu sem er nær?

Svo er annað. Það er látið eins og 45 þúsund krónur séu einhver suddalegur peningur, því um menntun og umönnun barna er að ræða. Samt hóstar enginn bifvélavirki á bílinn manns fyrir minna. Sú forgangsröðun er pirrandi.

Í frétt um dagmæðurnar í Kópavogi kom fram að bærinn vildi leita leiða til að verðið fyrir daggæslu yrði „sanngjarnt fyrir báða“. Það verð sem er „sanngjarnt fyrir báða“ er auðvitað það verð sem annar er tilbúinn að borga og hinn tilbúinn að rukka. En ekki það eina verð sem einhver stjórnmálamaður hefur reiknað út að henti öllum best.

AF NETINU

### Skrípó í héraði

Skrípaleikur Gunnlaugs Sigmundssonar í Kögun er kominn í gang í Héraðsdómi Reykjavíkur. Hápunkturinn kom strax í upphafi, þegar Gunnlaugur lýsti yfir, að hann sjálfur væri heiðarlegur og góður rekstrarmaður. Ég hef aldrei heyrt neinn halda því fram. Aðkoma Gunnlaugs að Kögun var fréttaefni á sínum tíma, meðal annars í Mogganum. Teitur Atlason hefur ekki gert annað en að rifja upp þá umræðu. Málaferli Gunnlaugs gegn honum eru alvarlegasta atlagan gegn upplýsingafrelsi stjórnarskrárinnar, sem ég hef séð um dagana. Dómaranum ber umsvifalaust að kasta skrípamálinu út um dyr. Framsóknarpabbinn er hneyksli.

http://jonas.is/

**Jónas Kristjánsson**

### Kosningavetur

Nú í september verður Alþingi sett á nýjan leik. Þingmenn munu þramma til kirkju og ef til vill fá egg eða tómat í hausinn frá reiðum kjósendum. Vonandi komast allir stórslysalaust frá því.

Ég verð að viðurkenna að ég er með hnút í maganum vegna komandi þingvetrus. Ég hef ekki mikla reynslu í þessum efnum en kosningavetur ku vera sérstakur; baráttan enn harðari þótt menn brosi allan hringinn og reyni að telja kjósendum trú um eigið ágæti. Þó er erfitt að ímynda sér að baráttan geti enn harðnað. Er hreinlega svigrúm til þess án þess að það brjótist hreinlega út hópslagsmál?

http://blog.pressan.is

**Margrét Tryggvadóttir**

### Nei við þjóðkirkjuákvæði

Í þjóðaratkvæðagreiðslunni 20. október segi ég já við öllum spurningum nema einni – ég segi NEI aðspurður hvort eigi að vera ákvæði um evangelíska-lútherska trúfélagið Þjóðkirkjuna í stjórnarskránni nýju. Það er enginn vafi í mínum huga um hvað er spurt og hvað nei-ið þýðir; það þýðir að eitt trúfélag eigi ekki að njóta verndar, styrkingar og forgangs umfram önnur trúfélög og lífsskoðanir. Jafnvel þótt nokkuð stórt trúfélag sé.

Ríkjandi forréttindi umrædds trúfélags eru einfaldlega gegn grundvallarhugsuninni um trúfrelsi. Það er ekki hlutverk ríkisins að lýsa því yfir að eitt trúfélag, ein trúarskoðun, sé betri og réttari en önnur.

http://blog.pressan.is

**Friðrik Þór Guðmundsson**





Á Íslandi þurfa nokkur börn að takast á við ólæknandi sjúkdóma og erfiðleika sem mörgum hinna fullorðinna væri um megn. Öll fjölskyldan berst og þjáist með og enginn veit hvar illvíga sjúkdóma ber næst niður. En við getum hjálpað þessum ungu hetjum í baráttunni og með því að kaupa ***Á allra vörum*** gloss frá Dior leggur þú þitt lóð á vogarskálarnar!



**Eftirtaldir staðir selja *Á allra vörum* gloss**

- Fríhöfnin, Flugstöð Leifs Eiríkssonar
- Snyrtivöruverslanir Hagkaups um land allt
- Lyf og heilsa um land allt
- Lyfja um land allt
- Hygea, Kringlunni og Smáralind // Sigurboginn // Snyrtivöruverslunin Glæsibæ // Ólöf snyrtistofa, Selfossi // Jara, Akureyri
- Einnig er hægt að kaupa gloss á www.aallravorum.is

Dior vistor MEDOR FITON truenorth





# Nýr Landspítali Háskólasjúkrahús

## Framlenging á fresti til að gera athugasemdir til 20. september næstkomandi

Á fundi skipulagsráðs þann 5. september og á fundi borgarráðs þann 6. september var samþykkt að framlengja frest til að gera athugasemdir við nýtt deiliskipulag fyrir Nýjan Landspítala Háskólasjúkrahús til 20. september næstkomandi. Það sama á við um tilllögu að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur sem auglýst hefur verið samhliða nýju deilsikipulagi.

**Tillögurnar eru til sýnis í þjónustuveri Reykjavíkurborgar í Borgartúni 12 - 14, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 - 16:15 til 20. september 2012.**

**Sjá nánar kynningargögn á vef Reykjavíkurborgar, www.skipbygg.is og á vef Nýs Landspítala www.nyrlandspitali.is**

Reykjavíkurborg

www.skipbygg.is

# tímamót

timamot@frettabladid.is



39 **ELMA LÍSA GUNNARSDÓTTIR** leikkona á afmæli í dag

*„Ég held ég að ljóskur eigi athyglina alla jafnan og kannski þær hafi meira gaman. En ég held að þar ráði ljósa hárið ekki mestu, heldur útgeislunin.“*

---

✝



Móðir okkar,

**ÓLÖF SIGURÐARDÓTTIR**
**íþróttakennari**
**frá Hamraendum í Borgarfirði,**
**áður til heimilis að Hátúni 10,**

lést á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund 3. september. Útförin fer fram frá Fossvogskapellu mánudaginn 10. september kl. 11.00. Blóm eru vinsamlega afþökkuð en þeim sem vildu minnast hinnar látnu er bent á Landssamtökin Geðhjálp.

**F.h. aðstandenda,**

**Jón Jóel Einarsson**
**Sigurbjörn Einarsson**

---

✝



Okkar ástkæri sonur, bróðir, mágur og barnabarn,

**BIRGIR PÁLL GYLFASON**
**Jónsgeisla 45,**

sem lést 25. ágúst verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju fimmtudaginn 13. september kl. 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Unicef á Íslandi.

**Gylfi Jónsson** **Hildur Hanna Ásmundsdóttir**
**Jóhannes Már Gylfason** **Lára Hrund Bjargardóttir**
**Jón H. Guðmundsson** **Hrafnhildur Matthíasdóttir**

---

✝



Elskulegur eiginmaður, faðir, afi og langafi,

**SVEINBJÖRN JAKOBSSON**
**Móabarði 30,**

lést á Landspítalanum sunnudaginn 2. september. Útförin fer fram fimmtudaginn 13. september frá Hafnarfjarðarkirkju kl. 13.00.

**Nanna Jakobsdóttir**
**Hildur Sveinbjörnsdóttir**
**Sindri Sveinbjörnsson**
**Hjörleifur Sveinbjörnsson**
**og fjölskyldur.**

---

✝



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**JÓHANNA ÞÓRÓLFSDÓTTIR**
**frá Reyðarfirði**

er látin. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Þökkum auðsýnda samúð.

**Kjartan Welding Ágústsson** **Þyri Dóra Sveinsdóttir**
**Sigurður Ágústsson** **Hrafnhildur Kristinsdóttir**
**Þórólfur Ágústsson** **Sigurlína Ósk Óskarsdóttir**
**Þórunn María Welding**
**Linda Ágústsdóttir** **Mark Khun**
**Þorvaldur Skúlason**
**barnabörn, barnabarnabörn og langalangömmubörn.**

---

✝



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**HEIÐAR ÞÓRÐARSON**
**Gullengi 9,**
**áður Lækjarhvammi 4,**

lést 4. september sl. Útför hans verður gerð frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 12. september kl.13.00.

**Bára Aðalsteinsdóttir**
**Þórður Heiðarsson** **Fjóla Borg Svavarsdóttir**
**Sigurbjörg Heiðarsdóttir** **Borgar Axelsson**
**Heiðbjört Bára, Axel Þór, Þór Ísak, Bára Freydís.**

---

✝



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**KRISTJÁN BERNHARD THOMPSON**
**Næfurási 10, Reykjavík,**

sem lést föstudaginn 31. ágúst á deild 11 E á Landspítalanum við Hringbraut, verður jarðsunginn frá Árbæjarkirkju mánudaginn 10. september kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna.

**Valdís Helgadóttir**
**Helena Vigdís Kristjánsdóttir** **Óskar Jónsson**
**Hrönn Jónsdóttir** **Stefán Ingi Óskarsson**
**afa- og langafabörn.**

---

SIGURÐUR ÞÓR ÓSKARSSON: FYRSTA HLUTVERKIÐ EFTIR ÚTSKRIFT

# VONAR AÐ FUGLINN STELI EKKI ATHYGLINNI

„Það er auðvitað töluvert öðruvísi að vera kominn í atvinnuleikhús. Sýningarnar í Verzló voru uppfullar af hæfileikaríku fólki sem var að gera frábæra hluti, en þarna eru bara fagmenn að störfum og allt er leyst fljótt og örugglega,“ segir Sigurður Þór Óskarsson leikari. „Svo er líka frábært að þurfa ekki að vera í skólanum til sex og fara svo á æfingar á kvöldin,“ bætir hann við og hlær.

Sigurður Þór fer með hlutverk Jims Hawkins í uppfærslu Borgarleikhússins á leikritinu Gulleyjunni sem verður frumsýnt þann 14. september næstkomandi. Þetta er fyrsta hlutverk hans eftir útskrift úr Leiklistarskóla Íslands í vor en hann fékk strax fastráðningu hjá leikhúsinu. Þrátt fyrir ungan aldur er Sigurður þó síður en svo óvanur sviðinu. Síðasta vetur stökk hann tímabundið inn í hlutverk fuglahræðunnar í Galdrakarlinum í Oz, auk þess sem hann fór með hlutverk í Grease í Loftkastalanum árið 2009 og tók þátt í þremur uppfærslum Verzlunarskóla Íslands þegar hann sat þar á skólabekk. Hann tók einnig þátt í Söngvakeppni framhaldsskólanna fyrir hönd skólans árið 2008 og fór þar með sigur af hólmi.

Hlutverk Jims Hawkins er eitt aðalhlutverkanna og segja má að hann leiði áhorfendur í gegnum söguna. Sigurður Þór lifir því og hrærist í sjóræningjaheimi þessa dagana. Aðspurður segist hann þó aldrei hafa dreymt um að vera sjóræningi á sínum yngri árum. „Ég hef alltaf verið voða saklaus drengur. Ég eyddi samt bróðurparti dagsins í dag í að skylmast og það var rosalega gaman,“ segir hann.

Fuglinn Joshua leikur stórt hlutverk í sýningunni og segir Sigurður samstarfið þeirra á milli ganga mjög vel. „Hann er þvílíkur fagmaður og gaman að vinna með honum,“ segir hann og telur engar líkur á öðru en að fuglinn standi sig á sviðinu. „Ég hef meiri áhyggjur af því að hann eigi eftir að stela allri athyglinni,“ segir hann og hlær. „Svo tók hann þátt í uppfærslunni norður á Akureyri líka svo hann hefur gert þetta miklu oftar en ég og kann þetta miklu betur,“ bætir hann við.

Sumarið tók Sigurður í rólegheitum til að búa sig undir komandi vetur sem hann býst við að verði annasamur. „Það er smekkfullur vetur í uppsiglingu í Borgarleikhúsinu og frábært leikár fram undan,“ segir Sigurður Þór. Næst á dagskrá hjá honum er leikritið Bastarðar með Vesturporti og tekur hann svo þátt í leikritinu Mýs og menn og Mary Poppins á sviði Borgarleikhússins á þessari önn. „Svo tek ég þátt í að minnsta kosti þremur verkum eftir áramót sem eru hvert öðru betra,“ segir Sigurður spenntur. tinnaros@frettabladid.is



**FASTRÁÐINN** Sigurður Þór fékk fastráðningu hjá Borgarleikhúsinu strax eftir útskrift frá LÍ og sér fram á annasaman vetur, smekkfullan af frábærum leikritum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## SJÓRÆNINGJABORGIN REYKJAVÍK

Í tilefni af frumsýningu Gulleyjunnar stefnir Borgarleikhúsið á að breyta Reykjavík í sjóræningjaborg í september. Allir ungir sjóræningjar geta komið við í miðasölu leikhússins og fengið þar gefins stóran og glæsilegan sjóræningjafána, en leikhúsið mun gefa eitt þúsund fána. Þegar fánanum hefur verið flaggað er svo hægt að taka af honum mynd og taka þátt í leik á Facebook þar sem meðal annars er hægt að vinna miða á leiksýninguna. Björn Jörundur fer með hlutverk Langa-Jóns Silfur í leikritinu sem er leikstýrt af Sigga Sigurjóns og Þorvaldur Bjarni semur tónlistina.

---

**ÞETTA GERÐIST:** 7.SEPTEMBER 1996

## Tupac Shakur skotinn



Rapparinn og leikarinn Tupac Amaru Shakur var skotinn fjórum sinnum þennan dag og lést af sárum sínum sex dögum síðar, eða 13. september. Skotárásin átti sér stað eftir að Tupac hafði fylgst með boxbardaga Mikes Tyson og Bruce Seldon í Las Vegas. Á bardaganum hafði Tupac og fylgdarlið hans hitt fyrir meðlim úr óvinagengi sínu og barið hann til óbóta. Rannsókn leiddi í ljós að skotárásin var hefnd fyrir þá árás, en hún átti sér stað rúmum fjórum tímum eftir bardagann.

Tupac ólst upp í mikilli baráttufjölskyldu og voru foreldrar hans öflugir í flokki þeldökkra, byltingarkenndra sósíalista sem kölluðu sig Black Panther. Hann veigraði sér ekki við að taka félagsleg vandamál fyrir í textum sínum sem einkenndust þó af miklu ofbeldi og reiði. Hann náði gríðarlegum vinsældum sem tónlistarmaður og hefur selt yfir 75 milljónir platna á heimsvísu, sem gerir hann að einum mest selda tónlistarmanni heims. Hann situr í 86. sæti á lista Rolling Stone tímaritsins yfir bestu listamenn allra tíma.

## Merkisatburðir

**1533** Elísabet 1. Englandsdrottning fæðist.

**1812** Frakkar ráðast inn í Rússland og upp hefst baráttan um Borodino. Sú barátta reyndist sú blóðugasta á ferli Napóleons hershöfðingja. Frakkar sigruðu þó að lokum.

**1822** Brasilía lýsir yfir sjálfstæði frá Portúgölum.

**1895** Fyrsti rugby-leikurinn er spilaður í Englandi.

**1921** Fyrsta keppnin um Ungfrú Ameríku er haldin í Atlanta.

**1927** Fyrsta sjónvarpið sem er algjörlega rafrænt kemur á markað.

**1936** Bandaríski söngvarinn Buddy Holly fæðist.

**1986** Desmond Tutu verður fyrsti svarti maðurinn sem leiðir evangelíska kirkju í Suður-Afríku.

**1987** Leikkonan Evan Rachel Wood fæðist.

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



**MATARHÖNNUN Í GARÐABÆ**

**Fjallað verður um matarhönnun í Hönnunarsafni Íslands við Garðatorg á sunnudag kl. 14.00. Brynhildur Pálsdóttir og Auður Ösp Guðmundsdóttir ræða um hönnunina ásamt Hafliða Ragnarssyni.**


CANDY

**ÞVOTTAVÉLAR OG ÞURRKARAR**





**Candy EVOC 570 BS**
- Þurrkari barkalaus 7 kg
- Tvíátta barkalaus þurrkari
- Hurðaropnun 180°
- Kaldur blástu og krumpuvörn
- Orkuflokkur B

**74.990**

Verð áður 89.990

**Candy EVO 1482 DS**
- Þvottavél 1400sn 8kg A+
- Hitastillir 30-90°
- Hurðaropnun 180°
- Hraðkerfi 30-44 mínútur
- Ullarkerfi og skolstopp
- Þvotthæfni A
- Orkunýtni A+
- Vinduhæfni A

**84.990**

Verð áður 99.990





**Candy EVO 1473 DWS**
- Þvottavél 1400sn 7kg A++
- Hitastillir 30-90°
- Hurðaropnun 180°
- Hraðkerfi 14-30-44 mínútur
- Ullarkerfi og skolstopp
- Þvotthæfni A
- Orkunýtni A
- Vinduhæfni A

**89.990**

Verð áður 109.990

**Candy EVOW 4653 DS**
- Þvottavél / þurrkari
- Ryðfrí tromla, 6kg þvott/5kg þurrk
- Stafrænn hitastillir og LCD skjár
- Stafræn niðurtalning á þvottatíma
- Hraðkerfi 14-30-44 mínútur
- Handþvottakerfi, 14 mín. hraðkerfi
- Þvotthæfni A
- Orkunýtni B
- Vinduhæfni A

**109.990**

Verð áður 139.990

**Einar Farestveit & Co.hf.**

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is





# ELDAÐ MEÐ HOLTA

**HOLTA KYNNIR** *Sjónvarpskokkurinn Kristján Hlöðversson í þáttunum Eldað með Holta á ÍNN gefur kjúklingauppskriftir alla föstudaga. Hér er hann með steiktar vínarpylsur frá Holta ásamt djúpsteiktum lauk og eldpiparmauki.*

Matreiðslumaðurinn Kristján Þór Hlöðversson sér um þáttinn Eldað með Holta á sjónvarpsstöðinni ÍNN. Þar matreiðir hann skemmtilega og litríka rétti úr Holtakjúklingi frá Reykjagarði. Á föstudögum birtast þessar uppskriftir hér á forsíðu Fólks. Í dag er Kristján með uppskrift að steiktum vínarpylsum frá Holta með djúpsteiktum lauk ásamt eldpiparmauki. Hægt er að fylgjast með Kristjáni matreiða þennan girnilega rétt í kvöld klukkan 21.30 á sjónvarpsstöðinni ÍNN. Þættirnir eru endursýndir yfir helgina en einnig er hægt að horfa á þá á heimasíðu ÍNN, www.inntv.is.

**LJÚFFENGT Í MATINN**

Matarþættir Holta-kjúklings eru á ÍNN á föstudagskvöldum kl. 21.30.

## STEIKTAR HOLTA-KJÚKLINGAPYLSUR

### MEÐ DJÚPSTEIKTUM LAUK OG ELDPIPARMAUKI

10 pylsubrauð
10 kjúklingapylsur frá Holta

**ELDPIPARMAUK FYRIR PYLSURNAR**

1 rauður chili-pipar
1 grænn chili-pipar
1/4 úr steinseljubúnti
1/4 úr kóríanderbúnti
1 rauð paprika
100 ml ólífuolía
100 ml Hunts-chili-tómatsósa
3 hvítlauksgeirar

Skerið allt smátt, hrærið saman við olíuna og tómatsósuna og látið standa í klukkutíma.

**DJÚPSTEIKTUR LAUKUR**

1 stór hótellaukur
400 ml ólífuolía
50 g hveiti

Hitið olíuna í meðalhita. Skerið laukinn smátt, veltið honum upp úr hveitinu og steikið í olíunni þar til hann er orðinn frekar dökkur. Varist að hann liggi ekki saman í olíunni.

Grillið pylsurnar í samlokugrilli eða steikið á pönnu í um það bil 4 mínútur á lágum hita. Setjið laukinn ásamt maukinu í pylsubrauð og pylsu ofan á.

*Það er bjart fram undan. Lifið heil!*


**Annie Mist mælir með heilsuréttunum frá Nings**

Annie Mist heimsmeistari í Crossfit 2011 og 2012 veit að til að ná árangri skiptir mataræði öllu máli.

Tröllatrefjar

Uppáhalds réttur Anniear er Tröllatrefjar.



EKKERT salt
ENGINN sykur

TRANS FITA
MSG

| Næringargildi í 100g: | |
|---|---|
| Orka | 448 kJ / 107 kkal |
| Fita | 1,4g |
| þar af mett. fitusýrur | 0,7g |
| Kolvetni | 10,2g |
| Trefjar | 1,1g |
| Prótein | 10,8g |




**NINGS**

Suðurlandsbraut 6 • Stórhöfða 17 • Hlíðasmára 12 • Sími 588 9899 • www.nings.is



# MÁTTURINN Í VERKUM ERRÓS

■ **Áhrif**

**Æsa Sigurjónsdóttir listfræðingur fjallar um máttinn í myndum Errós í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi, sunnudaginn 9. september kl. 15. Þessi umfjöllun er liður í afmælisdagskránni „Erró fyrir alla“ sem haldin er til heiðurs áttræðisafmæli listamannsins.**

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is,** s. 512 5473 | **Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is,** s. 512 5432 | **Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is,** s. 512-5427

ÁRSREIKNINGAR
& SKATTAFRAMTALSGERÐ
Apollon ehf | Sími 571 9555

Heilbrigðara samband við mat:
Náðu tökum á matarþráhyggju

Á námskeiðinu lærir þú meðal annars: Aðrar leiðir til að takast á við streitu og lífið sjálft en að nota mat, að brjóta upp vanamynstur og hætta að láta vigtina og boð og bönn um matartegundir stjórna þér.

• Grunnur breytinga:
Heilsa óháð þyngd - Borða af innsæi - Svengdarvitund
• Sjálfstal og sjálfsblekking • Núvitund • Tilfinningastjórnun
• Samskipti við aðra • Mótlætaþol • Líkamsvirðing

Námskeiðið hefur verið kennt í Bandaríkjunum og Íslandi undanfarin ár. Ný námskeið hefjast 19. og 26. september. Kennt aðra hverja viku í 16 skipti frá 16:30 og 18:00, samtals 24 klst.

Verð: 75.000,- (Möguleiki á endurgreiðslu stéttarfélags og greiðsludreifingu)

Leiðbeinandi: Dr. Þórdís Rúnarsdóttir
Skráning og frekari upplýsingar: thordis@salfraedistofa.is

Gagnleg námskeið

Almenn skyndihjálp
Þrjú námskeið verða haldin í almennri skyndihjálp. Þar læra þátttakendur grundvallaratriði í skyndihjálp og endurlífgun. Markmiðið er að þátttakendur verði hæfir til að veita fyrstu hjálp á slysstað.
Námskeið12. september, 10. október og 7. nóvember kl. 18-22.
Þátttökugjald er 6.000 krónur.

Slys og veikindi barna
Þrjú námskeið verða haldin. Á námskeiðunum er fjallað um varnir gegn slysum á börnum og orsakir slysa almennt, þroska barna og slys sem tengjast aldri. Leiðbeint er í skyndihjálp við barnaslysum og áverkum af ýmsu tagi, endurlífgun barna, andlegum undirbúningi við komu barna á sjúkrahús o.fl. Námskeiðin geta gagnast öllum þeim sem umgangast börn hvort sem er í starfi eða daglegu lífi.
Námskeið 26.-27. september, 23.-24. október og 21.-22. nóvember kl. 18-21.
Þátttökugjald er 8.000 krónur.

Sjálfboðaliðar Kópavogsdeildar fá ókeypis á námskeiðin og félagsmenn sem greitt hafa félagsgjaldið fyrir 2012 fá 10% afslátt. Frekari upplýsingar og skráning er á www.raudikrossinn.is/kopavogur. Einnig er hægt að hafa samband í síma 554 6626 og á kopavogur@redcross.is

Rauði krossinn
Kópavogi

Rauðakrosshúsið Hamraborg 11 • Opið alla virka daga kl. 9-15 • raudikrossinn.is/kopavogur



ÚTSALA Í gær hófst árleg útsala Veiðiportsins þar sem hægt er að gera góð kaup á flestu því sem viðkemur stangveiði. MYND/TÓMAS SKÚLASON

# GERA GÓÐ KAUP

**VEIÐIPORTIÐ KYNNIR** *Verslunin Veiðiportið hóf sína árlegu útsölu í gær og mun hún standa yfir fram yfir helgi. Slöngubátur verður seldur hæstbjóðanda.*

Hin árlega útsala Veiðiportsins hófst í morgun og stendur yfir þangað til á sunnudag. „Þetta hefur verið árviss viðburður hjá okkur í Veiðiportinu í níu ár. Fólk bíður eftir þessari útsölu og við þurfum að hleypa inn í hollum,“ segir Tómas Skúlason, eigandi Veiðiportsins.

Á útsölunni má fá veiðistangir á allt að áttatíu prósenta afslætti. „Við verðum með veiðihjól á 2.500 krónur, vöðlur á 6.000, klofstígvél á 5.000 krónur, silungaflugur á hundrað krónur, laxatúbur á 250 krónur og svo mætti lengi telja. Við höfum stimplað okkur inn á þennan markað með því að vera ódýrastir. Þegar útsalan bætist ofan á eru vörurnar hér orðnar gríðarlega ódýrar, enda renna safaríkustu vörurnar á útsölunni út. Menn eru búnir að bíða lengi eftir útsölunni okkar og spyrja út í hana mörgum vikum áður en hún hefst.“

Veiðiportið sérhæfir sig í vörum fyrir stangveiði og leggur áherslu á persónulega og góða þjónustu. „Starfsmennirnir á bak við borðið hjá okkur eru allir reyndir veiðimenn og leiðsögumenn þannig að við ættum að geta leiðbeint fólki um val á búnaði. Hér geta veiðimenn komið og gert góð kaup og græjað sig upp fyrir næstu vertíð. Við veitum einnig veglegan afslát af slöngubátum og ætlum að ljúka útsölunni á sunnudaginn með því að bjóða upp sýningareintakið sem hefur verið fyrir utan búðina og það verður selt hæstbjóðanda.

Veiðiportið heldur uppi netverslun þar sem fá má allar vörur fyrirtækisins. „Ég viðurkenni það að við höfum ekki mikinn tíma til að afgreiða pantanir sem berast í gegnum netið vegna anna við útsöluna en við munum fara í það strax eftir helgi en við svörum öllum tölvupósti sem berst,“ segir Tómas.

### Á GRANDA

***Veiðiportið er á Grandagarði 3 og nánari upplýsingar um verslunina má fá á heimasíðu hennar, Veidiportid.is.***

# VÍNHÁTÍÐ Á HOLTINU

*Friðgeir Ingi Eiríksson, yfirmatreiðslumaður á Hótel Holti, fagnar 100% útkomu í erlendri úttekt um leið og hann býður til franskrar veislu með eðalvínum frá Bordeaux-héraðinu.*

Ég er himinlifandi yfir þessari útkomu en hún sýnir að við erum að gera hlutina rétt,“ segir Friðgeir Ingi en Gallery restaurant á Hótel Holti fékk 100 stig af 100 mögulegum í óháðri úttekt á vegum Institute for Hospitality Management, Þetta er í fyrsta skipti sem íslenskur veitingastaður fær slíka úttekt. Viðmiðin virðast svipuð og í Michelin-úttekt en Friðgeir Ingi starfaði á frönsku Michelin-veitingahúsi nálægt Lyon í Frakklandi um fimm ára skeið og þekkir því vel kröfurnar sem gerðar eru. „Við höfðum ekki hugmynd um að þessi úttekt væri í gangi,“ segir Friðgeir. „Við fengum ábyrgðarbréf í pósti um að hún hefði farið fram og að við hefðum fengið fullt hús stiga. Það var afar ánægjulegt,“ segir hann ennfremur. „Þetta er frábær viðurkenning á því sem við erum að gera.“

Um helgina verða franskir vínbændur frá Bordeaux á Holtinu. „Við erum búnir að safna góðum vínárgöngum frá þessu svæði í nokkurn tíma í sendingu sem er komin í hús. Þess vegna bjóðum við til veislu um helgina. Allir matargestir fá að kíkja í vínkjallarann og smakka. Síðan verður snæddur íslenskur matur eldaður á franskan máta. Það er búið að tína fyrir okkur lerkisveppi, kóngasveppi og aðra villisveppi í náttúrunni. Síðan verðum við með sérverkað kálfakjöt, nautakinnar og hrossalundir. Frönsku eðalvínin verða drukkin með en þetta er gott tækifæri fyrir vínáhugamenn að smakka þau. Flaska af þessum vínum kostar yfir tólf þúsund krónur en vegna samstarfs okkar við vínbændurna getum við veitt þau á verði sem er sambærilegt við önnur matarvín. Þessi vín fást ekki hér í vínbúðum,“ segir Friðgeir Ingi en hótelið reynir að vera með stóra uppákomu einu sinni á ári. „Hingað hafa komið vínbændur frá Spáni og Ástralíu.“

Fyrir mataráhugafólk má nefna að Friðgeir er með námskeið á Holtinu þar sem hann kennir hvernig á að framreiða þriggja rétta máltíð. „Við reynum að útskýra að það sé á allra færi að elda mat,“ segir Friðgeir Ingi sem hefur tekið þátt í ýmsum matreiðslukeppnum bæði með íslenska landsliðinu í matreiðslu og í Frakklandi.



**HÁTÍÐ Í BÆ** Það verður mikil gleði á Holtinu um helgina hjá Friðgeiri Inga yfirkokki og gestum hans. MYND/STEFÁN

### NÁMSKEIÐ

***Hægt er að forvitnast meira um námskeiðin á heimasíðu Holtsins www.holt.is***

# ENDURMENNTUN

FÖSTUDAGUR **7. SEPTEMBER 2012**

**Kynningarblað** Fróðleikur, æfingar, skemmtun og fjölbreytt námskeið



# Æfingar besta endurmenntunin

Björgunarsveitarmenn eru á meðal þeirra sem þurfa sífellt á endurmenntun að halda. **Björgunarskóli Slysavarnarfélagsins Landsbjargar** býður upp á námskeið í endurmenntun fyrir björgunarsveitarmenn.

Við bjóðum upp á endurmenntun fyrir þá sem þurfa ekki á fullri grunnmenntun að halda en þurfa að fríska upp á þekkinguna,“ segir Dagbjartur Kr. Brynjarsson, skólastjóri Björgunarskóla Slysavarnafélagsins Landsbjargar.

„Endurmenntun er afskaplega nauðsynleg fyrir okkur. Æfingar eru þó í raun mesta endurmenntun björgunarsveitamanna. Þar æfa menn sig reglulega fyrir ákveðna þætti sem eru nauðsynlegir. Mikil áhersla er lögð á að æfa sig við eins raunverulegar aðstæður og hægt er. Hin raunverulega endurmenntun fer fram þar, þegar menn vinna saman að settu markmiði. Það er gerð sú krafa að fólk viðhaldi þekkingu sinni með því að mæta á endurmenntunarnámskeið og taka þátt í æfingum. Einnig þarf að standast lokapróf eða ákveðið námsmat. Mesta pressan á fólk kemur hins vegar frá björgunarsveitarmönnunum sjálfum. Fólk þarf að geta treyst því að náunginn við hliðina sé hæfur og sé tilbúinn þegar á þarf að halda,“ segir Dagbjartur.



Endurmenntun björgunarsveitarmanna er þeim afar nauðsynleg.

Björgunarskólinn býður upp á námskeið um allt sem snýr að björgunarmálum. „Námi björgunarsveitarmanna er skipt í þrjú grunnnámskeið. Margar björgunarsveitir gera þá kröfu á sitt fólk að það hafi lokið fyrsta grunnnámskeiði áður en það fer í björgunaraðgerðir. Á öðru námskeiðinu byrjar fólk sína sérhæfingu sem getur verið á hvaða sviði sem er. Þegar fólk hefur lokið þriðja námskeiðinu er það orðið sérfræðingar á ákveðnu sviði. Við bjóðum svo upp á endurmenntun í grunnnáminu og fagnáminu. Endurmenntunin er þá upprifjun á því sem fólk hefur lært á hinum námskeiðunum og ef eitthvað nýtt hefur bæst við.“




COMENIUS
FYRIR LEIK-, GRUNN- OG FRAMHALDSSKÓLASTIGIÐ

STYRKIR til endurmenntunar kennara:

- NÁMSKEIÐ
- RÁÐSTEFNUR
- NÁMSHEIMSÓKNIR

Næsti umsóknarfrestur er 17. september 2012

Menntaáætlun Evrópusambandsins

Kynntu þér málið á www.comenius.is






Aukin þekking - fjárfesting til framtíðar

Háskóli Íslands býður upp á úrval námskeiða í viðskiptafræði með vinnu.

Námskeið kennd í október - nóvember

- Inngangur að stjórnun
- Utanríkisverslun
- Vörumerkjastjórnun
- Rekstrarhagfræði I
- Tjáning og samskipti
- Stærðfræði B

Námskeið kennd í nóvember - desember

- Inngangur að fjárhagsbókhaldi
- Stjórnun og skipulagsheildir
- Einstaklingsskattaréttur
- Þjóðhagfræði I
- Markaðsrannsóknir

Nánari upplýsingar á www.vmv.hi.is

HÁSKÓLI ÍSLANDS
VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD





GRUNDTVIG
FULLORÐINSFRÆÐSLA

STYRKIR til endurmenntunar fyrir alla sem starfa við fullorðinsfræðslu

- NÁMSKEIÐ
- RÁÐSTEFNUR
- NÁMSHEIMSÓKNIR

Næsti umsóknarfrestur er 17. september 2012

7. SEPTEMBER 2012

# Lífið

FRÆGIR Á GESTALISTA

GLAMÚR Í NIKE-TEITI

ÍGLÓ OPNAR Á METTÍMA



## LÍFIÐ ER BARA ALLS KONAR

ÁGÚSTA EVA ERLENDSDÓTTIR ER ÞAKKLÁT FYRIR LÍF SITT, TÆKIFÆRIN, MÓÐURHLUTVERKIÐ OG SILVÍU NÓTT

## HVERJIR VORU HVAR?

Þjóðþekktir einstaklingar mættu með börn sín á opið hús Borgarleikhússins síðustu helgi. Þar mátti sjá leikarana **Stefán Karl Stefánsson** með syni sínum, **Arnbjörgu Hlíf Valsdóttur** og **Kolbrúnu Halldórsdóttur** formann Bandalags íslenskra listamanna. Leikararnir Þórunn Clausen og Björn Jörundur, sem fara með aðalhlutverkin í barnaleikritinu Gulleyjunni sem frumsýnt verður eftir viku, tóku sig áberandi vel út sem sjóræningjar og virtust skemmta sér jafn vel og þúsundir gesta sem mættu til að berja þau augum.









Lífið

UMSJÓN
Ellý Ármanns elly@365.is
Kolbrún Pálína Helgadóttir kolbrunp@365.is

Útgáfufélag 365 miðlar ehf.
Forsíðumynd Valgarður Gíslason
Útlitshönnun Arnór Bogason
Auglýsingar Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is
Lífið Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
www.visir.is/lifid



Framleiðendurnir: Ingvar Þórðarson, Gísli Gíslason lögfræðingur og Júlíus Kemp. MYND/SIGURJÓN RAGNAR



# NÝBAKAÐUR FAÐIR Á FROSTI

Glæsikonan **Harpa Þórunn Pétursdóttir**, lögfræðingur hjá Orkustofnun, og Júlíus Kemp leikstjóri eignuðust stúlku á mánudaginn. Tveimur dögum síðar, á miðvikudagskvöldið, mætti nýbakaður faðirinn sultuslakur á forsýningu kvikmyndarinnar Frosts sem hann framleiðir ásamt Ingvari Þórðarsyni en það er Reynir Lyngdal sem leikstýrir. Fyrir eiga Harpa og Júlíus saman fjögurra ára son en einnig á Júlíus tvo syni úr fyrra sambandi og því óhætt að segja að þau eigi barnaláni að fagna.

# KVÆNTUR Í 20 ÁR





„Tekin á brúðkaupsdaginn 5. september 1992. Nú eru liðin 20 ár og „still going strong". Jóhannes Long tók myndina," segir Siggi.

„Við kynntumst á vinsælasta skemmtistað þess tíma, á Broadway við Álfabakka, árið 1988. Þá var ég sjóðheitur útvarpsmaður á næturvöktum á Stjörnunni FM 102,2. Við giftum okkur fjórum árum síðar og vorum ekkert að hika við þetta," segir útvarpsmaðurinn Siggi Hlö, stoltur eiginmaðurinn, en hann hefur verið kvæntur Þorbjörgu Sigurðardóttur í hvorki meira né minna en tuttugu ár. Saman eiga þau börnin Hlöðver og Matthildi sem eru að verða 23 og 19 ára.

### Bylgjuball í Vodafone-höllinni

Siggi hefur í nægu að snúast burtséð frá því að rækta hjónabandið því hann heldur „Veistu hver ég var – Bylgjuball" í Vodafone-höllinni annað kvöld. Þar ætlar útvarpsstjarnan að fagna með hlustendum þáttarins sem hefur verið á dagskrá Bylgjunnar í tæp fimm ár en þetta verður fyrsta stóra ball þáttarins. Ansi breiður hópur hlustar á þáttinn hans Sigga en kjarninn er 25-50 ára. „Það er ekki skylda að koma í 80´s-fatnaði en grifflur og ennisbönd, eitthvað smá, myndi gera kvöldið frábært," segir Siggi.

Heft eftir viðskiptavinum okkar:

Vilborg: Ég vaknaði á venjulegum tíma dreif mig í sturtu, eftir hana eyddi ég 5 mínútum í hárið, ég vissi ekki hvað ég átti að gera við næstu 45 mínúturnar sem ég yfirleitt eyddi í hárið á morgnanna!

Guðlaug: Besta fjárfestingin sem ég hef gert hvað varðar hár mitt !



SALON REYKJAVÍK

Hvet þig til að koma og prufa NATURA KERATIN kraftaverkameðferð sem virka!



Byltingakennd meðferð þar sem keratin og aloe barbadensis er notuð til að innsigla hárið. Mögnuð meðferð sem gerir hárið mjúkt, sléttari, heilbrigt og glansandi. Þessi meðferð virkar eins og kraftaverk á þurrt, úfið, viðkvæmt og brotthætt hár. Besti kosturinn fyrir litað hár, hár með strípum eða skemmt hár.

SALON REYKJAVÍK SÍMI: 56 85 305
GRANDAGARÐUR 5 101 REYKJAVÍK

# FRÆGIR Á GESTALISTA WOW

Heyrst hefur að Skúli Mogensen og teymið hans hjá WOW air ætli að bjóða útvöldum einstaklingum til sín í höfuðstöðvarnar í Höfðatúni í risastórt partí um næstu helgi þar sem helstu stjörnur landsins koma saman. Þar verður mikið um óvæntar uppákomur sem munu koma gestum skemmtilega á óvart. Boðslistinn er ekki af verri endanum en nöfn eins og Logi Bergmann fjölmiðlamaður, Annie Mist heimsmeistari, Þórunn Antonía söngkona, Steindi jr. sjónvarpsstjarna, Hafdís Jónsdóttir framkvæmdastjóri, Liv Bergþórs forstjóri, Simmi og Jói athafnamenn, Rikka sjónvarpskona, Leifur B. Dagfinnsson kenndur við True North og Bragi Valdimar Skúlason Baggalútsmaður eru á gestalistanum.



Skúli Mogensen.

Annie Mist heimsmeistari.

Liv Bergþórsdóttir stjórnarmaður Wow air.

Logi Bergmann er stuðbolti, það vita allir.

Simmi og Jói kunna að skemmta sér og öðrum.

Steindi jr. er ofarlega á gestalistanum.

Þórunn Antonía sem gaf nýverið út plötu er vinsæl um þessar mundir.

Leifur B. Dagfinnsson hugsar vel um allar Hollywood-stjörnurnar sem koma til Íslands að taka upp kvikmyndir.




Epal hf. Skeifunni 6 Sími 568 7733 epal@epal.is www.epal.is



# TAUMLAUS GLEÐI Í TJARNARBÍÓI

Fjölmenni mætti í Tjarnarbíó á formlega opnun netverslunar Nike.is í gærkvöldi. Glæsileikinn og ekki síður gleðin var allsráðandi en fjölmiðlakonan Ragnhildur Steinunn var kynnir.

MYNDIR/SIGURJÓN RAGNAR

› Sjá nánar á visir.is/lifid










Signatures Of Nature

Organic Beauty



**Dekur Fyrir Líkama - Tilboð**
Frábær meðferð fyrir alla sem vilja stuðla að heilbrigðari og fallegri húð. Líkamsmeðferð sem þú stundar heima 1x í viku, frábær leið til að örva sogæðakerfið og dekra við sig heima, leiðbeiningar fylgja meðferðinni. Meðferðinni fylgir Olíu body skrúbb-Lífræn næringarrík líkamsolía-líkamsbursti.
**Verð 8490 kr**






Vertu með okkur á



**Body Butter**
Body butters sem næra húðina og vinna sérstaklega vel á þurrkublettum. Inniheldur gríðarlega mikið magn af E vítamíni. Tilboðsverð 5990 kr



**Ilmkerti - Reykelsi**
Íslensk handgerð ilmkerti og reykelsi, koma í mörgum yndislegum ilmum. Kertin endast allt að 67 klst.



Húðin er stærsta líffæri líkamans. Hugaðu vel að henni með hreinni vöru. Með hreinni vöru nærðu að viðhalda frísklegri húð.

www.signaturesofnature.is
smáralind 2.hæð S: 511-1009
signaturesofnature@signaturesofnature.is


## 50 GRÁIR SKUGGAR
eftir EL James

# BÓKIN SEM ALLIR ERU AÐ TALA UM

### ELÍN HRÖNN GEIRSDÓTTIR



„Já bókin sem breskar húsmæður dýrka og dá. Hvað get ég sagt. Þessi bók verður seint talin til bókmenntaafreka Breta en fær mann til að roðna niður í tær við lesturinn og sjá já, ýmislegt í nýju ljósi. Í Bretlandi er talað um húsmæðraklám.“

### ÚRSÚLA LINDA JÓNASDÓTTIR



„Fyrsta bókin er geggjuð. Ég las hana á innan við viku, gat ekki lagt hana frá mér, í staðinn fyrir að hafa það kósý yfir sjónvarpinu á kvöldin þá var bókin tekin og lesið og lesið. Ég tók hana meira að segja með mér í vinnuna og las þegar ég hafði lausan tíma. Það er eitthvað við þessar bækur sem að fær þig til að vilja lesa þær og ekki hætta. Herra Grey er spennandi og dularfullur og þig langar að vita meira eða allavega var það svoleiðis hjá mér. Ég las bækurnar eftir að tengdó sagði að ég yrði að lesa þær og ég sé sko ekki eftir því. Þetta eru geggjaðar bækur sem að engin kona ætti að sleppa að lesa.“




# HÓL VIKUNNAR



Hól vikunnar fær Svanhildur Hólm, fyrrverandi framkvæmdastjóri þingflokks Sjálfstæðisflokksins, sem var í vikunni ráðin aðstoðarmaður Bjarna Benediktssonar, formanns Sjálfstæðisflokksins. Það er vissulega fagnaðarefni þegar íslenskar konur takast á við krefjandi störf og þá sér í lagi þegar stjórnmál eru annars vegar. Lífið óskar Svanhildi, sem starfaði meðal annars sem dagskrárgerðarkona í Íslandi í dag á Stöð 2, farsældar í nýja starfinu.


áður 129.900.-
79.900
Svefnsófi 3 litir
Rauður, fjólublár og grár
3 FYRIR 2
AF KERTUM
50%
BEKKUR
áður 45.900.-
Verð nú 22.950-
SKÁPUR
55.930
áður 79.900.-
ADELINE HÚSGÖGN
30% AFSLÁTTUR
3 FYRIR 2
AF ÖLLUM GLÖSUM
SKENKUR
104.900
áður 149.900.-
Við minnum á
LAGERSÖLUNA 50-80%
AFSLÁTTUR
Á Korputorgi
- gengið inn að aftan!
Föstudaginn 7. september og
Laugardaginn 8. september
Opið frá 11-17:30
the PIER
Útlitsgölluð húsgögn, sófar,
sumarhúsgögn, púðar, kerti,
vasar... ofl. ofl.
SMÁRATORGI 522 7860 · KORPUTORGI 522 7870 · GLERÁRTORGI 522 7880

# LÍFIÐ ER BARA ALLS KONAR

**Ágústu Evu Erlendsdóttur þarf vart að kynna en hún kynnti sig hressilega fyrir þjóðinni í hlutverki sínu sem Silvía Nótt fyrir nokkrum árum. Síðan hefur ferill þessarar einlægu leikkonu blómstrað, söngrödd hennar hljómað víða og hún orðin móðir. Lífið hitti Ágústu Evu.**

**Leikkona, ungamamma, þjálfari í Mjölni og svo margt fleira, hvernig gengur lífið?** Eins og í sögu. Ég gæti ekki einu sinni haft hugmyndaflug í að búa til svona söguþráð, svo vel gengur lífið.

**Þú leikur skemmtilega persónu í Ávaxtakörfunni sem var frumsýnd á dögunum, Evu appelsínu. Hvernig var að leika í myndinni?** Það var mjög skemmtilegt að leika í Ávaxtakörfunni, svolítið skrítið að leika appelsínu, en það vandist skringilega vel, maður var líka svo upptekinn við að horfa á hina leikarana í ávaxtabúningum, ég held ég hafi líka svolítið gleymt mér í mínum búningi sökum háu hælanna sem ég var í. Datt bara í Evu-appelsínu-gírinn. Okkur fannst þetta öllum mjög fyndið og skemmtilegt verkefni og við skemmtum okkur konunglega.

## Með soninn í fyrsta sinn í bíó

**En hvernig er tilfinningin að sjá sig á hvíta tjaldinu, venst hún einhvern tímann?** Já, hún gerir það nefnilega, hún venst. Fyrst, þegar ég lék í Mýrinni, engdist ég alveg um í sætinu mér fannst það svo pínlegt, en núna þegar ég horfði á Ávaxtakörfuna var ég vissulega með smá í maganum og ég held að það fari kannski aldrei alveg en ég var alveg róleg og góð „á´õí“ ef svo má segja.

**Hvað fannst syni þínum um myndina?** Þetta var í fyrsta skiptið sem hann fór í bíó, hann skemmti sér mjög vel og dansaði með strax frá byrjun, hann dansaði að vísu mest við Einmana-lag Jarðarbersins, en það var bara krúttlegt.

## Tvær stórar myndir fram undan

**Ertu að vinna í fleiri spennandi verkefnum núna sem þú getur sagt okkur frá?** Ég er í leikhúsi, ég er að sýna fjölskyldusýningu sem heitir Ævintýri Múnkhásens. Ég er þar með Gunnari Helgasyni og fleiri góðum. Við byrjuðum að sýna síðasta vetur og það gekk svo hrikalega vel að við ákváðum bara að halda því áfram. Svo er ég í grunnvinnu fyrir nokkur verkefni sem eru öll mjög spennandi og ég hlakka til að takast á við. Á planinu svo í vetur eru tvær myndir, önnur þeirra er Grafarþögn, sem er framhald af Mýrinni. Sú mynd hefur verið á planinu frekar lengi en sökum anna hjá sankti Baltasar Kormáki hefur henni verið ýtt áfram í tíma, en vonandi hefst það núna. Hin er svo Borgríki 2, við erum að gera allt sem við getum til að láta það verða að veruleika.

## Erfitt að útskýra töfrana

**Áttu þér eitthvert draumahlutverk/verkefni?** Nei, ekkert þannig, en maður sækist eftir þessum töfrum sem stundum gerast þegar maður er í hlutverki eða í einhverju stykki eða verki. Það er erfitt að útskýra en það er bara þannig,



**ÁGÚSTA EVA ERLENDSDÓTTIR**
**ALDUR?** 30
**STARF?** Leikkona með meiru
**HJÚSKAPARSTAÐA?** Á kærasta sem heitir Jón Viðar
**BÖRN?** Á eins árs son sem heitir Þorleifur Óðinn Jónsson






FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | SPORT | UMRÆÐAN | ÚTVARP | LÍFIÐ | SJÓNVARP

5 ÚTVARPSSTÖÐVAR Í BEINNI




vísir
- oft á dag

það gerist stundum og maður veit þegar maður er í þannig hlutverki, það eru einhverjir töfrar sem maður upplifir. Ég hef fengið að upplifa það nokkrum sinnum og vonandi verður ekki langt í næsta svoleiðis hlutverk.

### Leiklist raunhæft lifibrauð

**Hvenær ákvaðstu að þú ætlaðir að verða leikkona?** Ég fann að leiklistin var eitthvað allt annað og meira en ég hafði upplifað þegar ég var í leikriti sem hét Kolla og stöðumælaverðirnir, í leikstjórn Harðar Sigurðarsonar í Leikfélagi Kópavogs. Þá fattaði ég að þetta var eitthvað sem ég átti brýnt erindi við. En það var svo þegar ég var í Silvíu Nótt að ég áttaði mig á því að það var raunhæft fyrir mig að hafa lifibrauð af því að leika, sem er bara best í heimi.

**Hvað með fögru söngröddina þína, ætlarðu að nota hana eitthvað frekar á næstunni?** Ég nota hana alltaf reglulega og hún kemur vissulega að góðum notum, það er ekkert á planinu akkúrat núna en ég veit að það verður ekki langt í það svona af gefinni reynslu. Ég syng reyndar heilmikið í Ávaxtakörfumyndinni sem er núna í bíó. Mér finnst mjög gaman að syngja.

### Þykir vænt um Silvíu Nótt

**Hvað er að frétta af Silvíu Nótt – saknarðu hennar ekkert?** Jú og nei, samt meira jú. Mér þykir gríðarlega vænt um hana og það var ótrúlega gaman að fá að sprella svona í henni. Takk Skjár einn!

**Munum við sjá hana aftur?** Það veit enginn sína ævi fyrr en öll er og skjótt skipast veður í lofti og allt það. En nei, ég hugsa ekki. Þetta var gjörningur sem átti sinn líftíma og okkur fannst rétt að ganga frá henni Silvíu okkar ofan í kistu, að sinni, í þátíð – en síðan eru liðin mörg ár að þeir greidd´ í píku.

### Elskar að hata Eurovision

**Ertu mikill Eurovision-aðdáandi eftir að þú tókst þátt fyrir Íslands hönd?** Nei, alls ekki, ég hef aldrei verið mikill aðdáandi Eurovision. Ég held ég hafi horft á einu sinni eftir að ég fór. Ætli þetta sé ekki svona „ég elska að hata það“-dæmi. Hata er kannski fullgróft en taugarnar verða vissulega tæpar á tímum, stundum kátlegt, stundum hjákátlegt. En ég verð samt að segja að lagið sem vann síðast, frá Svíþjóð er það besta allra tíma sem hefur komið í þessa „keppni“, já og mér finnst líka asnalegt að keppa í listum, en það er annað mál. Stundum þykir mér samt ótrúlega vænt um Eurovision-aðdáendur og finnst þetta bara gaman og gaman að fólki finnist þetta gaman.

Mér fannst vissulega ánægjulegt að fá að tjá tilfinningar mínar og gremju gagnvart þessu fyrirbæri í gegnum Silvíu. Ég veit eiginlega ekki hvað á að kalla þetta appa-

FRAMHALD Á SÍÐU 8

> „En það var svo þegar ég var í Silvíu Nótt að ég áttaði mig á því að það var raunhæft fyrir mig að hafa lifibrauð af því að leika, sem er bara best í heimi.

## Dagur í lífi Ágústu Evu

**Dagur í lífi? Dagarnir mínir eru jafn ólíkir og þeir eru margir þannig að það er frekar erftitt að gefa fólki góða sneiðmynd af vinnudeginum hjá mér.**

**En í morgun…**

**08.00** Sofandi.

**10.00** Bombi að vekja mig.

**12.00** Við Bombi að borða egg og beikon og horfa á Lion King.

**14.00** Búin að sinna brýnum heimilisstörfum og fara á Gló með Mjölnisfólki og barnið svæft úti í kerru.

**16.00** Er að vinna í tölvunni.

**18.00** Æfing.

**20.00** Sinna Óðinsbúð og fara í talsetningu.

**22.00** Heimferð, kvöldmatur, spila ufc-leikinn og borða gott.

**24.00** Smá vídeógláp, smá vinna og svefn einhvern tímann milli 24.00 og 02.00.





Advanced Night Repair
30 ára þróun með byltingarkenndum DNA rannsóknum.

**Nýtt: Læknisfræðilegar rannsóknir sanna að húðin verður betri og betri.**

Einstakt Tax Free* tilboð** á afmælisútgáfu Advanced Night Repair dropanna dagana 6. -10. september í verslunum Hagkaups.

30ml Advanced Night Repair, verð áður 12.599.- **Verð með Tax free afslætti 7.967.-**
50ml Advanced Night Repair, verð áður 18.299.- **Verð með Tax free afslætti 11.553.-**

*Tax free, jafngildir 20,32% afslætti. **meðan birgðir endast

esteelauder.com

ESTĒE LAUDER

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

FRAMHALD AF SÍÐU 7

rat, þetta er svo skrítið. Auðvitað verður maður samt að bera virðingu fyrir að sumum finnst gott að borða sand. Það getur líka verið góð skemmtun í því, að horfa á fólk borða sand.

### Manneskjan fullkomið fyrirbæri

**Nú ertu orðin mamma, er eitthvað sem toppar það hlutverk?** Ekkert hlutverk er eins og auðvitað þykir manni misvænt um hlutverk. Ég verð að segja að mér þykir vissulega vænst um þetta, þetta litla dýr, hann Bomba minn.

**Er eitthvað sem hefur komið þér sérstaklega á óvart við það að eignast barn/ala upp barn?** Hmm… já, á óvart er kannski ekki rétta orðið en það er sko heilmargt öðruvísi en ég hafði ímyndað mér. Það merkilegasta sem ég hef uppgötvað er hvað manneskjan er fullkomið fyrirbæri og hversu margt gerist bara af sjálfu sér, án þess að maður sé að reyna að stjórna því eða fara eftir uppskrift. Við þurfum t.d. ekki að lesa okkur til um allt í sambandi við barnið eða hvernig eða hvenær á að gera hitt eða þetta. Barnið vex, sefur, borðar, leikur sér – allt bara á sínum tíma. Svefnvenjur og allt kemur af sjálfu sér, hann grætur ef hann vantar eitthvað og það eina sem við höfum þurft að gera er að hlusta á hann og við fylgjum honum bara, hann er alveg með þetta. Það finnst mér merkilegt og lotningin fyrir þróun mannsins í gegn um tíðina dýpkar vissulega.

## Uppáhalds

**Hreyfing?** No-gi grappling í Mjölni. NO-Gi þýðir Enginn galli, það er sem sagt gólfglíma án galla

**Matur?** Argentína-nananana

**Dekur?** Nudd, takk fyrir bless

***Tímarit?*** Ég hef séð svoleiðis í hillum

**Heimasíða?** ufc.com

**Sjónvarpsþáttur?** UFC, Deadwood, Nighty night, Office, League of gentlemen

### Mömmur eru ótrúlegar

**Hvernig hefur gengið að sameina vinnu, móðurhlutverkið og auðvitað sambandið?** Það hefur verið og er púsluspil, sætt púsluspil innan fjölskyldunnar. Við eigum yndislega fjölskyldu og það er ómetanlegt að eiga svona góða að. Það er búið að vera vægast sagt brjálæði að gera með Mjölnissprengjurnar ofan á allt annað. Barnið okkar er ekki hjá dagmömmu eða á leikskóla. Við Jón Viðar erum vissulega mjög heppin með vinnu og getum raðað henni svolítið, og það hjálpar líka. Mömmur, maður, eru ótrúlegar. Mamma hætti að vinna nú í ár og hún er búin að vera alveg rosaleg, við erum henni mjög þakklát. Ég vona að ég verði svona góð mamma þegar fram líður. Tengdamamma mín er líka yndisleg og ég rifna úr gleði, ég er svo heppin með hana.

### Vinnur að því að þroskast

**Hvað heldur þér gangandi þegar álagið er sem mest?** Sko. Stundum er erfitt, stundum leiðinlegt en alltaf svo miklu oftar gaman og það er aldrei langt í þá tíma, þeir koma ört og óvænt. Lífið er bara alls konar og það þýðir ekkert að vera að grenja undan því.

**Hvar sérðu þig eftir tíu ár?** Það er sko leyndarmál, maður má ekki segja frá því sem maður óskar sér en ég get samt sagt það að ég á frekar fullkomið líf og mig vantar ekkert, en ég auðvitað vinn að því að þroskast og þróast sem manneskja, þar er sko komið loforð um góða framtíð og það verkefni bíður á hverjum degi.

**Eitthvað að lokum?** „Be like water my friend – running water never grows stale, so you just got to keep on flowing.“ -Bruce Lee.









# LANCÔME

NÝTT: NÚ FÁANLEGT Í 2 LITUM.

## CULT VARA

eftir Hildi Ingadóttur snyrtimeistara

**LOFORÐIN**
ALVEG DRAUMUR:
Í FYRSTA SINN* AUGNKREM SEM ER MEÐ 2 FORMÚLUM SEM VINNA Á ÖLLU AUGNSVÆÐINU LÍKT OG AUGNAÐGERÐIR. FULLKOMIN YNGINGARMEÐFERÐ FYRIR AUGNSVÆÐIÐ.

**ÁFERÐ**
YNDISLEG LÉTT KREM ÁFERÐ ÁN ILMEFNA SEM BRÁÐNAR INN Í HÚÐINA. KREM/GRUNNURINN ER ÞUNNUR, GEFUR FALLEGAN LJÓMA OG LÝSIR UPP AUGNSVÆÐIÐ.




**TÆKNIN**
**Formúla 2:** LÝSANDI OG VERNDANDI KREM/GRUNNUR SEM DREGUR ÚR BAUGUM, SLÉTTIR AUGNPOKA OG LÝSIR UPP AUGNSVÆÐIÐ.

**Formúla 1:** LYFTANDI AUGNKREM SEM DREGUR ÚR HRUKKUM OG FÍNUM LÍNUM, ÞÉTTIR AUGNSVÆÐIÐ OG LYFTIR AUGNLOKUNUM MEÐ ÞVÍ AÐ ÖRVA FRAMLEIÐSLU KOLLAGENS OG ELASTÍNS.

**ÁHRIFIN**
RANNSÓKNIR SÝNA AÐ EFTIR AÐEINS 4 KLST. ER HÚÐLITURINN BJARTARI. Á EINUM MÁNUÐI DREGUR ÚR HRUKKUM OG AUGNPOKUM, DÖKKIR BAUGAR MINNKA...

**HILDUR INGADÓTTIR MÆLIR MEÐ RÉNERGIE YEUX MULTIPLE LIFT**
AUGNSVÆÐIÐ VERÐUR SJÁANLEGA UNGLEGRA Á INNAN VIÐ MÁNUÐI. ÞAR AÐ AUKI FELUR KREMIÐ OG LÝSIR UPP DÖKKA BAUGA ÁN ÞESS AÐ DRAGA FRAM LÍNUR OG HRUKKUR. SANNARLEGA GLÆSILEG VARA FYRIR AUGNSVÆÐIÐ.

**UMBÚÐIRNAR**
NÝJUNG! LÚXUSUMBÚÐIR MEÐ TVEIMUR HÓLFUM. ANNAÐ ER FYRIR AUGNKREMIÐ, HITT FYRIR KREM/GRUNNINN OG SPEGILL Í LOKINU.

RÉNERGIE YEUX MULTIPLE LIFT FRÁ LANCÔME
ALGENGT VERÐ 10.748kr.

*FRÁ LANCÔME

## GUÐRÚN TINNA:



Framkvæmdastjóri Ígló er Guðrún Tinna Ólafsdóttir. Tinna er með meistaragráðu í fjármálum og stjórnun frá HÍ. Hún starfaði frá árinu 2002 til 2009 hjá Baugi Group, lengst af við stjórnun á smásölufyrirtækjum Baugs á Norðurlöndum. Má þar nefna Haga, Magasin du Nord, Illum, Day Birger et Mikkelsen og Topshop.

***Guðrún Tinna á fjögur börn.***

## HELGA:



Stofnandi, yfirhönnuður og þróunarstjóri Ígló er Helga Ólafsdóttir. Hún er með gráðu í fatahönnun frá Hellerup Textile College (heitir KEA í dag) í Kaupmannahöfn og hefur enn fremur stundað fatahönnunarnám í London. Helga hefur mikla reynslu að baki innan alþjóðlega tískuheimsins. Þar má nefna að hún hafði yfirumsjón með fyrstu fatalínu danska hönnuðarins Ilse Jacobsen, starfaði sem hönnuður hjá All Saints í London og Isay í Danmörku, hafði umsjón með vöruþróun hjá alþjóðlega tískumerkinu Nikita Clothing og hefur hannað fatnað fyrir Lazy Town.

***Helga á tvö börn og á von á því þriðja.***







# STUKKU Á TÆKIFÆRIÐ OG OPNUÐU BÚÐ Á METTÍMA

Íslenska barnafatamerkið Ígló opnar sína eigin búð í Kringlunni í dag. Þetta er fyrsta íslenska barnafatabúðin í Kringlunni og fjórða íslenska merkið sem rekur sína eigin búð í Kringlunni. Lífið spjallaði við þær kjarnakonur sem koma að opnuninni.

Ígló var stofnað haustið 2008, fyrsta fatalínan kom á markað haustið 2009 og hefur fyrirtækið sent frá sér sjö fatalínur, sú nýjasta er haust- og vetrarlína 2012. Ígló leitast við að hanna litrík, falleg, þægileg og endingargóð föt, flís-, hversdags- og sparíföt, sem henta atorkusömum og kátum krökkum á aldrinum 0-12 ára.



Verslunin verður opnuð í dag. Mikil vinna fór fram á stuttum tíma.

### Stukku á tækifærið

Þær Helga Ólafsdóttir, stofnandi, yfirhönnuður og þróunarstjóri, og Guðrún Tinna Ólafsdóttir framkvæmdastjóri segja aðdragandann að opnuninni mjög skamman. „Við höfum verið með verslun á Laugavegi síðustu árin en verið að leita að hentugra húsnæði þar. Rétt eftir verslunarmannahelgina bauðst okkur hins vegar gott pláss í Kringlunni. Ákvörðun var tekin og allt var sett vægast sagt á fullt."

Í kjölfarið var einnig ákveðið að stækka Ígló-línuna til muna og mun verslunin því fyllast af nýjum vörum með haustinu. Meðal þess sem bætist við verður aukið úrval fyrir ungabörnin og krakkana, sokkar, sokkabuxur, peysur og margt fleira. Jafnframt ákvað Ígló að bjóða til sölu nokkra skemmtilega hluti fyrir börnin og þurfti að vinna í því að velja þá sérstaklega. Hefur Helga Ólafsdóttir, yfirhönnuður Ígló, borið ábyrgð á þessari vinnu á liðnum dögum.

### Búð fyrir börn og fullorðna

Ingibjörg Agnes Jónsdóttir arkitekt tók að sér hönnun verslunarinnar og hefur hún þetta að segja um verkefnið: „Í mínum huga á barnafataverslun að vera bæði fyrir foreldrið og barnið. Ég veit það bara af eigin reynslu að það getur verið gjörsamlega ómögulegt að reyna að versla ef börnin eru með manni. Við vildum hafa búðina þannig að börnin vilji vera þar og að eitthvað spennandi og ævintýralegt væri þar fyrir þau. Við vildum búa til Ígló-heim sem væri skemmtilegur fyrir barnið og þægilegur fyrir foreldrið." Karitas Pálsdóttir, grafískur hönnuður hjá Ígló, er höfundur vegglistaverka í Ígló-búðinni. „Ígló-fötin eru litrík og þægileg og hönnuð til þess að börn geti leikið sér í þeim allan daginn. Með verslun okkar viljum við ná fram litríkum og skemmtilegum ævintýraheimi sem gleður jafnt börn sem fullorðna. Ígló-fötin einkennast af skemmtilegum smáatriðum og krúttlega Ígló-karlinum og vinum hans og verslunin þarf að endurspegla það."

### Fengu húsnæðið sex dögum fyrir opnun

Ígló fékk húsnæðið afhent aðeins sex dögum fyrir opnun og því hafa handtökin verið mörg og hröð. Tinna Ólafsdóttur segir gott samstarf starfsmanna Ígló og iðnaðarmanna hafa skipt sköpum í því að búðin var tilbúin á tilsettum tíma. Jafnframt segir Tinna að um mjög stórt stökk sé að ræða fyrir Ígló að stækka við sig. Því hafi fyrirtækið þurft að halda vel á spöðunum og lágmarka þann kostnað sem fylgir því að opna verslun. „Það bendir allt til þess að kostnaðurinn á bak við búðina verði innan við helming á við það sem kostar að meðaltali að standsetja og opna búð í verslunarmiðstöð."

### Þurftu að hugsa út fyrir rammann

Og þar sem aurinn var sparaður við opnunina þurfti að hugsa í skemmtilegum lausnum. „Stundum kemur skemmtilegri útkoma út þegar fjárhagsramminn er þröngur því þá þarf að hugsa út fyrir rammann og stundum að nota hluti sem óhefðbundnir. Svo er þetta einnig spurning um hvar er sparað og í hvað er eytt. Þegar tímaramminn er stuttur myndast oft skemmtilegur andi hjá öllum sem koma að verkefninu. Það vinna allir þétt saman að því að klára hlutina og að láta allt ganga upp," segir Inga arkitekt að lokum stolt af verkefninu eins og gefur að skilja.

MYNDIR/VILHELM/EINKASAFN



Högni Stefán Þorgeirsson sá um að hanna hluta af innréttingunum, þ.e. kassa á veggina og svo barnarýmið og mátunarklefann en hann bjó til ákveðinn ævintýraheim fyrir börnin.







Á hverri Ígló-flík er Ígló-karlinn, vinur allra barna og geta þau tekið hann með sér hvert á land sem er.






# Bætt útlit í dag - bjartari framtíð

## Uppgötvaðu Age Defense BB Cream SPF 30 frá Clinique.

Hér er á ferðinni formúla með  vænan skammt andoxunarefna, sem er nægilega þekjandi til að láta hvers kyns misfellur hverfa eins og dögg fyrir sólu.

BB Cream á sér stóran og sannfærðan aðdáendahóp í Asíulöndum, því fegurðardísirnar þar vita að kremið er leiðin að lýtalausri húð.

Hjá Clinique gengur kremið undir nafninu Age Defense BB Cream. Vörnin gegn útfjólubláum geislum og  stuðlar að því að koma í veg fyrir ótímabær ellimörk og íblöndun sérstakra ljósnæmra efna mildar línur og hrukkur. Notaðu kremið eitt sér eða sem grunn fyrir förðun.

*„Ég hef oft óskað mér að eiga Photoshop sem væri ekki bara í tölvunni heldur kæmi í túpu. Nú hefur sá draumur ræst og ekki nóg með það því hann vinnur góðverk á húðinni í leiðinni. Hvað getur maður beðið  um meira en Photoshop í túpu“.*

*Rikka Sjónvarpskokkur*



CLINIQUE

Ofnæmisprófað. 100% ilmefnalaust.

Lífið

# ÁSDÍS RÁN Á LEIÐINNI Í SJÓNVARP

„Fram undan er þátttaka mín í sjónvarpsþættinum „VIP Big Brother“ í Búlgaríu. Þættirnir eru með sama stíl og Big Brother nema þar eru þátttakendurnir þekktir einstaklingar og er þetta vinsælasta sjónvarpsefnið hérna. Ég er búin að fá tilboð frá þeim og núna er bara verið að ræða reglur og skilmála. Ef allt gengur vel og ég skrifa undir þá fer ég inn í Big Brother-húsið eftir tvær vikur, Þetta ætti allt að koma í ljós á næstu dögum en eins og er eru 50/50 líkur þar sem ég er ekki sátt við alla skilmála. Framleiðslufyrirtækið velur þátttakendur árlega í þættina en þeir höfðu samband við mig í júní, þannig bauðst mér þetta tækifæri. Ég fékk áður tilboð fyrir tveimur árum með Garðari (Gunnlaugssyni) en það gekk ekki upp þá. Þátturinn virkar þannig að vikulega er einhver kosinn út úr þættinum af almenningi. Ég er ekki viss hvort Íslendingar geti kosið en hugsa nú að það sé bara hægt að senda sms úr búlgörskum númerum,“ segir Ásdís Rán spurð um háværar sögusagnir um þátttöku hennar í sjónvarpsraunveruleikaþætti.



Ætlar þú að flytja aftur heim til Íslands? „Það er alltaf möguleiki. Ég er að skoða viðskiptatækifæri sem gætu orðið skemmtileg ef ég kem heim og ég er alveg opin fyrir því, en ég verð fyrst og fremst að geta gengið inn í starf sem gefur mér laun til að lifa. Annars er lítið varið í það fyrir mig að koma í einhverja óvissu þegar ég hef það gott hérna,“ segir Ásdís.

## Helgar-MATURINN



**Gunnar Már Sigfússon einkaþjálfari og shape-námskeiðshaldari á Nordicaspa hefur starfað sem heilsuráðgjafi í tuttugu ár en hin frægu námskeið hans byrja aftur næstkomandi þriðjudag. Gunnar er sælkeri og deilir hér flottri uppskrift með Lífinu.**

Ég er mikið fyrir að borða góðan mat en eins og flestir er ég ekki tilbúinn í að borða bragðlaust og einhæft fæði þó svo að ég sé með hollustuna að leiðarljósi.

Lykillinn að línunum er að skera niður sykur og verulega kolvetni en þessi efni hafa mikil áhrif á blóðsykurinn og þar með insúlínið og þar með fitusöfnun.

Þessi réttur er einn af mínum uppáhalds og er matreiddur einu sinni í viku á mínu heimili. Ég smakkaði hann fyrst hjá tengdamóður minni sem er listakokkur. Þetta er fullkominn matur fyrir minn lífsstíl þar sem bragð og ferskleiki eru í fyrirrúmi. Ekki má gleyma að þetta er ekkert bras og tekur u.þ.b. 4 mínútur að gera sem mér finnst lykilatriði.

### Nautaframfilet með parmesan og klettasalati

Nautaframfilet (einstaklega budduvænt og meyrt en auðvitað má taka lundina í þetta)
Ferskur niðurrifinn eða raspaður parmesanostur
Ferskt klettasalat
Smjör
Ólífuolía (notið hérna gæðaolíu, jafnvel með basilíku)
Salt og pipar

Steikið kjötið upp úr lítilli klípu af smjöri. Skerðu þunnar sneiðar og hafðu þetta svona í mínútusteikarstílnum. Síðan er sett ofan á hverja sneið smá salt, gjarnan vel af pipar, parmesanosturinn og vel af klettasalatinu og síðan er ólífuolíunni dreift yfir allt saman. Þar sem rauðvín inniheldur aðeins 0,9 g per 100 ml er ekki úr vegi að fá sér lítið glas af því með.

*shape@shape.is*



# Hugsað upp á nýtt

**Ein allra vinsælasta námslína Opna háskólans í HR er Ábyrgð og árangur stjórnarmanna. Dr. Þóranna Jónsdóttir leiðbeinir á einum hluta námslínunnar og fjallar um hlutverk og verklag stjórna. Þar er meðal annars fjallað um hvernig stjórnir geta gripið inn í aðstæður áður en allt er komið í óefni.**


Dr. Þóranna Jónsdóttir er framkvæmdastjóri rekstrar og stjórnunar hjá HR. MYND/GVA

Formleg fræðsla fyrir þá sem sitja í stjórnum hefur ekki verið í boði í gegnum tíðina. Í staðinn hefur verið gert ráð fyrir að fólk viti hvernig það á að haga sér þegar það sest í fyrsta skipti í stjórn og nýliðarnir læri af hinum reyndari og hagi sér svo eins,“ útskýrir Þóranna sem á námskeiðinu leiðbeinir jafnt stjórnarmönnum með áratuga reynslu sem og nýliðum í stjórn.

Hún bætir við að ekki sé þar með sagt að þeir sem voru áður í stjórn hafi hegðað sér rétt.

„Eftir hrun kemur æ betur í ljós að stjórnir öxluðu ekki þá ábyrgð sem ætlast var til. Það var þó hvorki vegna brotavilja né af því að stjórnarmenn unnu ekki vinnuna sína heldur sökum þess að þeir áttuðu sig ekki nógu vel á hlutverki sínu. Þar af leiðandi var stjórnin ekki sá varnagli sem hún hefði þurft að vera í mörgum tilvikum.“

Þóranna segir vinsældir námslínunnar felast í almennri ánægju þátttakenda og löngun þeirra til að standa sig enn betur í starfi.

„Stjórnarmenn átta sig æ betur á þeirri miklu ábyrgð sem fylgir stjórnarsetu. Þeir vilja því vanda til verka og kemur flestum skemmtilega á óvart hvað þeir læra mikið á námskeiðinu.“

Hún segir jafnframt koma flestum á óvart hvað hægt er að skoða hlutverk stjórna út frá mörgum sjónarmiðum.

„Vitaskuld eiga stjórnir að gæta hagsmuna hluthafa en flestum þykir einna áhugaverðast hvernig stjórnir vinna saman sem hópur og hvers vegna hópur en ekki einstaklingur er settur í mestu ábyrgðarstöðuna. Einnig hvað það þýðir þegar hópur tekur ákvörðun. Þá fara nemendur að setja ýmislegt í samhengi og hugsa málin upp á nýtt,“ útskýrir Þóranna.

Námslínan nýtist jafnt reyndum stjórnarmönnum og þeim sem hafa litla reynslu og er góður undirbúningur fyrir þá sem hafa hug á að setjast í stjórn í fyrsta skipti.

„Námslínan er heilsteypt umfjöllun um stjórnir almennra hlutafélaga og eftirlitsskyldra aðila,“ segir Þóranna að lokum.

# *Settum markmiðum náð*

„Á stjórnarfundum er allt fjárhagslegt tekið fyrir og með hagnýtum hætti munum við kenna nemendum að taka afstöðu til upplýsinga og hafa lágmarksþekkingu á hlutum eins og ársreikningum og verðmætamati sem er vitaskuld nauðsynlegt öllum stjórnendum. Þessi viðfangsefni koma óneitanlega við sögu í stjórnum og menn verða að geta tekið ákvarðanir um þau,“ segir Almar Guðmundsson, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda.


Almar Guðmundsson er framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda og leiðbeinandi hjá HR. MYND/ANTON

Almar er annar af tveimur leiðbeinendum á námskeiðinu Fjárhagsleg viðfangsefni stjórna sem er eitt fimm námskeiða í námslínunni Ábyrgð og árangur stjórnarmanna í Opna háskólanum í HR. Hinn leiðbeinandinn er Tanja Zharov, lögfræðingur hjá Auði Capital.

„Við Tanja leggjum áherslu á að tvinna saman umræður um stefnumótun annars vegar og áætlanagerð fyrirtækja hins vegar. Stundum er stefnumótun unnin á einum stað og áætlanagerð, sem gerð er árlega eða oftar, á öðrum stað og ekki verið að tengja á milli. Því er mikilvægt að stjórnir hjálpi stjórnendum að tvinna þetta tvennt saman og að markmiðasetning og þess háttar nái inn í áætlanagerð og ársreikninga. Þannig er auðveldara að ná settum markmiðum,“ útskýrir Almar.

Á námskeiðinu er einnig farið yfir skráningu félaga á verðbréfamarkað út frá ýmsum sjónarhornum.

„Eftir að hagkerfið tekur smátt og smátt að lyftast fer verðbréfamarkaðurinn að koma meira við sögu. Því leggjum við töluverða áherslu á ábyrgð stjórnenda með hliðsjón af skráningu fyrirtækja í Kauphöll Íslands, þar sem gilda ákveðnar lagareglur og kröfur um framsetningu talnalegra upplýsinga verða ýtarlegri.“



ÁBYRGÐ OG ÁRANGUR STJÓRNARMANNA

Fyrir stjórnarmenn fyrirtækja, stofnana og eftirlitsskylda aðila samkvæmt skilyrðum FME sem og þá sem hyggjast gefa kost á sér til stjórnarsetu.

Markmið námslínunnar er að efla faglegan grunn stjórnarmanna með þjálfun á sviði lagalegra, fjárhagslegra og siðferðilegra viðfangsefna.

Námið er kjörið til undirbúnings fyrir þá sem hyggjast gefa kost á sér til stjórnarsetu, en á næsta ári taka gildi lög um kynjahlutfall í stjórnum íslenskra fyrirtækja.

NÁMSLÍNAN OG LEIÐBEINENDUR:

- **Grundvallaratriðin – Handbók stjórnarmanna**
  Berglind Ósk Guðmundsdóttir, lögfræðingur á fyrirtækjasviði KPMG
- **Hlutverk og verklag stjórna**
  Dr. Þóranna Jónsdóttir, framkvæmdastjóri rekstrar og stjórnunar hjá HR
- **Viðskiptasiðfræði**
  Stefán Einar Stefánsson, formaður VR
- **Lagaleg viðfangsefni stjórna**
  Jóhannes Rúnar Jóhannsson hrl, stundakennari við HR og HÍ
- **Fjárhagsleg viðfangsefni stjórna**
  Almar Guðmundsson, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda og Tanya Zharov, lögfræðingur hjá Auði Capital

OPNI HÁSKÓLINN
Í HÁSKÓLANUM Í REYKJAVÍK

Skráðu þig á
**www.opnihaskolinn.is**
eða hafðu samband við okkur í síma 599 6300

## NÁMSKEIÐ MEÐ ERLENDUM SÉRFRÆÐINGUM Á HAUSTMISSERI



### SÉRFRÆÐINGAR FRÁ HARVARD

**Managing Yourself and Leading Others**

*Kennari: Margaret Andrews, associate dean for management programs at Harvard University, Division of Continuing Education*
**Hefst 26. september**

**Negotiations Skills: Strategies for Increased Effectiveness**

*Kennari: Diana Buttu is a lawyer specializing in negotiations, international law and international human rights law. Buttu is an instructor at Harvard Extension School*
**Skráningarfrestur til 27. september**

**Enterprise Information Technology: Strategies for Complex System Implementations**

*Kennari: Dr. Zoya Kinstler specializes in information technology solutions for strategic and complex business projects. Kinstler is a faculty member at Harvard Extension School*
**Skráningarfrestur til 25. október**

### SÉRFRÆÐINGAR FRÁ OXFORD COGNITIVE THERAPY CENTRE
*í samstarfi við Félag um hugræna atferlismeðferð*

**Obsessive compulsive disorder**

*Kennari: David Westbrook, consultant clinical psychologist and Director of the Oxford Cognitive Therapy Centre*
**Hefst 12. október**

**Anxiety and advanced case work**

*Kennari: Alison Croft, Consultant Clinical Psychologist*
**Hefst 2. nóvember**

**Depression, advanced case work**

*Kennari: Dr. Melanie Fennell Director of the Oxford Diploma/MSc in Advanced Cognitive Therapy Studies*
**Hefst 7. desember**

### SÉRFRÆÐINGUR FRÁ ISTQB NORWAY

**Software Testing Foundations with ISTQB Certification**

*Kennari: Hans Schaefer, civil engineer in computer science. Schaefer works in consulting and training and is chairman of ISTQB Norway*
**Hefst 10. september**

### SÉRFRÆÐINGUR FRÁ UNIVERSITY OF SOUTHERN DENMARK
*í samstarfi við Íslandsstofu*

**Expanding your sales in export markets**

*Kennari: Svend Hollensen is Ph.D. (Dr.) and Associate Professor of International Marketing at University of Southern Denmark*
**Skráningarfrestur til 19. október**

### SÉRFRÆÐINGUR FRÁ GROVE CONSULTANS

**Starting Test Automation**

*Kennari: Mark Fewster, software testing consultant and trainer, author and presenter at national and international software conferences*
**Skráningarfrestur til 14. september**

**Automating Test Execution Successfully**

*Kennari: Mark Fewster, software testing consultant and trainer, author and presenter at national and international software conferences*
**Skráningarfrestur til 14. september**

ENDURMENNTUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

Nánari upplýsingar og skráning: sími 525 4444 endurmenntun.is


# Fjölbreytt úrval námskeiða fyrir alla

Fjöldi erlendra sérfræðinga kennir á námskeiðum **Endurmenntunar Háskóla Íslands** á haustmisseri. Kennarar frá Harvard-háskóla verða áberandi.



Fjölbreytnin er mikil á haustmisseri Endurmenntunar Háskóla Íslands að sögn Kristínar Jónsdóttur Njarðvík, endurmenntunarstjóra HÍ. MYND/GVA

Aldrei hafa jafn mörg og fjölbreytt námskeið á sviði stjórnunar, reksturs og fjármála og upplýsingatækni verið á dagskrá hjá Endurmenntun Háskóla Íslands og á haustmisseri. Í haust munu margir virtir erlendir fyrirlesarar kenna hjá Endurmenntun. Kristín Jónsdóttir Njarðvík, endurmenntunarstjóri Háskóla Íslands, segist finna fyrir miklum áhuga meðal fyrirtækja og stofnana hérlendis á þeim námskeiðum sem eru á dagskrá. „Fjölbreytnin hefur aldrei verið eins mikil og nú á haustmisseri og ekki skemmir fyrir samstarf okkar við þrjá sérfræðinga frá hinum virta Harvard-háskóla. Þannig getum við betur komið til móts við þarfir fyrirtækja og stofnana.“

### Áhugaverð stjórnunarnámskeið

Meðal stjórnunarnámskeiða á haustmisseri má nefna námskeiðið Managing Yourself and Leading Others sem haldið verður í lok september. Námskeiðið er ætlað þeim sem vilja kryfja eigin stjórnunarstíl, bæta hæfni sína til að stjórna og leiða einingar fyrirtækja eða stofnana á farsælan hátt. Kennari námskeiðsins er Margaret Andrews sem er aðstoðardeildarforseti á sviði stjórnunar við Harvard Extension. Hún hefur auk þess mikla reynslu af stjórnun og kennslu við bestu háskóla Bandaríkjanna, þar á meðal við MBA-námið í MIT-háskólanum í Boston. „Einnig má nefna námskeið í samningafærni sem ber nafnið Negotiation Skills: Strategies for Increased Effectiveness sem kennt er af Diana Buttu sem er lögfræðingur og kennari við Harvard-háskóla. Hún mun þjálfa þátttakendur í ýmsum samningaaðferðum sem nýtast við mismunandi aðstæður í viðskiptalífinu. Námskeiðið á í raun erindi við alla stjórnenda og sérfræðinga sem eiga í samningaviðræðum.“ Af öðrum námskeiðum á sviði stjórnunar nefnir Kristín námskeið á sviði gæðastjórnunar, mannauðsstjórnunar, áhættustjórnunar og breytingastjórnunar.

### Samningur við PWC

Námskeið í tengslum við fjármál og rekstur verða líka fjölbreytt í vetur og ber þar helst að nefna samning Endurmenntunar við endurskoðunarfyrirtækið PWC um kennslu námskeiða. „Þar má meðal annars nefna fimm námskeiða seríu um alþjóðlega reikningsskilastaðla. Auk þess er fjöldi annarra námskeiða, til dæmis um rekstur smáfyrirtækja, um virðisrýrnun fastafjármuna, viðskiptaáætlanir og lestur ársreikninga svo nokkur dæmi séu tekin.“

### Mikill fengur í erlendum kennurum

Meðal áhugaverðra námskeiða í upplýsingatækni á haustmisseri nefnir Kristín sérstaklega námskeiðið Enterprise Information Technology: Strategies for Complex System Implementation. Þar kennir Dr. Zoya Kinstler um þau tæki og tól sem auka skilning á upplýsingakerfum fyrirtækja og um leið hvaða hagnýtu leiðir í upplýsingatækni má nota til úrlausna á viðskiptatengdum vandamálum. „Dr. Kinstler hefur yfir 20 ára reynslu í lausn verkefna á sviði upplýsinga- og samskiptatækni stórfyrirtækja og situr auk þess í deildarráði Harvard. Það er því mikill fengur að fá hana hingað til Íslands.“ Einnig er gaman að geta þess að Heimir Sverrisson verður með námskeið um lýsigögn (e. metadata) en það veitir yfirsýn yfir lýsigögn í algengum gagnagrunnskerfum. Hann hefur áratuga reynslu af störfum á því sviði og hefur starfað erlendis um árabil. Það er mikill fengur að því að fá hann aftur til kennslu eftir mörg ár. Fleiri áhugaverð námskeið á sviði upplýsingatækni að sögn Kristínar eru meðal annars námskeið í prófun hugbúnaðar, vefhönnun fyrir hönnuði, WordPress og hagnýtt námskeið fyrir starf vefstjóra.

Nýjum bæklingi Endurmenntunar HÍ um starfstengd námskeið verður dreift til fjölda fyrirtækja eftir helgi en einnig er hægt að nálgast hann á skrifstofu Endurmenntunar. „Við hvetjum áhugasama til að kynna sér fjölbreytt úrval námskeiða og skrá sig tímanlega,“ segir Kristín að lokum.

# Fróðleikur og skemmtun



Hjá Endurmenntun Háskóla Íslands eru tæplega 40 námskeið á dagskrá á haustmisseri á sviði menningar og persónulegrar hæfni. Þar fléttast saman fróðleikur og skemmtun og viðfangsefnin eru afar ólík. Sumir koma til að kynnast betur Búddha, skáldum, börnum, leikhúsum, myndavélinni, tungumálum eða sjálfum sér. Aðrir sækjast eftir að ferðast í huganum um Vesturheima, Suðurland, upp í skýin, til Berlínar, um söguna, tónheima, til Ítalíu eða inn í heim fótboltans.

### Dæmi um menningarnámskeið:

- Baráttan um Hvíta húsið: Gangverk bandarískrar stjórnmálabaráttu
- Berlín: Hin nýja miðja Evrópu
- Fótbolti, svikráð og pólitík
- Hitchcock
- Höfundur Njálu
- Íslendingasaga Sturlu Þórðarsonar – Sturlunga –
- Jarðfræði Suðurlands
- Louis Armstrong – listamaður tuttugustu aldarinnar
- Macbeth
- Napóleon og herferð hans til Rússlands
- Þjóðgarðurinn í Cinque Terre
- Vesturheimsferðir í nýju ljósi

### Dæmi um námskeið á sviði persónulegrar hæfni

- Áhrif frumbernskunnar á börn og fullorðna
- Hugþjálfun – leið til árangurs
- Kvikmyndahandrit
- Ljósmyndavinnsla með Photoscape
- Ljósmyndun – Að taka betri myndir
- Öflugt sjálfstraust
- Raki í húsum og heilsufar – þekking og reynsla
- Samskipti foreldra og barna
- Kvíði barna og unglinga – foreldranámskeið
- Vönduð íslenska: Að skrifa gott íslenskt mál

**Skráning fer fram á Endurmenntun.is eða í síma 525 4444.**

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**Pípulagnir**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315.

**Faglærðir Píparar**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Hreingerningar




Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**A-Ö Þrif&Hreinlæti**
**S. 662 0662**
Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

## Tilkynningar

# INNKÖLLUN

Byggingarfélagið Höfn hf í Örlygshöfn (nú Höfn ehf) var stofnað árið 1976 af einstaklingum og félögum í þáverandi Rauðasandshreppi. Eina eign félagsins er verkstæðishús í Örlygshöfn. Ekki er vitað um núverandi eigendur hlutafjár nema að hluta. Eru þeir sem telja sig eigendur hlutafjár (eða vita um eigendur) í félaginu því beðnir um að gefa sig fram við undirritaða fyrir 30. september nk.

**Valur Thoroddsen,**
**s. 456 1565, 866 1028,**
**valurt@simnet.is**

**Jóhann Ólafsson,**
**s. 581 3805, 894 3899,**
**mons@simnet.is**

Skipulags stofnun

## Mat á umhverfisáhrifum

**Ákvarðanir Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmda**

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtaldar framkvæmdir skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

**Ofanflóðavarnir á Fáskrúðsfirði.**

**Allt að 800 kW virkjun í Svelgsá í Helgafellssveit.**

Ákvarðanirnar liggja frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Þær er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: **www.skipulagsstofnun.is**.

Ákvarðanir Skipulagsstofnunar má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis– og auðlindamála. Kærufrestur er til **8. október 2012.**

**Skipulagsstofnun**

## Útboð

# ÚTBOÐ
## HJÚKRUNARHEIMILIÐ REYKJANESBÆ

**Reykjanesbær, óskar eftir tilboðum í uppsteypu og utanhússfrágang vegna byggingar á nýju hjúkrunarheimili að Njarðarvöllum 2, Reykjanesbæ.**

Verkið nær til að gera húsið fullfrágengið að utan og tilbúið fyrir innréttingar að innan.

Stærð hússins er 4.338 m².

**Helstu magntölur eru:**
Mót 13.000 m²
Steypa 1.700 m³
Steypustyrktarstál 180 tonn
Flísaklæðning 2.234 m²
Viðsnúið þak 1.380 m²

**Verkinu skal vera lokið eigi síðar en 1. október 2013.**

Útboðsgögn verða afhent rafrænt á verkefnavef verksins, lykilorð að útboðsgögnum veitir Karl Á. Ágústsson karl@thg.is. Einnig er hægt að fá gögnin afhent á geisladisk frá kl. 13:00 mánudaginn 3. september n.k. á skrifstofu THG Arkitekta Faxafeni 9, 108 Reykjavík.

Tilboð verða opnuð á skrifstofu Nesvalla Njarðarvöllum 4, 260 Reykjanesbæ mánudaginn 24. september nk. kl. 11.00 að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

REYKJANESBÆR

## Garðyrkja







Smávélaviðgerðir, viðgerðir á utanborðsmótorum: Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, Gokartþjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig viðgerðir á fjórhjólum. JS Vélaverkstæði. S. 554 0661.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald




K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Múrviðgerðir og flísalagnir. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 899-4254.

## Tölvur

Öll tölvuþjónusta og viðgerðir. Mjög sanngjarnt verð Sæki og sendi heim. Uppl. í s. 822 7668.

## Rafvirkjun

**Raflagnir, dyrasímar.**
**S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

**RAFVIRKJUN S. 896 6025**
Tilboð raflagnir, töfluskipti og dyrasímakerfi. Rafneisti ehf. Lögg. rafverktaki.

# KEYPT & SELT

## Til sölu



**Nýjar vörur Nýjar vörur**
Kjólar, leggings, peysur, mussur, töskur ofl. Líka stórar stærðir. Súpersól Hólmaseli 2 587-0077 / 567-2077 Erum á facebook.



Plastgeymslu útihús. 4,5fm. Auðveld í uppsetningu og viðhaldsfrí. Verð 180þús. Uppl. í síma 893-3503.

**Ódýr heimilstæki**
Höfum til sölu notaðar þvottavélar, þurrkara og ísskápa. Casa-raf ehf. Síðumúla 37, að neðan verðu. S. 845 5976.

**ÓDÝR HEIMILISTÆKI**
Þvottavélar, ísskápar, frystiskápur, þurrkara, uppþvottavélar. S. 896 8568.

## Ýmislegt

Kompudagur í húsnæði Félagsheimili Sjálfsbjargar Hátúni 12 R.vík. S-inng. Lau. 8. sept. 2012. Kl. 11-16. Nýtt og notað sem kemst í innkaupapoka.

## Óskast keypt

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.**
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ),**
**Verið velkomin**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.**
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

**KAUPUM GULL**
**og aðra eðalmálma gegn framvísun persónuskilríkja.**
**Sigga & Timo Linnetsstíg 2, 220 Hafnarfjörður S. 565 4854**
**www.siggaogtimo.is**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Verslun







Nánari upplýsingar í s. 849 0698.




# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

**NUDD OG HEILSA**
HEILSURÁÐGJÖF - NÆRINGARFRÆÐI. Tekið á allkonar kvillum og sjúkdómum. Einkatímar og námskeið. Opið frá 12-18 alla virka daga nema sun. S. 823 8280. www.nuddogheilsa.is

Nudd Nudd Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Kennsla

**Ódýr Stærðfræðikennsla**
Hagfræðinemi býður uppá stærðfræðikennslu fyrir grunn- og framhaldsskólanema. Upplýsingar í síma 8652731 eða 8652731@gmail.com

## Þjónusta

*Viltu bæta svefninn?* **Dáleiðsla.is**

# HEIMILIÐ

## Heimilistæki




## Dýrahald



Lubba 11 ára læða mjög loðin hvarf um miðjan sunnudag frá Heiðargarði 11 Keflavík. Fólk er beðið að svipast um í nágrenni við sig og gá inn í skúra hjá sér. Ef einhver verður hennar var lífs eða liðna vinsamlegast látið vita í síma 865-1493 eða 421-2616.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Fyrir veiðimenn

**Þverá í Borgarfirði**
Sjóbirtingsveiði í neðri hluta Þverár. Eingöngu fluguveiði frá 18. sept. - 30. sept. Uppl. í síma 848 2304.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Gistiheimili - Guesthouse**

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.og stúdíó Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person and studio. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

Herbergi í 101 til leigu. Nálægt HÍ. Sími 773 3182.

78 fm íbúð til leigu í Fannarfelli. Allt innifalið. 120 þús per. mánuð + mánaðar trygging. Uppl. 777 0994.

## Húsnæði óskast

Fjölskylda með börn óska eftir 2-3 herb. íbúð í Reykjavík. S. 776 7923.

## Atvinnuhúsnæði

**51,6 m2 iðnaðarbil**
Nokkur bil af þessari fágætu og eftirsóttu stærð til sölu eða leigu. Lofthæð: 3,9 m. Hurð 3,6 m. Facebook/Steinhella 14. S: 660-1060 og 661-6800

## Geymsluhúsnæði

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500.

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

**Húsvagnageymslan Þorlákshöfn.**
Eigum pláss f. húsv., fellih., tjaldv., bíla og fl. Gott verð S. 893 3347 og 866 6610.

**Upphituð ferðavagnageymsla í Borgarf.**
Gott verð, tjaldv, fellih, bátar, 4hjól og fl. S: 899 7012 , solbakki.311@gmail.com

**Geymslur.com**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Kjötsmiðjan ehf.**
**Óskum eftir að ráða fólk í fullt starf í áleggsdeild og kjötvinnslu.**
**Umsóknir sendist á birgir@kjotsmidjan.is eða upplýsingar gefur Birgi í s. 894 4982.**

KORNIÐ – Handverk í hávegum haft – Bakarí

**Afgreiðslufólk óskast!**
**á virkum dögum í bakaríin okkar. Framtíðarstarf. Umsóknir sendist með nafni, síma og heimilisfangi á netfangið umsokn@kornid.is**

**Veitingahús Nings - Framtíðarstarf**
**Veitingahús Nings óskar eftir þjónustuliprum og brosmildum starfsmönnum í fullt starf og hlutastarf. Aðeins 18 ára og eldri og aðeins íslenskumælandi.**
**Áhugasamir setji inn umsókn á www.nings.is**

**Wilson's pizza leitar af starfsfólki í eftirfarandi stöður.**
**Pizzabakara - Sendla. Um er að ræða hentugan vinnutíma í fullt/hlutastarf. 20 ára og eldri. Góð laun fyrir rétta fólkið. Umsóknir sendist á atvinna@wilsons.is**

**Smíðavinna**
**Óska eftir smiðum, góð verkefnastaða. Uppl. s. 696 0558.**

MOSFELLS BAKARÍ

**Fullt starf - Reykjavík**

**Óskum eftir hressu og duglegu fólki til að starfa með okkur í bakríinu okkar á Háaleitisbraut 58-60, Rvk. Um er að ræða vaktir eftir hádegi, ásamt helgarvinnu.**

**Áhugasamir geta sótt um á heimasíðu okkar og er slóðin www.mosfellsbakari.is/umsokn.asp**

Starfsmaður óskast í þrif á vélum og fl. Þarf að vera handlagin, sjálfsstæður, snyrtilegur, tala og skilja íslensku. Vinnutími 8-16. Umsóknir sendist á netfangið villi@gaedabakstur.is fyrir þann 10.9.2012.

Stafsfólk óskast í eldhús bæði á morgunvaktir og kvöldvaktir. Vinsamlegast sendið umsóknir inná job@101hotel.is

Frændur Pípulagnir óska eftir vönum mönnum til starfa. Aðeins duglegir alvöru menn koma til greina. Upplýsingar í síma 6592961 eða 8474980. Berjast !!!

Óskum eftir fólki í úthringistarf á kvöldin, föst laun og bónusar. Áhugasamir sendi póst á erna@tmi.is

GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

## Fasteignir

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**

**ÓÐINSGÖTU 4**
**SÍMI 570 4500,**
**OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.**
**Netfang: fastmark@fastmark.is**
**www.fastmark.is**
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali.
Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

### Hegranes

### Einbýlishús á sjávarlóð á sunnanverðu Arnarnesi



Glæsilegt 260 fermetra einbýlishús með 41,5 fm. innbyggðum bílskúr. Húsið er vel staðsett á sunnan verðu Arnarnesi með miklu útsýni til sjávar. Húsið hefur verið mikið endurnýjað og er í góðu ásigkomulagi. 4 svefnherbergi. Mjög auðvelt er að stækka húsið ef vill þar sem lóðin er 1.517 fm. að stærð. **Verð 99,0 millj.**




Hemmi Gunn – og svaraðu nú!
Fjölbreyttur og fjörugur þáttur
alla sunnudaga klukkan 16.
Njótið vel

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**

**ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.**
**Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is**
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

### Hegranes- einbýlishús á sjávarlóð á sunnanverðu Arnarnesi



Glæsilegt 260 fermetra einbýlishús með 41,5 fm. innbyggðum bílskúr. Húsið er vel staðsett á sunnan verðu Arnarnesi með miklu útsýni til sjávar. Húsið hefur verið mikið endurnýjað og er í góðu ásigkomulagi. 4 svefnherbergi. Mjög auðvelt er að stækka húsið ef vill þar sem lóðin er 1.517 fm. að stærð. **Verð 99,0 millj.**

### Tjaldanes – Garðabæ



Mikið endurnýjað 256,2 fm. einbýlishús á einni hæð með innbyggðum tvöföldum bílskúr á sunnanverðu Arnarnesi. Stórt hol/arinstofa með útgangi á verönd til suðurs. Stórar samliggjandi bjartar stofur. Eldhús með vönduðum hvítum innréttingum. Hjónaherbergi með fataherbergi innaf, forstofuherbergi og tvö barnaherbergi. Húsið hefur verið mikið endurnýjað að utan sem innan sl. ár. Stór eignarlóð sem snýr til suðurs.**Verð 84,9 millj.**

### Haukanes – Garðabæ



Glæsilegt og afar vel staðsett 356,4 fm. einbýlishús á tveimur hæðum á Arnarnesi. Eignin er byggð árið 1985 og tekin í notkun í kringum 1990. Allar innréttingar eru vandaðar, sérsmíðaðar og massívar eikarinnréttingar. Harðviður er í öllum gluggum og útihurðum. Lóðin er 1.130 fm. eignarlóð, ræktuð og frágengin með fallegri hleðslu úr holtagrjóti. Hluti neðri hæðar er upphaflega teiknaður sem sér 3ja herbergja íbúð, en er í dag nýttur sem hluti af heildareigninni. Tvöfaldur bílskúr. Hús nýlega málað að utan. **Verð 126,0 millj.**

### Haukanes- Garðabæ



Glæsilegt u.þ.b. 330 fm. einbýlishús á tveimur hæðum innst í götu og með frábæru útsýni á Arnarnesinu.Húsið hefur verið þó nokkuð endurnýjað hið innra á undanförnum árum og er í mjög góðu ástandi, bæði innan og utandyra. Stórar og glæsilegar stofur með mikilli lofthæð, miklum gluggum og ofanbirtu. Eldhús með vönduðum sérsmíðuðum innréttingum. Fimm herbergi. Stórar og skjólgóðar verandir til suðurs með skjólveggjum og heitum potti. Stór og ræktuð eignarlóð. **Verð 99,0 millj.**

### Haukanes- einbýlishús á sjávarlóð



Afar vel staðsett um 400 fm. einbýlishús á tveimur hæðum með aukaíbúð og bátaskýli á stórri sjávarlóð. Frá stofum og af svölum efri hæðar er fallegt útsýni til sjávar, að Snæfellsjökli og víðar. Stórar samliggjandi stofur með arni og útgangi á svalir til vesturs. 5 svefnherbergi auk fataherbergis. Gufubað innafeinu baðherberginu. Lóðin er með stórri verönd og skjólveggjum.**Verð 84,9 millj.**


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
BLANDAÐ LAMBASALTKJÖT
KJARNAFÆÐI
998 KR. KG
EURO SHOPPER KJÚKLINGABRINGUR
KYCKLINGFILÉ
STYCKFRYSTA, KÖTTHALT 80%
900 g e
FROSNAR 900 GR
1498 KR.PK
OPNUM KL.10
NICKY
NICKY Elite
3 Free Rolls
12 Rolls for the Price of 9
898 KR
TÓLF NICKY SALERNISRÚLLUR
NICKY Elite
359 KR.
ÞRJÁR NICKY ELDHÚSRÚLLUR
FROSIN LAMBASVIÐ
229 KR. KG
ÓDÝRUSTU KJÚKLINGA-BRINGURNAR Í BÓNUS
ÓDÝRUSTU BLEIURNAR Í BÓNUS
DIAPERS MIDI 4–9 KG
DIAPERS MAXI 9–18 KG
DIAPERS JUNIOR 15–25 KG
BABY-WIPES
1398 KR.PK
ES BLEIUR 1398 kr. pk / BABY WIPES 72 stk. 175 kr.
emmessís
HVERS DAGSÍS
GOTT VERÐ
198 KR. 1 LTR
EXTRA VIRGIN ÓLÍFUOLÍA
HEIMA
750 ML ÓLÍFUOLÍA EXTRA VIRGIN
598 KR
froosh fruit: bottled
pick me up.
in fruit we trust.
one ingredient: fruit.
no bad stuff. zilch, zero, nada.
FROOSH SMOOTHIE 250 ML
289 KR. FL
ÞÚ GERIR ÞINN SMOOTHIE HEIMA !
Mango
Jordbær
1200 g
FROSNIR MANGÓBITAR
498 KR. 1 KG
FROSIN JARÐARBER
459 KR. 1.2 KG
BÓNUS
BÓNUS
ENGINN VIÐBÆTTUR SYKUR
BÓNUS HREINN EPLA OG APPELSÍNUSAFI 1 LTR.
129 KR
BÓNUS EKKERT BRUÐL
Hér færðu vildarpunkta
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
NAUTA Veisla
FJÓRIR 80 GR HAMBORGARAR MEÐ BRAUÐI
100% KJÖT
FJÓRIR NAUTAVEISLU HAMBORGARAR M.BRAUÐI
695 KR. PK
KJÖRFUGL
FERSKUR KJÚKLINGUR
598 KR. KG
FERSKIR KJÚKLINGABITAR
1798 KR. KG
FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
SKÓLA-OSTUR TILBOÐ
Í SNEIÐUM
1298 KR.KG
OSTSTYKKI
998 KR.KG
FERSKT NAUTAGÚLLAS
1798 KR. KG
FERSKT NAUTAGÚLLAS
FERSKT NAUTASNITSEL
1798 KR. KG
FERSKT NAUTASNITSEL
FERSKT NAUTAHAKK
1295 KR. KG
100% KJÖT
FERSKT NAUTAHAKK
SLÁTURFÉLAG SUÐURLANDS
REYKT FOLALDAKJÖT
MEÐ BEINI
798 KR.KG.
359 KR. STK
JÚMBÓ; PASTA OG KJÚKLINGUR MEÐ EGGI OG SÓSU
HEINZ BEANZ
4 DS. HEINZ BAKAÐAR BAUNIR 398 KR.
BÓNUS HREINN EPLA OG APPELSÍNUSAFI
ENGINN VIÐBÆTTUR SYKUR
159 KR 3 FERNUR
BÓNUS KJARNABRAUÐ
198 KR. 500 G
BÓNUS BACON
1598 KR.KG
GÓÐUR TILBÚINN MATUR FYRIR 3-4
ÞARF AÐEINS AÐ HITA
BÓNUS PASTA CARBONARA
BÓNUS LASAGNE
BÓNUS ÍTALSKAR KJÖTBOLLUR
BÓNUS BURRITOS
BÓNUS HEILSURÉTTUR
998 KR. BAKKINN
KJÚKLINGUR M/NÚÐLUM
PASTA CARBÓNARA
ÍTALSKT LASAGNE
ÍTALSKAR KJÖTBOLLUR
BORRITOS M.KJÚKLINGI
HEILSURÉTTUR M.KJÚKLINGI
998 KR.
BAKKINN
BÓNUS EKKERT BRUÐL
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** umstang, **6.** slá, **8.** eyrir, **9.** slöngu, **11.** gelt, **12.** blundur, **14.** einkennis, **16.** tveir eins, **17.** hrygning, **18.** í viðbót, **20.** kvað, **21.** fimur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** gleðimerki, **3.** skóli, **4.** brá, **5.** bar, **7.** aðgætinn, **10.** samhliða, **13.** starfsgrein, **15.** högg, **16.** kóf, **19.** bókstafur.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** ómak, **6.** rá, **8.** aur, **9.** orm, **11.** gá, **12.** svefn, **14.** aðals, **16.** kk, **17.** got, **18.** auk, **20.** ku, **21.** frár.

**LÓÐRÉTT: 1.** bros, **3.** ma, **4.** augnlok, **5.** krá, **7.** árvakur, **10.** með, **13.** fag, **15.** stuð, **16.** kaf, **19.** ká.


# Helgarblað
alla laugardaga



## „Finnst skemmtilegast að gera það sem ég er skíthrædd við“

Sirkuslistamaðurinn Birta Benónýsdóttir segir frá óvenjulegu lífi í Frakklandi.

**Meðal annars efnis:**

**Grunnt á súpukjötshagfræðinni**
Hilmar Bragi Janusson ræðir um árin hjá Össuri og óþrjótandi möguleika þekkingargeirans.



**Í ilmandi spor Egypta**
Jasmínblómið hefur leikið lykilhlutverk í langri sögu ilmvatnsgerðar.





# 2700 límbandsrúllur

BAKÞANKAR
Kolbeins Óttarssonar Proppé



Hvað getur maður keypt sér fyrir tæpar 2,3 milljónir á mánuði sem maður gat ekki leyft sér með rúmar 1,8 milljónir í mánaðarlaun? Dýrari bíl? Stærra hús? Lengri utanlandsferð? Fleiri jakkaföt? Ég veit það ekki, en Björn Zoëga, forstjóri Landspítalans, veit það. Hann var í þeirri stöðu, sem svo margir aðrir hafa verið í undanfarin ár, að vera boðin betur borguð vinna í öðru landi, Svíþjóð nánar til tekið. Þar hefði hann kannski getað hitt fyrir einhvern þeirra hjúkrunarfræðinga, sjúkraliða eða annarra starfsmanna sem hafa flutt af landi brott þar sem íslensk laun dugðu ekki til framfærslu fjölskyldunnar.

**TIL** þess kom þó ekki. Velferðarráðherra steig fram á sjónarsviðið og hækkaði laun forstjórans. Ekki mátti minna duga en 450 þúsund króna hækkun til að forstjórinn yrði ánægður hér í starfi.

**MEÐALLAUN** á Íslandi árið 2011 voru 365 þúsund krónur. Rúmlega 60 prósent launamanna voru með laun undir 350 þúsund krónum á mánuði. Velferðarráðherra hækkaði laun forstjórans um vel rúmlega mánaðarlaun þessa fólks. Það er vel í lagt.

**FORSTJÓRINN** hefur verið nokkuð í fjölmiðlum undanfarið og yfirleitt vegna þess hve mikið hefur þurft að spara í rekstri Landspítalans. Þar hefur hann talað fyrir aðhaldi; horfa hefur þurft í hverja krónu, hvern eyri. Endurnýjun tækja verður að bíða og þau rimpuð saman með límbandi, hagræðingarkröfunni verður að ná. Starfsfólk verður að taka á sig aukið álag og launaskerðingu, hagræðingarkröfunni verður að ná. En ekki í launum forstjórans. Við þau má bæta ríflega 1,2 meðallaunum. Og ekki voru þau lág fyrir.

**HVER** er ábyrgð forstjórans eftir þessa hækkun? Mun hann geta talað fyrir frekari niðurskurði á spítalanum eftir hana? Og varla var staða hans þannig að 1,8 milljónir króna dugðu ekki á mánuði fyrir framfærslu hans? Því verður ekki trúað upp á jafn grandvaran mann og forstjórinn er. Langaði hann bara í meiri pening? Mig líka.

**HVAÐ** getur maður keypt sér fyrir tæpar 2,3 milljónir á mánuði sem maður gat ekki leyft sér með rúmlega 1,8 milljón á mánuði? Ég veit það ekki, en fyrir hækkunina, 450 þúsund krónur, getur forstjórinn keypt 2.700 límbandsrúllur á ári. Það má líma mörg læknatæki saman með þeim.

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Barnalán** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




Sena kynnir
Elly Vilhjálms
Minningartónleikar 13. október
HEIÐURSGESTIR
Raggi Bjarna, Jón Páll Bjarnason og Guðmundur Steingrímsson
MIÐASALA HEFST EFTIR
6
DAGA
ALLAR HELSTU SÖNGKONUR LANDSINS SAMANKOMNAR Á EINUM STAÐ
ÁSAMT STÓRSKOTALIÐI KARLSÖNGVARA, HRYNSVEIT, BLÁSURUM OG STRENGJASVEIT
Á GLÆSILEGUM STÓRTÓNLEIKUM Í HÖLLINNI
ANDREA GYLFADÓTTIR · DIDDÚ · EIVÖR · ELLEN KRISTJÁNSDÓTTIR · GUÐRÚN GUNNARSDÓTTIR
KRISTJANA STEFÁNSDÓTTIR · LAY LOW · RAGGA GÍSLA · SIGGA BEINTEINS
BJÖRGVIN HALLDÓRSSON · EGILL ÓLAFSSON · GISSUR PÁLL GISSURARSON · STEFÁN HILMARSSON
ÚTSETNINGAR & STJÓRN STÓRSVEITAR SAMÚEL JÓN SAMÚELSSON STJÓRN STRENGJASVEITAR GRÉTA SALÓME
HANDRIT & LAGAVAL GUÐRÚN GUNNARSDÓTTIR · GUNNAR HELGASON · MARGRÉT BLÖNDAL · SAMÚEL JÓN SAMÚELSSON
SVIÐSMYND MÓEIÐUR HELGADÓTTIR BÚNINGAR ELLEN LOFTSDÓTTIR
KYNNIR MARGRÉT BLÖNDAL LEIKSTJÓRI GUNNAR HELGASON
www.sena.is/elly
MIÐASALA HEFST Á FIMMTUDAGINN KL. 10.00 Á MIÐI.IS
sena

# menning

menning@frettabladid.is



**BJÖRN JÖRUNDUR OG SÁLGÆSLUTRÍÓIÐ** Sálgæslutríó saxófónleikarans Sigurðar Flosasonar kemur fram á sjöttu tónleikum djasstónleikaraðar Munnhörpunnar í tónlistarhúsinu Hörpu laugardaginn 8. september. Auk hans skipa tríóið þeir Þórir Baldursson á Hammond-orgel og Einar Scheving á trommur. Sérstakur gestur í nokkrum lögum verður söngvarinn Björn Jörundur Friðbjörnsson. Tónlistin sem þeir félagar flytja er á mörkum djass- og blústónlistar.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Föstudagur 07. september 2012**

### Opið hús



**14.00** Opið hús verður í Hæðargarði 31. Kynning á félagsstarfinu sem þar fer fram auk þess sem kaffi og kleinur verða í boði og fjöldi skemmtilegra uppákoma. **Svavar Knútur** mætir meðal annars á svæðið.

### Tónlist

**08.30** Sokkelund Sangkor og Kristian Krogsøe orgelleikari flytja danska tónlist í Neskirkju. Tónleikarnir eru hluti af Norræna kirkjutónlistarmótinu og aðgangur er ókeypis.



**08.30** Tuomas Pyrhönen organisti leikur finnska orgeltónlist í Laugarneskirkju. Tónleikarnir eru hluti af Norræna kirkjutónlistarmótinu og aðgangur er ókeypis.

**08.30** Uranienborg vokalensemble undir stjórn Elisabeth Holte, og Inger-Lise Ulsrud organisti leika norska tónlist í Langholtskirkju. Tónleikarnir eru hluti af Norræna kirkjutónlistarmótinu og aðgangur er ókeypis.

**12.30** Hljómsveitin Skuggamyndir frá Býsans leikur á fyrstu tónleikum vetrarins í tónleikaröðinni Á ljúfum nótum í Háteigskirkju. Þeir leika þjóðlagatónlist frá Balkanskaganum. Miðaverð er kr. 1.000.

**13.30** Organistar frá öllum Norðurlöndunum leika nýja norræna orgeltónlist á orgel Hafnarfjarðarkirkju. Tónleikarnir eru hluti af Norræna kirkjutónlistarmótinu og aðgangur er ókeypis.

**21.00** Kvöldguðsþjónusta verður haldin í Hallgrímskirkju. Allir liðir messunnar verða improviseraðir af norrænum tónlistarmönnum. Aðgangseyrir er kr. 1.500.

**22.00** Söngdjamm verður á Café Rosenberg.

**22.00** Moses Hightower spilar á Græna hattinum, Akureyri. Þeir gáfu nýlega út plötuna Önnur Mósebók sem hefur hlotið góðar viðtökur. Snorri Helgason kemur einnig fram á tónleikunum. Miðaverð er kr. 2.000.

**23.00** Hljómsveitin Hómo and the sapiens leikur á tónleikum á Ob-La-Dí-Ob-La-Da Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

**23.00** Hljómsveitirnar Ensími og **Kiriyama Family** leika á Gamla Gauknum. Aðgangseyrir er kr. 1.000 og er 20 ára aldurstakmark.

### Sýningar

**14.00** Opnuð verður ljósmyndasýning í Kamesinu á 5. hæð aðalsafns Borgarbókasafnsins, Tryggvagötu 15. Sýningin er með myndum eftir Björn Ágúst Magnússon háskólanema.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**









**REYKJAVIK DANCE FESTIVAL** Fyrir innvígða bauð hátíðin í ár upp á verðmætt tækifæri til að koma á tengslum en ytri rammi var aftur á móti ekki til þess fallinn að hvetja almennt dansáhugafólk til þátttöku, að mati gagnrýnanda.

# SJÁLFHVERF SAMKOMA EÐA TÆR SNILLD?

**Reykjavík Dance Festival**

Ýmsir listamenn

**Reykjavík 21.-31. ágúst**



Reykjavík Dance Festival var skipulagt og hugsað með nokkuð öðru sniði en undangengin ár. Í stað þess að vera samansafn danssýninga þar sem áhorfendur mæta til að sjá dansara og danshöfunda sýna verk sín þá var hátíðin í heild sinni ein stór „kóreógrafía“ undir nafninu: A Series of Event. Þrjátíu listamönnum, fjórtán Íslendingum og sextán útlendingum var boðið að taka þátt í hátíðinni en saman lögðu þeir undir sig Dansverkstæðið nánast dag og nótt þá tíu daga sem hátíðin stóð yfir.

Skipuleggjendur hátíðarinnar, þær Halla Ólafsdóttir og Emmu Kim Hagdahl, sögðu markmiðið með hátíðinni að skapa vettvang þar sem danslistamenn gætu, á jafningjagrundvelli, átt í samræðum, skipst á þekkingu og skapað nýja. Sýningarnar sjálfar voru aðeins hluti af upplifuninni en samveran það sem skipti mestu máli.

Opnunarkvöldið var haldið í Dansverkstæðinu, nýju heimili danslistarinnar við Skúlagötu. Andrúmsloftið var óformlegt; boðið var upp á drykk, tónlist og rými til að spjalla, sýna sig og sjá aðra. Í hádeginu daginn eftir var boðið upp á danstakt í Norðurljósasal Hörpunnar, mætingin og stemming var góð. Formleg dagskrá hátíðarinnar var síðan ríkuleg. Hún samanstóð af sex þriggja verka sýningakvöldum, tólf tíma sýningamaraþoni yfir nótt, þremur hádegistöktum (lunch beat), dansókí, verkstæði í þungarokksþolfimi, pallborðsumræðu auk óformlegri atburða eins og morgunverðarklúbbi og femínísku grilli.

### Rými fyrir óformlegt spjall

Mætingin á hátíðina var nokkuð góð, ekki síst framan af, en í seinni hluta hennar var hópurinn aftur á móti farinn að þynnast og meðalaldurinn hafði lækkað.

Hið hefðbundna form danshátíða er að áhorfandinn kemur, horfir á sýningu og fer síðan heim. Á þessari hátíð var skapað rými fyrir óformlegt spjall sýnenda og áhorfenda fyrir og eftir sýningar og í hléum meðal annars með því að hafa allar tímasetningar mjög flæðandi þó að þær væru ekki algjörlega á skjön við rauntíma. Hátíðin var þannig hugsuð sem löng samvera hóps með áhuga á danslist og samanstóð af þeim sem var boðið að sýna á hátíðinni auk nokkurs fjölda sem kom og fór eftir að hafa staldrað mislengi við.

**Lengri útgáfu dómsins má lesa á Vísi.is.**

Mjög vel tókst að skapa nánd og tengsl manna á milli og á þetta eftir að styrkja ekki aðeins dansarana hér á landi heldur einnig tengslin á milli landa. Aftur á móti nutu of fáir góðs af þessari nánd því ytri rammi Reykjavik Dance Festival 2012 var ekki til þess fallinn að bjóða íslenskt dansáhugafólk velkomið til þátttöku.

Hugmyndin um að hafa danshátíðina eins og einn stóran spuna þar sem þátttakendur mættu og tóku því sem að höndum bar, gáfu og þáðu, er frábær. Fyrir þá sem stóðu utan hóps hinna útvöldu þátttakenda var aftur móti erfitt að finna upplýsingar um hátíðina, efni hennar og umgjörð. Dagskráin var í mótun þar til eftir að hátíðin var hafin, sem má fyrirgefa ef hægt hefði verið að finna tímaramma hátíðarinnar með góðum fyrirvara á heimasíðu danshátíðarinnar. Það orkaði einnig fráhrindandi að fá litlar sem engar upplýsingar um einstaklingana sem stóðu að hátíðinni og ekki heldur um verkin eða viðburðina sem stóðu til boða. Óvissuferð má þola í einn dag en ekki í tíu.

Margar flottar hugmyndir komu fram á hátíðinni. Hádegistakturinn var frábær og dansókí bara skemmtilegt. Íslensku dansverðlaunin, sem voru veitt fyrir ýmiss konar atriði sem eru sjaldnast innan hins hefðbundna ramma dansverðlauna, var líka áhugavert framtak og hreyfði við hugsuninni um hvað skiptir máli fyrir dansheiminn. Snýst þetta allt um dansarana og danshöfundana eða skipta traustir stuðningsaðilar, tengslanet eins og Youtube, góðir æfingastaðir eða fræðimenn líka sköpum í tilveru og þróun danslistarinnar?

### Flott hugmynd en rangur tími

Danssýningamaraþonið var líka ótrúlega flott hugmynd; að sitja í góðum hópi og horfa á dans í hálfan sólarhring er snilld. Hins vegar var misráðið að láta það hefjast um kvöld og standa fram á morgun. Í fyrsta lagi voru sýnendur orðnir þreyttir og syfjaðir fljótlega eftir miðnætti svo ekki sé talað um áhorfendur. Gæði sýninganna voru því ekki sem skyldi þegar líða tók á og stemmingin líkari „djammsession“, ekki mjög markviss eða einbeitt.

Það að mæta á atburð sem byggist upp á flæði, og mótast af stemmingunni hverju sinni getur verið gefandi. Spyrja má sig hvað boðið var upp á fyrir þá sem voru utanaðkomandi og reyndu að taka þátt eins og tími fyrir utan aðrar skyldur leyfði. Á sýningarkvöldunum var eingöngu í boði að vera óvirkur áhorfandi, sem var fínt þegar í boði voru fullkláraðar og vel útfærðar sýningar. En þegar verið var að sýna verk sem voru svo ómótuð að þau voru varla sýningarhæf án kynninga eða umræðu eftir á má spyrja hvers vegna áhorfandi á að eyða tíma sínum í að mæta. Engin verkstæði voru til fyrir utanaðkomandi, að minnsta kosti engin sem voru kynnt með nægum fyrirvara. Það var því varla í boði fyrir aðra en „hina útvöldu“ að taka virkan þátt í hátíðinni, að frátöldum samræðum á pöbbnum.

**Sesselja G. Magnúsdóttir**

**Niðurstaða:** Hátíð margra flottra hugmynda en almenningur fékk minna fyrir sinn snúð.


Dior
DIORSHOW
NEW LOOK
LASH-MULTIPLYING EFFECT
VOLUME AND CARE MASCARA
The infinite New Look, by Diorshow.
DIORSHOW
NEW LOOK
www.dior.com

# Flott fyrsta plata Futuregrapher

Tónlist ★★★★☆

**Futuregrapher**
LP

**Möller**

Futuregrapher er listamannsnafn Árna Grétars, en hann hefur verið atkvæðamikill á íslensku raftónlistarsenunni að undanförnu. Hann er annar stofnenda Möller-plötufyrirtækisins sem hefur gefið út mikið af raftónlist síðustu tvö ár og staðið fyrir tónleikaröðinni Heiladans.

LP er fyrsta plata Futuregraphers í fullri lengd, en hann á að baki nokkrar stuttskífur og EP-plötur, m.a. ambient-plötuna Tom Tom Bike sem kom út í fyrra (mjög flott) og plötuna Waterproof sem kom út í mars sl. en hana gerði hann í samstarfi við japanska tónlistarmanninn Gallery Six. Tónlistin á Waterproof er líka í sveimtónlistardeildinni.

Sveimið er eitt af hráefnunum á LP; platan byrjar til dæmis á laginu Engihjalli Ambient. Fyrirferðarmesta tónlistin á plötunni er samt trommu- & bassatónlistin, en sum laganna á LP hljóma eins og þau hafi verið búin til í London seint á tíunda áratugnum. Árna Grétari tekst samt að gera þessa tónlist að sinni. Hann framreiðir hana á sinn hátt og bætir við hana nýjum hlutum. Það eru ekki öll lögin á LP trommu- & bassalög, inn á milli eru aðrar tónlistartegundir. James Acid er til dæmis teknólag, lögin Anton & Skeljar og Stapi eru ambient-ættar og lokalagið Bons er taktfast bjögunar- og hávaðaverk. Lögin eru flest án söngs, undantekningin er lagið Think. Í því fer Guðjón Heiðar Valgarðsson með eigin texta, sem er pólitísk hugleiðing um ástandið í heiminum og ákall til hlustenda um að bregðast við.

LP er flott raftónlistarplata. Hún er ekki sérstaklega frumleg, en þessi tólf lög mynda mjög sterka heild. Platan hljómar líka vel og það er greinilegt að þeir sem sáu um hljóðvinnsluna (Skurken hljóðblandaði og Bix tónjafnaði) hafa ekki kastað til hendinni. Á heildina litið er LP ein af skemmtilegri plötum ársins. **Trausti Júlíusson**

**Niðurstaða:** Fyrsta plata Futuregraphers er skemmtileg útfærsla á trommu- & bassatónlist tíunda áratugarins.




# Dr. Dre er ríkastur

**Dr. Dre er ríkasti rappari heims, samkvæmt tímaritinu Forbes. Kappinn þénaði 110 milljónir dollara síðastliðið ár, eða um 13,5 milljarða króna. Í öðru sæti var Diddy með um 5,5 milljarða króna og skammt undan var Jay-Z með um 4,7 milljarða. Í fjórða og fimmta sæti voru Kanye West og Lil Wayne.**


Dr. Dre.

**Dr. Dre er rappari og upptökustjóri og selur einnig hin vinsælu heyrnartól Beats By Dre. Aðeins ein kona er á lista yfir tuttugu vinsælustu rapparana, eða Nicki Minaj. Hún er í áttunda sætinu, fyrir ofan Eminem, með tekjur upp á tæpa tvo milljarða.**


**NÝ PLATA** Kylie Minogue gefur út nýja plötu í lok október.

# Syngur aftur með Cave

Söngkonan Kylie Minogue hefur tekið upp nýja útgáfu af dúetti sínum með Nick Cave, Where the Wild Roses Grow. Lagið kom upphaflega út á plötu Cave, Murder Ballads, árið 1995. Nýja útgáfan verður á plötu Minogue sem kemur út í lok október þar sem hún nýtur aðstoðar strengjasveitar. Cave mætti í hljóðver og tók upp sönginn sinn aftur fyrir Minogue.

Sextán lög verða á plötunni, allt smellir sem hún hefur gefið út á 25 ára ferli sínum á borð við I Should Be So Lucky og Better the Devil You Know. Eitt áður óútgefið lag er á plötunni, eða Flower.




# sport

sport@frettabladid.is



**9116 DAGAR** eru liðnir síðan íslenska karlalandsliðið vann sigur á Noregi eða síðan Atli Eðvaldsson skoraði eina markið í leik liðanna í Ósló 23. september 1987. Pétur Ormslev hafði tryggt Íslandi 2-1 sigur á Norðmönnum á Laugardalsvellinum aðeins fjórtán dögum áður. Tveir sigrar á hálfum mánuði en síðan hafa þjóðirnar mæst sjö sinnum á tæpum 25 árum, Norðmenn hafa unnið þrisvar og fjórir leikir endað með jafntefli. Moa Abdellaoue hefur tryggt Norðmönnum sigur í síðustu tveimur leikjum.

Lagerbäck stýrði Svíum fjórum sinnum á móti Noregi:

## Vann aldrei Noreg

**FÓTBOLTI** Lars Lagerbäck, þjálfari íslenska landsliðsins, stýrði sænska landsliðinu í níu ár, fyrst með Tommy Söderberg frá 2000 til 2004 og svo einn frá 2004 til 2009. Svíar unnu 57 af 131 leik undir hans stjórn en tókst þó ekki að vinna Norðmenn í þau fjögur skipti sem þjóðirnar mættust á þessum tíma.

Svíar og Norðmenn gerðu tvisvar jafntefli þegar Lars Lagerbäck og Tommy Söderberg voru saman með liðið (1-1 árið 2000 og 0-0 árið 2002) og sænska liðið tapaði síðan báðum leikjum sínum á móti Norðmönnum eftir að Lars var tekinn einn við liðinu (0-3 árið 2004 og 2-3 árið 2005). Allir þessir leikir voru vináttuleikir og tveir þeirra voru spilaðir á hlutlausum velli.

Lagerbäck mætti Norðmönnum síðast í vináttulandsleik í Solna 8. júní 2005 og unnu Norðmenn þá 3-2 sigur. Svíar komust í 1-0 á 16. mínútu en Norðmenn lögðu grunninn að sigrinum með því að skora þrjú mörk á aðeins fimm mínútum eftir um klukkutímaleik. John Arne Riise, Thorstein Helstad og Steffen Iversen skoruðu mörk Noregs í leiknum. - óój



LARS LAGERBÄCK



**LEGGUR LÍNURNAR** Lars Lagerbäck landsliðsþjálfari og Gylfi Þór Sigurðsson ræðast við. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




Allt í myrkri?

Snemma á morgnana og á nóttinni dreifa 450 blaðberar pósti og Fréttablaðinu til lesenda.

Hvernig er aðkoman að póstlúgu á þínu heimili?

Til að tryggja öryggi blaðbera og dreifingu til þín þarf lýsing að vera til staðar. Höfum ávallt kveikt á útiljósum og sjáum til þess að aðgengi að póstlúgu sé viðunandi.

Póstdreifing

Sími: 585 8300 www.postdreifing.is


# Gylfi er sérstakur leikmaður

**Ísland mætir Noregi í undankeppni HM 2014 í kvöld. Kolbeinn Sigþórsson verður ekki með vegna meiðsla en Lars Lagerbäck og lærsveinar hans ætla sér sigur gegn Norðmönnum. Ný kynslóð landsliðsmanna hefur rutt sér til rúms.**

**FÓTBOLTI** Ísland mætir í kvöld Noregi í fyrstu umferð undankeppni HM 2014. Þetta verður fyrsti mótsleikur Íslands undir stjórn Lars Lagerbäck og mun hann freista þess að verða fyrsti þjálfari íslenska landsliðsins í 22 ár sem vinnur fyrsta heimaleik Íslands í undankeppni stórmóts.

Ísland hefur tapað sex slíkum leikjum í röð – eftir frægt 1-1 jafntefli við nýkrýnda heimsmeistara Frakklands fyrir fjórtán árum.

En nú eru nýir tímar. Nýr landsliðsþjálfari og nýr fyrirliði sem fer fyrir ungum og efnilegum hópi leikmanna sem eiga að færa íslenska landsliðið á annan og betri stall en það hefur verið á undanfarin ár.

Eiður Smári Guðjohnsen hefur verið andlit íslenskrar knattspyrnu gagnvart umheiminum í rúman áratug en nú hafa leikmenn eins og Gylfi Þór Sigurðsson og Kolbeinn Sigþórsson tekið við keflinu. Kolbeinn verður reyndar frá í kvöld vegna axlarmeiðsla og missir væntanlega einnig af leiknum gegn Kýpverjum ytra í næstu viku.

**Slæmt að missa Kolbein**

„Fjarvera Kolbeins mun ekki breyta okkar leik í grunnatriðum. Við fáum nú annan leikmann í liðið og þurfum að aðlaga okkar leik samkvæmt því en það mun ekki breyta öllu fyrir okkur," sagði Lagerbäck á blaðamannafundi í gær en játaði því auðvitað að hann saknaði manns sem hefði skorað átta mörk í fyrstu ellefu landsleikjunum sínum.

> Fjarvera Kolbeins mun ekki breyta okkar leik í grunnatriðum.
>
> LARS LAGERBÄCK
> LANDSLIÐSÞJÁLFARI ÍSLANDS

„Hann hlýtur að teljast í heimsklassa með slíkar tölur á bak við sig," sagði hann. „Auðvitað myndi ég vilja hafa hann í liðinu."

**Gylfi gerir aðra betri í kringum sig**

Vegna fjarveru Kolbeins er ekki útilokað að Gylfi muni spila sem framherji í kvöld, eins og hann gerði með góðum árangri í vináttulandsleiknum gegn Svartfjallalandi. Hann hefur einnig spilað á kantinum sem og miðjunni undir stjórn Lagerbäck.

„Venjulega færi ég ekki mína leikmenn á milli staða eins og hefur gerst í tilfelli Gylfa. En hann er klár strákur og hann skilur mína afstöðu. Auðvitað væri það samt betra ef leikmenn fengju sínar stöður og kynntust þeim sem best," sagði Lagerbäck.

Hann vill að Gylfi nýtist liðinu sem best, sama í hvaða stöðu hann er. „Gylfi er sérstakur leikmaður. Hann er mikill liðsmaður og gerir aðra betri í kringum sig. Miðað við þá hæfileika sem hann býr yfir ætti hann að gera meira upp á eigin spýtur. Nú þegar Kolbeinn er ekki með get ég notað Gylfa á annan máta en ég hefði gert væri Kolbeinn leikfær. Þess vegna hef ég notað hann í nokkrum stöðum. Hann hefur staðið sig mjög vel í öllum þeim hlutverkum.

**Ekki hægt að krefjast sigurs**

Lagerbäck ætlar ekki að krefjast sigurs í leiknum í kvöld. „Það er ekki hægt að krefjast neins í knattspyrnu. Það er hægt að leggja mikla vinnu á sig og vona að leikmennirnir standi sig vel. Við stefnum á sigur og ég er viss um að leikmennirnir séu sammála því."

Hann segist skilja vel að fólk geri kröfur til liðsins og vilji jákvæð úrslit. „Þau skilaboð sem ég legg til leikmanna er að með því að undirbúa sig eins vel og kostur er og með því að leggja allt sitt á borðið er hægt að vinna öll lið. Það hefur margsýnt sig," segir hann og bætir við: „Ef okkur tekst að gera það 7-8 sinnum í þessum riðli munum við fara á HM. Það er vel mögulegt að Ísland komist á stórmót eins og hefur sýnt sig með árangri U-17 og U-21 landsliðum Íslands, sem bæði hafa komist í úrslitakeppni Evrópumóts."

**22 ára bið á enda í kvöld?**

Síðasti sigur Íslands í fyrsta heimaleik í undankeppni stórmóts var gegn Albaníu þann 30. maí árið 1990. Leikurinn endaði 2-0 með mörkum Arnórs Guðjohnsen og Atla Eðvaldssonar. Þjálfari liðsins var Svíinn Bo Johannsson, síðasti erlendi landsliðsþjálfari okkar á undan Lagerbäck, sem er einnig Svíi. Leikurinn í kvöld hefst kl. 18.45.

eirikur@frettabladid.is


STÓRDANSLEIKUR

HELGINA 7. – 8. SEPT. 2012



JÚDAS

ALLAR KONUR FÁ FRÍTT INN

KRINGLUKRÁIN


Aron Einar Gunnarsson verður landsliðsfyrirliði í sínum fyrsta mótsleik í kvöld:

## Finnum fyrir auknum áhuga

**FÓTBOLTI** Aron Einar Gunnarsson neitar því ekki að það verði sérstök stund fyrir sig að leiða íslenska landsliðið út á Laugardalsvöll í sínum fyrsta mótsleik sem fyrirliði.

„Það er smá stress sem fylgir því en ég er stoltur af þessu. Þetta verður gaman og vonandi náum við þremur stigum sem skiptir auðvitað mestu máli," sagði Aron á blaðamannafundi í gær.

Margir ungir leikmenn hafa komið inn í landsliðið á síðustu árum og nú verður þessi nýja kynslóð í aðalhlutverki í undankeppninni sem er að hefjast.

„Við finnum ekki fyrir aukinni pressu á okkur. Við finnum fyrst og fremst fyrir auknum áhuga eins og sýndi sig þegar rúmlega sjö þúsund áhorfendur komu á leikinn gegn Færeyjum. Það hefur verið meiri jákvæðni í garð landsliðsins og er það frábært," sagði hann.

„Auðvitað finnum við fyrir því að það eru gerðar kröfur til okkar en það er bara hluti af þessu. Við erum ákveðnir í að sýna okkar réttu andlit og gera eitthvað gott með íslenska landsliðinu. Það ríkir mikil tilhlökkun í hópnum fyrir þennan fyrsta leik," bætti fyrirliðinn við. - esá



**ARON EINAR** Hlustar hér á fyrirmæli Lagerbäck á æfingu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


KVIKMYND EFTIR REYNI LYNGDAL
FROST
FRÝS Í ÆÐUM BLÓÐ
KOMIN Í BÍÓ
07.09.2012
BJÖRN THORS ANNA GUNNDÍS GUÐMUNDSDÓTTIR HILMAR JÓNSSON HALLUR INGÓLFSSON VALUR FREYR EINARSSON HELGI BJÖRNSSON
FRAMLEIÐSLUSTJÓRN BIRNA PAULINA EINARSDÓTTIR BÚNINGAR MARGRÉT EINARSDÓTTIR HÁR & FÖRÐUN KRISTÍN JÚLÍA KRISTJÁNSDÓTTIR HLJÓÐUPPTAKA ÁRNI GÚSTAFSSON ÁRNI BENEDIKTSSON HLJÓÐHÖNNUN HULDAR FREYR ARNARSON ARNÞÓR ÖRLYGSSON
LEIKMYNDAHÖNNUN HÁLFDÁN PEDERSEN KLIPPING EVA LIND HÖSKULDSDÓTTIR EYRÚN HELGA GUÐMUNDSDÓTTIR KVIKMYNDATÓNLIST BEN FROST KVIKMYNDATAKA ÁGÚST JAKOBSSON (ÍKS) MEÐFRAMLEIÐENDUR MARKUS SELIN JUKKA HELLE KARLA STOJÁKOVÁ GÍSLI GÍSLASON ÞÓR ÓMAR JÓNSSON
LJÓSMYNDIR RAGNAR AXELSSON BJARNI GRÍMSSON FRAMLEIÐENDUR JÚLÍUS KEMP INGVAR ÞÓRÐARSON HANDRIT JÓN ATLI JÓNASSON LEIKSTJÓRN REYNIR LYNGDAL
ICELANDIC Film Centre Kvikmyndamiðstöð Íslands
SOLAR FILMS INC.
Kvikmyndafélag Íslands ehf.
CINTAMANI
ysland
KISI



**KRISTJÁN ÞÓR** Spilar með liði landsbyggðarinnar í dag og á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

KPMG-bikarinn hefst í dag:

## Íslenska Ryder-keppnin

**GOLF** Í dag hefst liðakeppnin KPMG-bikarinn sem er íslenska útgáfan af hinni frægu Ryder-keppni sem er á milli Bandaríkjanna og Evrópu. Á Íslandi keppir landsbyggðin við Reykjavíkurúrvalið.

Þetta er í fjórða skiptið sem þessi keppni fer fram og að þessu sinni verður leikið á Leirdalsvelli í Kópavogi. Hefst keppni klukkan 8.00. Landsbyggðin hefur unnið tvisvar en Reykjavíkurúrvalið einu sinni.

Það er ekki aðeins leikið í meistaraflokki því einnig er keppt í liðakeppni eldri kylfinga. Þetta er í þriðja skiptið sem heldri kylfingar eru með og hafa Reykvíkingar haft betur fyrstu tvö árin.

Í dag verður keppt í fjórleik og fjórmenningi en á morgun verður spilaður tvímenningur.

„Það verður ekki auðvelt að verja titilinn enda er landsbyggðin með hörkulið,“ sagði Derrick Moore, liðsstjóri Reykjavíkurúrvalsins. „Liðsheildin skiptir máli og allir þurfa að leggja sitt af mörkum til þess að við getum unnið. Öllum kylfingum finnst gaman að taka þátt í þessu móti. Þetta er skemmtilegasta mótið fyrir marga og við mættum gera meira af þessu.“ - hbg

### Liðin í meistaraflokki

| | |
|---|---|
| **Lið Reykjavíkurúrvals:** | |
| Þórður Rafn Gissurarson | GR |
| Arnar Snær Hákonarson | GR |
| Alfreð Brynjar Kristinsson | GKG |
| Sigmundur Einar Másson | GKG |
| Tryggvi Pétursson | GR |
| Kjartan Dór Kjartansson | GKG |
| Ragnar Már Garðarsson | GKG |
| Rafn Stefán Rafnsson | GO |
| Aron Snær Júlíusson | GKG |
| Ingunn Einarsdóttir | GKG |
| Guðrún Pétursdóttir | GR |
| Ragnhildur Kristinsdóttir | GR |
| **Lið landsbyggðarinnar:** | |
| Andri Már Óskarsson | GHR |
| Kristján Þór Einarsson | GK |
| Magnús Lárusson | GKj |
| Helgi Birkir Þórisson | GSE |
| Sigurþór Jónsson | GOS |
| Dagur Ebenezersson | GK |
| Ísak Jasonarson | GK |
| Rúnar Arnórsson | GK |
| Gísli Sveinbergsson | GK |
| Anna Sólveig Snorradóttir | GK |
| Signý Arnórsdóttir | GK |
| Sara Margrét Hinriksdóttir | GK |

Alfreð Finnbogason hefur aldrei fengið tækifæri í byrjunarliði landsliðsins hjá Lars Lagerbäck:

# Ég get spilað með hvaða leikmanni sem er

**FÓTBOLTI** Alfreð Finnbogason vonast til að fá tækifæri í byrjunarliði Íslands gegn Noregi, sérstaklega þar sem Kolbeinn Sigþórsson er fjarverandi vegna meiðsla. Alfreð hefur gert það gott í sumar, fyrst með sænska liðinu Helsingborg og svo með Heerenveen í Hollandi þar sem hann er nú.

„Ég er nú að byrja nýtt ævintýri í Hollandi. Það byrjar vel og ég er í flottum málum. Sjálfstraustið er gott eftir að hafa spilað vel og skorað mikið í Svíþjóð,“ sagði Alfreð sem skoraði bæði mörkin í 2-2 jafntefli Heerenveen gegn Ajax í hollensku úrvalsdeildinni um síðustu helgi.

Hann gerir vitanlega tilkall til sætis í byrjunarliðinu í kvöld. „Mér finnst ég hafa gert það sem þarf til. Ég hef staðið mig vel með mínu félagsliði og meira er ekki hægt að gera. Nú er það þjálfarans að taka ákvörðun,“ sagði Alfreð en hann hefur aldrei verið í byrjunarliði Íslands undir stjórn Lagerbäcks. Eins og sést í meðfylgjandi töflu hefur hann spilað í samtals 48 mínútur undir hans stjórn og skorað á þeim tíma eitt mark – gegn Svartfellingum.

Lagerbäck vill helst spila 4-4-2 og er það kerfi sem Alfreð þekkir vel. „Ég spilaði í tveggja manna framlínu í Svíþjóð í allt sumar og núna er ég fremsti maður í 4-3-3. Mér er í raun alveg sama með hverjum ég spila og í hvaða kerfi. Ég vil helst vera í sókninni enda hefur það verið mín staða síðasta árið.“

Alfreð vonast auðvitað eftir sigri í kvöld og segir að nú sé tímbært að leggja Norðmenn. „Við höfum átt góða kafla í leikjum okkar í síðustu keppnum, sérstaklega gegn Noregi. Við unnum þá fáa leiki og er nú kominn tími til að hætta því kjaftæði. Við þurfum að ná í úrslit – um það snýst þetta allt saman.“ - esá



**BYRJAR VEL** Alfreð í leik með hollenska liðinu Heerenveen. NORDICPHOTOS/GETTY

### Mínútur á milli marka

**Fimm leikmenn hafa skorað í leikjum Íslands undir stjórn Lagerbäck:**

| | |
|---|---|
| Alfreð Finnbogason (1 mark) | 48,0 mín. |
| Kolbeinn Sigþórsson (4) | 48,3 |
| Arnór Smárason (1) | 99,0 |
| Hallgrímur Jónasson (1) | 270,0 |
| Birkir Bjarnason (1) | 335,0 |

# Ísland mun ekki komast á HM

**Egil „Drillo“ Olsen gerir ráð fyrir því að íslenska landsliðið hali inn stig í undankeppni HM en býst ekki við því að liðið fari alla leið í þessari undankeppni. Norsku landsliðsmennirnir eru með báða fætur á jörðinni og búast við jöfnum og erfiðum leik á Laugardalsvelli í kvöld.**

**FÓTBOLTI** Norðmenn hafa varann á fyrir leikinn við Ísland í kvöld og ljóst að ekkert vanmat er í gangi hjá norska liðinu þó svo það hafi verið sigursælt gegn því íslenska á undanförnum árum.

„Ég er búinn að skoða leiki íslenska liðsins og þekki veikleika þess og styrkleika. Ég held að þetta sé besta lið sem Ísland hefur teflt fram,“ sagði Egil „Drillo“ Olsen, hinn reyndi landsliðsþjálfari Noregs á blaðamannafundi í gær.

„Íslenska liðið hreif mig gegn Svíum og Frökkum. Það þarf að varast allt í leik íslenska liðsins. Föstu leikatriðin, skyndisóknirnar og sendingarnar af köntunum. Við verðum að vera á tánum ef ekki á illa að fara.“

Þetta er þriðja undankeppnin í röð þar sem Ísland og Noregur mætast og Olsen segir því að fátt í leik liðanna eigi að koma á óvart.

„Íslenska liðið er með marga sterka leikmenn innan sinna raða en liðin þekkjast vel. Það er því erfitt að koma á óvart í þessum leik. Ég veit að Lagerbäck er búinn að skoða okkar leik líka vel,“ sagði Olsen sem stefnir á að komast á HM í Brasilíu. En hvað segir hann um möguleika íslenska liðsins?

„Ég held að Ísland eigi eftir að taka mörg stig í riðlinum en hef þó ekki trú á því að liðið fari alla leið á HM.“

Það eru kynslóðaskipti í norska liðinu rétt eins og því íslenska. John Arne Riise, leikmaður Fulham, er reynslumesti leikmaður Norðmanna og mun slá landsleikjamet spili hann í kvöld.



**SIGURREIFUR** Olsen fagnar hér sigri gegn Íslandi í Ósló en honum hefur gengið vel að fá stig gegn íslenska liðinu síðustu ár. NORDICPHOTOS/AFP

> Ég þekki styrkleika og veikleika íslenska liðsins. Ég held að þetta sé besta lið sem Ísland hefur teflt fram.
>
> EGIL „DRILLO“ OLSEN
> LANDSLIÐSÞJÁLFARI NOREGS

„Ég er búinn að æfa með liðinu og leið vel. Ef þjálfarinn vill að ég spili þá mun ég spila,“ sagði Riise sem skoraði í sínum síðasta leik á Laugardalsvelli.

„Það er alltaf gaman að koma til Íslands og á Laugardalsvöll. Okkur líkar vel að koma hingað. Við erum samt með marga nýja menn og kynslóðaskipti hjá okkur rétt eins og hjá ykkur. Það er bara gaman. Ég held að við eigum helmingsmöguleika á sigri enda er íslenska liðið mun betra en margir halda.“

Félagi Riise hjá Fulham, hinn hávaxni Brede Hangeland, verður í miðri vörn norska liðsins í kvöld.

„Ísland er með fullt af góðum leikmönnum og ég er hrifinn af því hvað Íslendingum hefur tekist að búa til marga góða leikmenn sem eru að gera það gott víða um Evrópu,“ sagði Hangeland.

„Við vitum vel að þetta verður erfiður leikur og að við verðum að spila mjög vel ef við ætlum að ná í sigur. Við vitum ekki alveg hvar við stöndum með okkar nýja lið en búumst við því að fá svör í þessum leik.“

henry@frettabladid.is




# *Myllu heilkornabrauð*
# LÍFSKORN
*Heilt hveitikorn & rúgur*




*Lífskorn Myllunnar uppfyllir öll skilyrði Skráargatsins sem einungis hlotnast hollustu vörunum í sínum flokki.*




# Veldu hollustuna

## Prófaðu nýtt heilkornabrauð Myllunnar

Lífskorn er nýtt heilkornabrauð frá Myllunni. Smakkaðu nýja heilkornabrauðið frá Myllunni. Settu hollustuna í forgang. Bættu trefjainntöku þína með Lífskorni.

Lífskorn frá Myllunni er trefjaríkt og hefur hátt hlutfall heilkorns. Lífskorn inniheldur einnig B-vítamín og steinefni sem eru hollu lífi nauðsynleg. Veldu heilkornabrauð og líkami þinn fær mikilvæg næringarefni eins og B- og E-vítamín. Plöntuefni, prótein og kolvetni heilkornsins styrkja varnir líkamans og draga úr blóðsykursveiflum. Nýja heilkornabrauð Myllunnar færir þér hollustu og orku fyrir annríki dagsins.

*Skoðaðu Lífskorn á* **myllan.is**

*Kynntu þér* **heilsustefnu Myllunnar**

*Taktu þátt í umræðunni á* **Facebook**

trefjaríkt ★★★★★




MYLLAN
ALLTAF NÝBAKAÐ

> **Stöð 2 kl. 19.45**

**Týnda kynslóðin**

***Týnda kynslóðin snýr aftur á Stöð 2 í kvöld og það verður mikið um að vera í fyrsta þættinum eftir sumarfrí. Landsliðsstrákarnir í fótbolta taka þátt í skemmtilegum atriðum og í þættinum verður m.a. sýnt rándýrt spennumyndaatriði þar sem nokkrir úr landsliðinu koma við sögu og Gunnleifur markvörður leikur glæpaforingja með miklum tilþrifum.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ STÍGUR HELGASON OG FRAMFARIRNAR

# *Bestu beinu lýsingarnar*

Ríkisútvarpið greindi í vikunni frá sænskri könnun sem leiddi í ljós að drjúgur hluti fólks notaði samfélagsmiðla á borð við Facebook á meðan það horfði á sjónvarpið. Og hvað skyldi fólk svo vera að vasast á Facebook yfir sjónvarpinu? Jú, stór hluti er einmitt þangað mættur til að ræða það sem á er horft.

Þessi þróun fer eflaust í taugarnar á ýmsum sem hatast við framfarir og vilja að fólk einbeiti sér bara að einu í einu – þeim hinum sömu og skilja ekki að hægt sé að lesa við tónlist. Ég er ekki í þeim hópi.

Mér finnst þetta frábær nýbreytni. Ég get reyndar erfiðlega tekið þátt í henni þar sem ég á ekki fartölvu og það er þreytandi til lengdar að hlaupa á milli herbergja til að vera fyndinn á Facebook, en ég hef lært að njóta ávaxta þessarar hneigðar eftir öðrum leiðum.

Það getur til dæmis fært manni mikla kæti við vinnutarnir í tölvunni að fylgjast með beinni – yfirleitt kerskinni – lýsingu vina og kunningja á óbærilega leiðinlegum dagskrárliðum sem maður hefði annars enga ánægju haft af að horfa á sjálfur. Flestir geta til dæmis verið sammála um að það besta við Tríó, Hringekjuna og ferðaþátt Arnars og Ívars hafi verið linnulaust Facebook-kómentaríið. Og megi því aldrei slota.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Óskalögin **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Sagnaslóð **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Tilraunaglasið **14.00** Fréttir **14.03** Á söngleiðum **15.00** Fréttir **15.03** Smásaga **15.25** Starf fræðimannsins **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Fimm fjórðu **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Leonard Cohen: Hermaður, spámaður, elskuhugi og skáld **20.00** Leynifélagið **20.30** Hringsól **21.30** Kvöldsagan: Folda **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Litla flugan **23.05** Liðast um landið **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**13.50 Ólympíumót fatlaðra: Sund - riðlakeppni**

**15.55 Ólafur Þórðarson** (e)

**16.50 Snillingarnir**

**17.15 Bombubyrgið**

**17.45 Táknmálsfréttir**

**18.00 Fréttir**

**18.25 Veðurfréttir**

**18.30 Landsleikur í fótbolta** (Ísland - Noregur) BEINT frá leik karlaliða Íslendinga og Norðmanna í forkeppni HM. Leikurinn fer fram á Laugardalsvelli.

**20.45 Útsvar** (Árborg - Ísafjarðarbær) Fyrsti þáttur vetrarins í spurningakeppni sveitarfélaga. Umsjónarmenn eru Sigmar Guðmundsson og Brynja Þorgeirsdóttir.

**21.55 Romy og Michele: Upphafið** (Romy and Michele: In the Beginning) Æskuvinkonur í Tucson í Arizona langar að búa innan um ríka og fræga fólkið í Hollywood og láta drauminn rætast. Leikstjóri er Robin Schiff og meðal leikenda eru Katherine Heigl, Alexandra Breckenridge og Kelly Brook.

**23.25 Dráparinn: Auga fyrir auga – Auga fyrir auga** (4:6) (Den som dræber: Øje for øje) Dönsk mynd um æsispennandi leit dönsku lögreglunnar að raðmorðingja. Meðal leikenda eru Laura Sofia Bach, Jakob Cedergren og Lars Mikkelsen. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.

**00.50 Gallalaus** (Flawless) Bresk bíómynd frá 2007 um bíræfna demantaþjófa í London árið 1960. Meðal leikenda eru Demi Moore, Michael Caine, Lambert Wilson og Nathaniel Parker.

**02.35 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Mamma Mia!**

**10.00 Austin Powers: The Spy Who Shagged Me**

**12.00 Algjör Sveppi og leitin að Villa**

**14.00 Mamma Mia!**

**16.00 Austin Powers: The Spy Who Shagged Me**

**18.00 Algjör Sveppi og leitin að Villa**

**20.00 Just Wright**

**22.00 The Wolfman**

**00.00 Sleepers**

**02.25 American Pie: The Book of Love**

**04.00 The Wolfman**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**

**08.30 Ellen**

**09.15 Bold and the Beautiful**

**09.35 Doctors** (140:175)

**10.15 Sjálfstætt fólk** (17:30)

**10.50 Cougar Town** (12:22)

**11.15 Jamie Oliver's Food Revolution** (5:6)

**12.05 Stóra þjóðin** (1:4)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 The Majestic**

**15.25 Barnatími Stöðvar 2** (13:23)

**16.45 Bold and the Beautiful**

**17.10 Nágrannar**

**17.35 Ellen**

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.11 Veður**

**19.20 Simpson-fjölskyldan** (3:22)

**19.45 Týnda kynslóðin** (1:24) Týnda kynslóðin er frábær skemmtiþáttur í stjórn Björns Braga Arnarssonar og félaga sem munu fá til sín landskunna gesti í skemmtileg og óhefðbundin viðtöl.

**20.10 So You Think You Can Dance** (12:15) Stærsta danskeppni í heimi þar sem efnilegir dansarar fá tækifæri til að slá í gegn. Í hverri viku fá þeir ný verkefni og það fækkar í hópnum þar til dansstjarnan er krýnd.

**21.35 The Mask** Heimsfræg metaðsóknarmynd með stórstjörnunni Jim Carrey í aðalhlutverki. Þegar litlausi bankastarfsmaðurinn Stanley Ipkiss finnur forna grímu gjörbreytist líf hans. Í hvert sinn sem hann setur upp grímuna breytist hann í ósigrandi ofurmenni.

**23.15 Skinwalkers** Hörkuspennandi hrollvekja um átök milli tveggja fylkinga varúlfa sem hafa ólíkar lífsskoðanir.

**00.45 3000 Miles to Graceland** Elviseftirhermur streyma til Las Vegas á árlega uppákoma þeirra. Nokkrir glæpafélagar ákveða að notfæra sér ástandið og ræna spilavíti á meðan gleðin stendur sem hæst.

**02.45 The Contract** Spennutryllir með Óskarsverðlaunaleikaranum Morgan Freeman og John Cusack frá Óskarsverðlaunaleikstjóranum Bruce Beresford.

**04.20 Smokin' Aces**

**05.45 Fréttir og Ísland í dag**

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**08.00 Formúla 1: Ítalía - Æfing 1** BEINT

**12.00 Formúla1: Ítalía - Æfing 2** BEINT

**17.05 Spænsku mörkin**

**17.35 Icelandic Fitness and Health Expó**

**18.10 Pepsi-deild kvk: Þór/KA - Selfoss**

**20.00 Meistaradeild Evrópu: fréttaþáttur** Leikirnir og liðin skoðuð.

**20.30 Chelsea - Liverpool** Útsending frá úrslitaleik ensku bikarkeppninnar (FA Cup).

**22.20 UFC 120**

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**15.35 Sunnudagsmessan**

**16.50 Tottenham - Norwich**

**18.40 WBA - Everton**

**20.30 PL Classic Matches: West Ham - Sheffield Wed, 1999**

**21.00 Premier League World 2012/13** Stjörnurnar í ensku úrvalsdeildinni eru heimsóttar og fjallað er um líf þeirra.

**21.30 Football League Show 2012/13** Sýndar svipmyndir úr leikjunum í næstefstu deild enska boltans.

**22.00 PL Classic Matches: Arsenal - Man United, 1998**

**22.30 Wigan - Stoke**

**00.20 West Ham - Fulham**

## STÖÐ 2 krakkar

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Samsent barnaefni frá Stöð 2.

**08.00 Dóra könnuður**

**08.25 Áfram Diego, áfram!**

**08.50 Doddi litli og Eyrnastór**

**09.00 UKI**

**09.05 Stubbarnir**

**09.30 Lína langsokkur**

**09.55 Mörgæsirnar frá Madagaskar**

**10.15 Stuðboltastelpurnar**

**10.40 Histeria!**

**11.00 Disney Channel**

**17.05 M.I. High**

**17.35 iCarly** (17:25)

**18.00 Tricky TV** (17:23)

## POPP TÍVÍ

**17.05 Simpson-fjölskyldan**

**17.25 Íslenski listinn**

**17.50 Sjáðu**

**18.15 Glee** (17:22)

**19.00 Friends** (8:24)

**19.25 Simpson-fjölskyldan** (8:22)

**19.50 The Secret Circle** (3:22) Bandarísk þáttaröð um unglingsstúlku sem flytur til smábæjar í Washington og er tekin inn í leynifélag unglinga sem búa allir yfir óvenjulegum hæfileikum.

**20.35 The Vampire Diaries** (3:22) Bandarísk þáttaröð um unglingsstúlku sem fellur fyrir strák sem er í raun vampíra og hefur lifað í meira en 160 ár. Hann reynir að lifa í sátt og samlyndi við venjulegt fólk en bróðir hans er ekki alveg eins friðsæll.

**21.15 Pretty Little Liars** (4:25)

**22.00 Breakout Kings** (3:13) Dramatísk þáttaröð. Bandarísk lögregluyfirvöld setja saman sérsveit skipaða dæmdum glæpamönnum til að elta uppi fanga sem hafa flúið úr fangelsum og eru á flótta undan réttvísinni.

**22.40 The Secret Circle** (3:22)

**23.25 The Vampire Diaries** (3:22)

**00.05 Pretty Little Liars** (4:25)

**00.50 Breakout Kings** (3:13)

**01.30 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## STÖÐ 2 GULL

**18.20 Doctors** (21:175)

**19.00 Ellen**

**19.45 The Big Bang Theory** (19:24)

**20.05 2 Broke Girls** (18:24)

**20.30 How I Met Your Mother** (22:24)

**20.50 Up All Night** (6:24)

**21.15 Mike & Molly** (4:23)

**21.35 Weeds** (7:13)

**22.05 Ellen**

**22.50 The Big Bang Theory** (19:24)

**23.10 2 Broke Girls** (18:24)

**23.35 How I Met Your Mother** (22:24)

**23.55 Up All Night** (6:24)

**00.20 Mike & Molly** (4:23)

**00.40 Weeds** (7:13)

**01.10 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**08.00 Rachael Ray** (e)

**08.45 Pepsi MAX tónlist**

**17.05 One Tree Hill** (8:13) (e)

**17.55 Rachael Ray**

**18.40 GCB** (1:10) (e) Amanda er nýfráskilin í kjölfar þess að eiginmaðurinn hennar er fangelsaður. Hún snýr þá aftur ásamt börnum sínum tveimur á æskuslóðirnar í Dallas.

**19.30 America's Funniest Home Videos** (3:48) (8:48) (e)

**20.20 America's Funniest Home Videos** (26:48) Bráðskemmtilegur fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru fyndin myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu.

**20.45 Minute To Win It** Einstakur skemmtiþáttur undir stjórn þúsundþjalasmiðsins Guy Fieri.

**21.30 The Biggest Loser** (18:20) Bandarísk raunveruleikaþáttaröð um baráttu ólíkra einstaklinga við mittismálið í heimi skyndibita og ruslfæðis.

**23.00 Jimmy Kimmel** (e)

**23.45 CSI: New York** (3:18) (e)

**00.35 Monroe** (5:6) (e)

**01.25 A Gifted Man** (1:16) (e)

**02.15 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.45** BMW Championship 2012 (1:4) **10.45** Golfing World **11.35** BMW Championship 2012 (1:4) **14.35** The Sport of Golf (1:1) **15.35** BMW Championship 2012 (1:4) **18.35** Inside the PGA Tour (36:45) **19.00** BMW Championship 2012 (2:4) **22.00** PGA Tour - Highlights (32:45) **22.55** BMW Championship 2012 (2:4) **01.55** ESPN America

## N4

**18.00** Föstudagsþátturinn

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Motoring **21.30** Eldað með Holta

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 95,7 FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 100,5 Kaninn | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |





View the Blake Lively video at www.youtube.com/gucciparfums
INTRODUCING THE NEW ESSENCE FOR WOMEN
GUCCI
Première

HELGIN



*„Ég verð aðallega að undirbúa opnun síðunnar minnar og svo er ég að fara í myndatöku hjá Arnold ljósmyndara. Ég ætla mér samt tíma til að fá mér gott að borða og njóta með kærastanum mínum og litla stráknum hans.“*

Bryndís Gyða Michelsen sem er að opna síðuna Hun.is

# Heiður að fá að prófa leiklistina

Hallur Ingólfsson tónlistarmaður fer með hlutverk í spennumyndinni Frosti sem frumsýnd verður í kvöld. Þetta er þriðja kvikmyndahlutverk Halls sem segist hafa ofsalega gaman af því að spreyta sig á leiklistinni.

„Ég hef ekki beint verið að sækjast eftir því að fá hlutverk, þetta hefur bara þróast þannig. Ég hef samið tónlist fyrir bæði leikverk og kvikmyndir og þannig hefur eitt leitt af öðru,“ segir Hallur.

Hann leikur jöklafræðinginn Róbert í spennumyndinni Frost og viðurkennir að það hafi verið einstök upplifun að fá að verja tíma uppi á jökli.

„Ég var við tökur í þrjá daga í það heila og lærði að keyra vélsleða og síga ofan í sprungur. Ég var þó aldrei hræddur þarna uppi því við vorum umkringd mönnum sem voru öllum hnútum kunnugir og öryggið var til fyrirmyndar.“ Inntur eftir því hvort hann finni nokkurn tímann til feimni að leika á móti faglærðum leikurum líkt og Birni Thors og Önnu Gunndísi Guðmundsdóttur svarar Hallur neitandi. Hann segir orðið „heiður“ koma fyrst upp í hugann. „Mér finnst þetta heiður og vil því standa mig sem best og leika eins vel og ég get.“

Hallur lék einnig vonda karlinn í myndinni Algjör Sveppi og dularfulla herbergið og fer að auki með hlutverk í mynd sem ber vinnuheitið Þetta reddast. Hann hefur þó ekki sagt skilið við tónlistina, sem er að hans sögn stóra ástin í lífi hans.

„Tónlistin er enn þá aðal, það er stóra ástin. Ég er að fara að gera tónlist fyrir sjónvarpsþætti sem Lars Emil Árnason leikstýrir og fyrir leikverk eftir Jón Atla Jónasson. Svo er ég að vinna í sólóplötu og annarri plötu með hljómsveit sem ég er í. Sveitin er enn nafnlaus en við erum með fullt af tilbúnum lögum.“ **- sm**



**PRÓFAR LEIKLISTINA** Hallur Ingólfsson tónlistarmaður fer með hlutverk í kvikmyndinni Frost. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA








**MIKILL HEIÐUR** Ragnar Jónasson segir það mikinn heiður að stofnuð hafi verið Íslandsdeild innan CWA. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

RAGNAR JÓNASSON: SÝNIR ÁHUGANN Á ÍSLENSKUM GLÆPASÖGUM

# Bresku glæpasagnasamtökin stofna Íslandsdeild

„Mér þótti það mikill heiður að hann skyldi biðja mig um þetta. Þetta sýnir í raun áhugann á íslenskum glæpasögum,“ segir spennusagnahöfundurinn Ragnar Jónasson.

Stjórn bresku glæpasagnasamtakanna, Crime Writers Association (CWA), hefur samþykkt stofnun sérstakrar Íslandsdeildar innan samtakanna. Aðeins níu deildir eru innan samtakanna og er Íslandsdeildin sú fyrsta utan Bretlands. CWA hefur einnig nýlega stofnað samtök fyrir lesendur glæpasagna, The Crime Readers Association.

Ragnar hefur sjálfur verið meðlimur í CWA í tvö ár og hitti formann samtakanna, höfundinn Peter James, á glæpasagnaráðstefnu í Bristol í vor. Þar koma saman höfundar glæpasagna héðan og þaðan úr heiminum og hittast. Ragnar tók þátt í pallborðsumræðum um glæpasögur og ræddi einnig við James, sem er vinsæll höfundur í Bretlandi. „Hann vildi stofna Íslandsdeild, en skandinavískar og íslenskar glæpasögur eru alltaf að vekja meiri og meiri athygli. Ég sagðist vera til í að aðstoða hann,“ segir Ragnar.

Núna geta íslenskir glæpasagnahöfundar því skráð sig á heimasíðu CWA, Thecwa.co.uk, og mun Ragnar taka þátt í að safna félagsmönnum. Útlendingar sem skrifa bækur sem gerast á Íslandi eru einnig gjaldgengir í samtökin og nefnir Ragnar þar til sögunnar höfunda á borð við Michael Ridpath og Quentin Bates. Að sögn Ragnars hefur Peter James einnig mikinn áhuga á að heimsækja Ísland og spjalla við íslenska höfunda.

Sjálfur er Ragnar tilbúinn með sína fjórðu bók, glæpasöguna Rof sem kemur út í október. Hún fjallar um rannsókn á gömlu morðmáli norður í landi, í Héðinsfirði. Þar er mál rannsakað sem átti sér stað fyrir hálfri öld, áður en Héðinsfjarðargöngin voru opnuð og fjörðurinn var enn lokaður eyðifjörður. **freyr@frettabladid.is**

**VIRT SAMTÖK**

CWA eru mjög virt samtök innan alþjóðlega glæpasagnaheimsins, en þau voru stofnuð árið 1953 og hafa tæplega 500 meðlimi. Samtökin veita árlega ein virtustu glæpasagnaverðlaun heims, Gyllta rýtinginn, sem Arnaldur Indriðason hlaut fyrir skáldsögu sína Grafarþögn.






# Sindri heimsækir fagurkera

„Ég er ekki að fara að spyrja fólk hvar það hafi keypt lampann í horninu eða teppið á gólfinu. Við erum meira að fara að skoða heimilin og velta upp spurningum eins og hvað það sé sem geri heimili heimilisleg. Þess á milli kynnumst við viðmælendunum nánar og ræðum hvernig þeir tvinna saman heimilið og lífið,“ segir fréttamaðurinn Sindri Sindrason sem flestum er góðu kunnur úr þáttunum Ísland í dag.

Sindri fer af stað með nýja lífsstílsþætti, Heimsókn, á Stöð 2 þann 15. september. Þar kíkir hann í heimsókn til fólks sem hefur ekki opnað dyr sínar fyrir almenningi áður og kynnist heimilisháttum þeirra og persónulegu lífi. „Fagurkerarnir sem við heimsækjum eru jafn mismunandi og þeir eru margir og allir með mikinn áhuga á fallegum heimilum. Við erum með allt frá hönnuðum og arkitektum til pólitíkusa og svo allt þar á milli,“ segir Sindri og nefnir sem dæmi Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, Rut Káradóttur og Kormák úr Kormáki og Skildi.

Þættina kemur Sindri til með að vinna meðfram Íslandi í dag en sjálfur segist hann vera mikill áhugamaður um falleg heimili og áhugavert fólk. **- trs**



**HEIMSÓKN** Sindri segist vera mikill áhugamaður um falleg heimili og áhugavert fólk, en það er akkúrat það sem nýju þættirnir hans, Heimsókn, fjalla um. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



HAUSTÚTSALA
GÍRAÐU ÞIG UPP
SPARAÐU ALLT AÐ 50%
SIMMS GORE-TEX VÖÐLUR
SIMMS
Eldri gerðir
25 TIL 40% AFSLÁTTUR
SAGE FLUGUSTANGIR
sage
Eldri gerðir
25% AFSLÁTTUR
FLUGUSTANGIR
SCIERRA
REDINGTON
ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR
KASTSTANGIR
RON THOMPSON
DAM
ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR
ÖNDUNARVÖÐLUR
SCIERRA
RON THOMPSON
ALLT AÐ 30% AFSLÁTTUR
FLUGUHJÓL
ALLT AÐ 30% AFSLÁTTUR
KASTHJÓL
okuma
DAM
40% AFSLÁTTUR
SPÚNAR
10 STK Á AÐEINS 1.999
FLUGULÍNUR
RIO
REDINGTON
SCIERRA
ALLT AÐ 40% AFSLÁTTUR
Munið vinsælu gjafabréfin okkar
FLUGUR OG TÚPUR
20% AFSLÁTTUR
VEIÐIHORNIÐ
SÍÐUMÚLI 8 - SÍMI 568 8410

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000** VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Nafngreind í The Guardian

Fréttablaðið greindi frá því í ágúst að breska söngkonan Beth Orton hefði beðið leikstjórana Árna & Kinski og stílistann **Hrafnhildi Hólmgeirsdóttur** um að vinna tónlistarmyndband fyrir sig. Myndbandið var frumsýnt á vefsíðu The Guardian á miðvikudag og þar eru Árni & Kinski og Hrafnhildur öll nafngreind. Ætla má að slík nafnbirting muni auka hróður Hrafnhildar og leikstjóranna tveggja enda þykir myndbandið vel heppnað og The Guardian er lesið um heim allan. Orton ræddi einnig um myndbandið við tónlistartímaritið Rolling Stone þann 13. ágúst og segist þar hafa sótt innblásturinn að myndbandinu til fugla er sátu fyrir utan glugga hennar einn dag.



### Walter Mitty eða Mitt Romney?

Hollywood-stjörnurnar hafa verið landsmönnum hugleiknar undanfarin misseri og fjölmiðlar hafa verið duglegir að segja mismerkilegar fréttir af þeim stjörnum sem hér hafa dvalið. Í gærmorgun var stórstjarnan Ben Stiller til umræðu í morgunútvarpi Rásar 2. **Guðmundur Pálsson** þáttastjórnandi talaði þá um myndina sem Stiller er að taka upp hér á landi. Guðmundur blandaði þó saman fréttunum af stórstjörnunum við fréttir af bandarískri pólitík, sem einnig hefur verið mikið rædd undanfarið. Hann talaði um mynd Stillers, The Secret Life of Walter Mitty, sem The Secret Life of Mitt Romney. Romney er sem kunnugt er forsetaframbjóðandi Repúblikanaflokksins. **- sm, - þeb**



## Mest lesið vísir

1. Fjölskylda myrt í Frakklandi - telpa komst lífs af
2. Fannst undarlegt að borða dýr sem hún var nýbúin að skoða
3. Tóku ofurölvi pilt úr umferð eftir busaball
4. Sparkaði í punginn á kennaranum sínum


**Blaðberinn bíður þín**

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.







**UMBRIA** 2 sæta sófi. B:220 D:87 H:80 cm. 3 sæta sófi. B:210 D:87 H:80 cm. Þrír litir. Einnig fáanlegur sem tungusófi.

FALLEG OG VÖNDUÐ
*dönsk hönnun*

30% AFSLÁTTUR



13.993
FULLT VERÐ: 19.990

**ANDREW**
Borðstofustóll.
Svart og brúnt leður.



FRÁ 4.990
BODUM KAFFIKÖNNUR



**ZONE**
kartöfluburstí.

1.980
NÚ ER UPPSKERUTÍMI

20% AFSLÁTTUR



15.990
FULLT VERÐ: 19.990

**PLUMP** barstóll,
svart leðurlíki.



**SPIZY** Lotus
kertastjakar.
Nokkrir litir.

1.990
ÞEGAR DIMMA TEKUR

10% AFSLÁTTUR



**ALICIA** svefnsófi. Fjórir litir.
B:157 D:85 H:90 cm. Dýna: 130x200 cm.

116.990 FULLT VERÐ: 129.990



HÚSGAGNAHÖLLIN

HÚSGAGNAHÖLLIN • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • sími 558 1100 OPIÐ Virka daga 10-18 laugardaga 11-17 sunnudaga lokað.